

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/85/EB

2004/EES/9/01

frá 20. nóvember 2001

sérákvæði fyrir ökutæki sem eru ætluð til farþegaflutninga og taka fleiri en átta manns í sæti auk ökumanns og um breytingu á tilskipunum 70/156/EBE og 97/27/EB (*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾, með hliðsjón af sameiginlegum texta sem sáttanefndin samþykkti 25. júní 2001,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Innri markaðurinn myndar svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir. Mikilvægt er að samþykkja ráðstafanir í þessu skyni.
- 2) Tæknilegar kröfur, sem tilteknir flokkar vélknúinna ökutækja skulu uppfylla samkvæmt landslögum, varða m.a. sérákvæði um ökutæki sem notuð eru til að flytja farþega og í eru fleiri en átta sæti til viðbótar við sæti ökumanns.
- 3) Þessar kröfur eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars.
- 4) Mismunur á tækniforskriftum hefur komið í veg fyrir að þessi ökutæki hafi verið sett á markað í bandalaginu. Samþykki öll aðildarríkin samræmdar kröfur í stað innlendra reglna auðveldar það eðlilega starfsemi innri markaðarins þegar um þessi ökutæki er að ræða.

5) Því ber nauðsyn til að öll aðildarríki samþykki sömu kröfur, annaðhvort til viðbótar gildandi reglum eða í stað þeirra, einkum til að greiða fyrir framkvæmd EB-gerðarv iðurkenningaraðferðarinnar, sem fjallað var um í tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum ⁽⁴⁾ þannig að hún taki til allra gerða ökutækja.

6) Þessi tilskipun er ein sértilskipananna sem fjalla um EB-gerðarviðurkenningaraðferðina sem var tekin upp með tilskipun 70/156/EBE.

7) Með hliðsjón af umbótum, sem þegar hafa verið gerðar í því skyni að bæta aðgengi að ökutækjum í undirflokkum I og II fyrir hreyfihamlað fólk, skal heimila að meiri halli sé á hluta af gangi þeirra gerða ökutækja sem þegar eru til heldur en heimilt er að sé í nýrri gerðum ökutækja.

8) Í ljósi þess að ekki er hægt að ná á fullnægjandi hátt þeim markmiðum sem stefnt er að með fyrirhuguðum aðgerðum, vegna umfangs og áhrifa þeirra á því sviði sem hér um ræðir, þ.e. að forðast viðskiptahindranir innan bandalagsins með beitingu EB-gerðarviðurkenningar ökutækja að því er varðar slík ökutæki, og að auðveldara er að ná þeim á vettvangi bandalagsins er bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifráðisregluna, eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 42, 13.2.2002, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2002 frá 8. nóvember 2002 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 4, 23.1.2003, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 17, 20.1.1998, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 129, 27.4.1998, bls. 5.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 18. nóvember 1998 (Stjtið. EB C 379, 7.12.1998, bls. 80) staðfest 27. október 1999 (Stjtið. EB C 154, 5.6.2000, bls. 47), sameiginleg afstaða ráðsins frá 26. september 2000 (Stjtið. EB C 370, 22.12.2000, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 14. febrúar 2001 (Stjtið. EB C 276, 1.10.2001, bls. 124). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 3. október 2001 og ákvörðun ráðsins frá 8. október 2001.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/91/EB (Stjtið. EB L 11, 16.1.1999, bls. 25).

9) Svo að greina megi milli nýrra gerða ökutækja og þeirra sem fyrir eru er nauðsynlegt að vísa til tilskipunar 76/756/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ljósa- og ljósmerkjabúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra ⁽¹⁾.

10) Rétt er að taka tillit til þeirra tæknilegu krafna sem fyrir hendi eru og efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UN/ECE) samþykkti með reglugerð sinni nr. 36 („Samræmd ákvæði um viðurkenningu á stórum farþegabifreiðum að því er varðar almenna smíði þeirra“), reglugerð sinni nr. 52 („Samræmd ákvæði um smíði ökutækja í opinberri þjónustu með litla flutningsgetu“), reglugerð sinni nr. 66 („Samræmd ákvæði um viðurkenningu á stórum farþegabifreiðum að því er varðar styrk burðarvirkis yfirbyggingar“) og reglugerð sinni nr. 107 („Samræmd ákvæði um viðurkenningu á stórum tveggja hæða farþegabifreiðum að því er varðar almenna smíði þeirra“) sem eru í viðauka við samninginn frá 20. mars 1958 um samþykkt samræmdra skilyrða um viðurkenningu og gagnkvæma viðurkenningu á viðurkenningum á búnaði og hlutum í vélknúin ökutæki.

11) Meginmarkmið þessarar tilskipunar er að tryggja öryggi farþega en einnig er nauðsynlegt að ákveða tækniforskriftir í þeim tilgangi að auðvelda hreyfihömluðu fólki aðgengi að þeim ökutækjum sem falla undir tilskipunina í samræmi við stefnu bandalagsins í flutninga- og félagsmálum. Allt kapp skal lagt á að bæta aðgengi að þessum ökutækjum. Í þessu augnamiði má ná markmiðinu um aðgengi hreyfihamlaðra annaðhvort með tæknilegum lausnum varðandi ökutækið, í samræmi við gildissvið þessarar tilskipunar, eða með því að tengja þær við videigandi, staðbundið grunnvirki í því skyni að tryggja aðgengi fólks í hjólastólum.

12) Í ljósi þess sem að framan greinir er nauðsynlegt að breyta tilskipun 70/156/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/27/EB frá 22. júlí 1997 um massa og mál tiltekinna flokka vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra ⁽²⁾.

13) Nauðsynlegar ráðstafanir til að koma þessari tilskipun í framkvæmd skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽³⁾.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

— „ökutæki“: öll ökutæki í flokki M₂ eða M₃ samkvæmt skilgreiningu í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE,

— „yfirbygging“: aðskilin tæknieining samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. tilskipunar 70/156/EBE,

— „undirflokkur ökutækja“: ökutæki sem er í samræmi við lýsinguna á undirflokknum sem tilgreind er í I. viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Frá og með 13. ágúst 2003 er aðildarríkjunum óheimilt að synja um EB-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu:

— ökutækis,

— yfirbyggingar,

— ökutækis þar sem yfirbyggingin hefur þegar verið viðurkennd sem aðskilin tæknieining,

eða synja þess eða leggja bann við því að ökutæki eða yfirbygging séu seld, skráð eða tekin í notkun sem aðskilin tæknieining af ástæðum er varða ákvæði um ökutæki sem notuð eru til að farþegaflutninga og í eru fleiri sæti en átta til viðbótar við sæti ökumanns ef kröfum þessarar tilskipunar og viðaukum við hana er fullnægt.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu einnig gilda um lággólfsökutæki í undirflokki I eða II, sem veitt var gerðarviðurkenning fyrir 13. ágúst 2002, í samræmi við tilskipun 76/756/EBE og falla undir ákvæðið um 12,5% halla gangs í lið 7.7.6.2 í I. viðauka.

3. Með fyrirvara um ákvæði 4. mgr. hér að neðan sem gilda frá 13. febrúar 2004:

— skulu aðildarríkin hætta að gefa út EB-gerðarviðurkenningar fyrir gerðir ökutækja eða gerðir yfirbyggingar sem teljast vera aðskildar tæknieingar,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/28/EB (Stjtið. EB L 171, 30.6.1997, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 233, 25.8.1997, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

— er aðildarríkjunum heimilt að synja um að ný ökutæki og nýjar yfirbyggingar, sem aðskildar tæknieiningar, séu skráð, seld eða tekin í notkun,

af ástæðum sem tengjast ákvæðum um ökutæki sem eru ætluð til farþegaflutninga og í eru fleiri sæti en átta til viðbótar við sæti ökumanns ef kröfum þessarar tilskipunar og viðaukum við hana er ekki fullnægt.

4. Frá og með 13. febrúar 2005 er aðildarríkjunum heimilt að synja þess að ný ökutæki eða nýjar yfirbyggingar, sem aðskildar tæknieiningar, og veitt hefur verið gerðarviðurkenning samkvæmt ákvæðum 2. mgr., séu skráð, seld eða tekin í notkun

3. gr.

1. Ökutæki í undirflokkum I skulu vera aðgengileg fyrir hreyfihamlað fólk, þ.m.t. fólk í hjólastólum, samkvæmt tækniákvæðunum sem mælt er fyrir um í VII. viðauka.

2. Aðildarríkjunum skal vera frjálst að velja þá lausn sem hentar best til að ná markmiðinum um bætt aðgengi að öðrum ökutækjum en í undirflokkum I. Þó skulu þau uppfylla viðeigandi kröfur í VII. viðauka ef ökutækin, önnur en þau sem tilheyra undirflokkum I, eru með búnað fyrir hreyfihamlað fólk og/eða fólk í hjólastólum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 70/156/EB:

1. í I. viðauka:

a) eftirfarandi liðir bætist við lið 0.2:

„0.2.0.1. Undirvagn:

0.2.0.2. Yfirbygging/fullbúið ökutæki: “;

b) eftirfarandi liðir bætist við lið 0.3:

„0.3.0.1. Undirvagn:

0.3.0.2. Yfirbygging/fullbúið ökutæki: “;

c) eftirfarandi liðir bætist við lið 0.3.1:

„0.3.1.1. Undirvagn:

0.3.1.2. Yfirbygging/fullbúið ökutæki: “;

d) eftirfarandi liðir bætist við lið 2.4.2:

„2.4.2.9. Staðsetning þyngdarmiðju ökutækis við leyfilegan hámarks massa með hleðslu gegnum lengdar-, breiddar- og hæðarmiðjuplan:

e) eftirfarandi liður er felldur inn:

„2.4.3. Fyrir yfirbyggingu án undirvagns

2.4.3.1. Lengd (j):

2.4.3.2. Breidd (k):

2.4.3.3. Nafnhæð (ökutæki tilbúið til aksturs) ⁽¹⁾ fyrirhugaðs undirvagns eða -vagna (ef upphengjur eru stillanlegar fyrir hæð skal gefa upp eðlilega stöðu við akstur):

f) eftirfarandi komi í stað 13. liðar:

„13. SÉRÁKVÆÐI UM ÖKUTÆKI SEM ERU NOTUÐ TIL AÐ FLYTJA FARÞEGA OG Í ERU FLEIRI EN ÁTTA SÆTI TIL VIÐBÓTAR VIÐ SÆTI ÖKUMANNS

13.1. Undirflokkur ökutækis (undirflokkur I, undirflokkur II, undirflokkur III, undirflokkur A, undirflokkur B):

13.1.1. Númer EB-gerðarviðurkenningar fyrir yfirbyggingar sem eru viðurkenndar sem aðskildar tæknieiningar:

- 13.1.2. Gerðir undirvagna þar sem hægt er að setja upp yfirbyggingu sem fengið hefur EB-gerðarviðurkenningu (framleiðandi/framleiðendur og gerðir ófullbúinna ökutækja):
- 13.2. Svæði fyrir farþega (m^2)
- 13.2.1. Samtals (S_0):
- 13.2.2. Efri hæð (S_{0a}) (1):
- 13.2.3. Neðri hæð (S_{0b}) (1):
- 13.2.4. Fyrir standandi farþega (S_1):
- 13.3. Fjöldi farþega (sitjandi og standandi)
- 13.3.1. Samtals (N):
- 13.3.2. Efri hæð (N_a) (1):
- 13.3.3. Neðri hæð (N_b) (1):
- 13.4. Fjöldi farþega í sætum
- 13.4.1. Samtals (A):
- 13.4.2. Efri hæð (A_a) (1):
- 13.4.3. Neðri hæð (A_b) (1):
- 13.5. Fjöldi farþegadyra:
- 13.6. Fjöldi neyðarútganga (dyr, gluggar, neyðarlúgur, tengistigar og hálfir stigar)
- 13.6.1. Samtals:
- 13.6.2. Efri hæð (1):
- 13.6.3. Neðri hæð (1):
- 13.7. Rúmmál farangursrýmis (m^3):
- 13.8. Flatarmál svæðis á þaki fyrir farangur (m^2):
- 13.9. Tæknibúnaður sem auðveldar aðgang að ökutækjum (t.d. skábraut, lyftupallur, innstigslekkun) ef hann fylgir:
- 13.10. Styrkur burðarvirkis yfirbyggingar
- 13.10.1. EB-gerðarviðurkenningarnúmer, ef það er fyrir hendi:
- 13.10.2. Fyrir burðarvirki yfirbyggingar sem hafa ekki verið viðurkennd
- 13.10.2.1. Nákvæm lýsing á burðarvirki yfirbyggingar gerðar ökutækis, þar á meðal stærðum þess, lögun og smíðaeftir og festingu þess á grind hvaða undirvagns sem er:
- 13.10.2.2. Teikningar af ökutækinu og þeim hlutum í innra skipulagi þess sem hafa áhrif á styrk burðarvirkis yfirbyggingarinnar eða á það rými sem eftir er:
- 13.10.2.3. Staðsetning þyngdarmiðju ökutækis, sem er tilbúin til aksturs, gegnum lengdar-, breiddar- og hæðarmiðjuplan:
- 13.10.2.4. Hámarksfjarlægð milli miðlína ystu farþegasæta:
- 13.11. Þeir liðir í þessari tilskipun sem þarf að koma í framkvæmd og sýna fram á að því er varðar þessa aðskildu tæknieiningu:

2. eftirfarandi liður er felldur inn í hluta III. viðauka:

- „13. SÉRÁKVÆÐI UM ÖKUTÆKI SEM ERU NOTUÐ TIL AÐ FLYTJA FARÞEGA OG Í ERU FLEIRI EN ÁTTA SÆTI TIL VIÐBÓTAR VIÐ SÆTI ÖKUMANNS
- 13.1. Undirflokkur ökutækis (undirflokkur I, undirflokkur II, undirflokkur III, undirflokkur A, undirflokkur B):
- 13.1.1. Gerðir undirvagna þar sem hægt er að setja upp yfirbyggingu sem fengið hefur EB-gerðarviðurkenningu (framleiðandi/framleiðendur og gerð/gerðir ökutækis/-tækja):
- 13.3. Fjöldi farþega (sitjandi og standandi)
- 13.3.1. Samtals (N):
- 13.3.2. Efri hæð (N_a) ⁽¹⁾:
- 13.3.3. Neðri hæð (N_b) ⁽¹⁾:
- 13.4. Fjöldi farþega (í sætum)
- 13.4.1. Samtals (A):
- 13.4.2. Efri hæð (A_a) ⁽¹⁾:
- 13.4.3. Neðri hæð (A_b) ⁽¹⁾:“;

3. í IV. viðauka:

a) eftirfarandi komi í stað 52. liðar í I. hluta:

„52	Viðfangsefni	Númer tilskipunar	Tilvísun í Stjórnartíðindi EB	Gildissvið										
				M ₁	M ₂	M ₃	N ₁	N ₂	N ₃	O ₁	O ₂	O ₃	O ₄	
	Hópbifreiðar og langferðabifreiðar	.../.../EB	L		X	X								

b) eftirfarandi komi í stað 52. liðar í II. hluta:

„52	Viðfangsefni	Númer grunnreglugerðar	Röð breytinga	Viðbót	Leiðrétting
	Styrkur yfirbyggingar (hópbifreiðar)	66	—	1 til 00	—“

5. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á I. viðauka tilskipunar 97/27/EB:

1. liðir 2.1.2.1 til 2.1.2.2.1.4. falli niður;

2. eftirfarandi liður er felldur inn:

- „2.1.2.1. „Hópbifreið eða langferðabifreið“: ökutæki eins og skilgreint er í 1. lið í I. viðauka við tilskipun .../.../EB.
- 2.1.2.2. „Undirflokkur hópbifreiðar eða langferðabifreiðar“: ökutæki í undirflokki eins og skilgreint er í lið 2.1.1 og 2.1.2 í I. viðauka við tilskipun .../.../EB.

- 2.1.2.3. „Liðskipt áætlanabifreið eða langferðabifreið“: ökutæki eins og skilgreint er í lið 2.1.3 í I. viðauka við tilskipun .../.../EB.
- 2.1.2.4. „Tveggja hæða áætlanabifreið eða langferðabifreið“: ökutæki eins og skilgreint er í lið 2.1.6 í I. viðauka við tilskipun .../.../EB.“

6. gr.

Þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru fyrir aðlögun þessarar tilskipunar að tækniframförum skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 2. mgr. 7. gr.

7. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum sem sett var á stofn með 13. gr. tilskipunar 70/156/EBE (sem nefnist hér á eftir „nefndin“).
2. Þegar vísað er í þessa málsgrein skulu ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

8. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 13. ágúst 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

9. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

10. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. nóvember 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. NEYTS-UYTTEBROECK

forseti.

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

- I. viðauki: Gildissvið, skilgreiningar, umsókn um EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki eða um gerðarviðurkenningu fyrir yfirbyggingu sem aðskilda tæknieiningu, breytingar á gerð ökutækis eða yfirbyggingar, samræmi í framleiðslu og kröfur.
- Viðbætur: Sannprófun með útreikningi á hallamörkum í kyrrstöðu.
- II. viðauki: EB-gerðarviðurkenningarskjöl
1. viðbætur: Upplýsingaskjöl
- Undirviðbætur 1: Upplýsingaskjal fyrir gerð ökutækis
- Undirviðbætur 2: Upplýsingaskjal fyrir gerð yfirbyggingar
- Undirviðbætur 3: Upplýsingaskjal fyrir gerð ökutækis með yfirbyggingu sem þegar hefur verið viðurkennd sem aðskilin tæknieining
2. viðbætur: EB-gerðarviðurkenningarvottorð
- Undirviðbætur 1: EB-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir gerð ökutækis
- Undirviðbætur 2: EB-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir gerð yfirbyggingar
- Undirviðbætur 3: EB-viðurkenningarvottorð fyrir gerð ökutækis með yfirbyggingu sem þegar hefur verið viðurkennd sem aðskilin tæknieining
- III. viðauki: Skýringarmyndir
- IV. viðauki: Styrkur burðarvirkis yfirbyggingar
1. viðbætur: Veltuprófun á fullbúnu ökutæki
2. viðbætur: Veltuprófun á hluta yfirbyggingar
3. viðbætur: Pendúlprófun á hluta yfirbyggingar
- Undirviðbætur 1: Útreikningur á heildarorku
- Undirviðbætur 2: Kröfur um dreifingu mikilvægustu hluta burðarvirkis yfirbyggingarinnar sem taka til sín orku
4. viðbætur: Sannprófun með útreikningi á styrk burðarvirkis yfirbyggingar
- V. viðauki: Leiðbeiningar um mælingu á lokunarkrafti fjarstyrðra hurða
- VI. viðauki: Sérkröfur fyrir ökutæki sem rúma 22 farþega eða færri
- VII. viðauki: Kröfur um tæknibúnað sem auðveldar aðgengi hreyfihamlaðs fólks
- VIII. viðauki: Sérkröfur fyrir tveggja hæða ökutæki
- Viðbætur: Gangar
- IX. viðauki: EB-gerðarviðurkenning fyrir aðskilda tæknieiningu og EB-gerðarviðurkenning ökutækis með yfirbyggingu sem þegar hefur verið viðurkennd sem aðskilin tæknieining

I. VIÐAUKI

GILDISSVIÐ, SKILGREININGAR, UMSÓKN UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU FYRIR ÖKUTÆKI EÐA UM GERÐARVIÐURKENNINGU FYRIR YFIRBYGGINGU SEM AÐSKILDA TÆKNIEININGU, BREYTINGAR Á GERÐ ÖKUTÆKIS EÐA YFIRBYGGINGAR, SAMRÆMI Í FRAMLEIÐSLU OG KRÖFUR

1. GILDISSVIÐ
 - 1.1. Þessi tilskipun gildir um öll ökutæki, einnar hæðar, tveggja hæða, ósveigjanleg eða liðskipt, í flokki M₂ eða M₃ samkvæmt skilgreiningu í A-hluta II. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EBE.
 - 1.2. Kröfur þessarar tilskipunar gilda þó ekki um eftirfarandi ökutæki:
 - 1.2.1. ökutæki sem nota skal til öryggisflutninga á fólki, t.d. á fönfum;
 - 1.2.2. ökutæki sem eru sérstaklega hönnuð til að flytja slasað eða veikt fólk (sjúkrabifreiðar);
 - 1.2.3. torfærutæki;
 - 1.2.4. ökutæki sem eru sérstaklega hönnuð til að flytja skólabörn þar til þessari tilskipun hefur verið breytt í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 2. mgr. 7. gr.
 - 1.3. Kröfur þessarar tilskipunar gilda um eftirfarandi ökutæki þó aðeins að því marki sem þau samræmast fyrirhugaðri notkun þeirra og hlutverki:
 - 1.3.1. ökutæki hönnuð til nota fyrir lögreglu, öryggissveitir og vopnaðar sveitir;
 - 1.3.2. ökutæki sem eru með sætum sem eru eingöngu ætluð til nota meðan ökutækið er kyrrstætt en eru ekki hönnuð til að flytja fleiri en átta farþega (ökumaður ekki meðtalinn) þegar það er á ferð. Dæmi um slík ökutæki eru bókabílar, kirkjubílar og færanlegar sjúkrahúseiningar. Sætin í ökutækjum af þessu tagi, sem eru ætluð til nota þegar ökutækið er á ferð, verða að vera greinilega auðkennd fyrir notendur þeirra.
2. SKILGREININGAR

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

 - 2.1. „ökutæki“: ökutæki í flokki M₂ eða M₃ samkvæmt skilgreiningu í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.
 - 2.1.1. Sé um að ræða ökutæki sem rúma fleiri en 22 farþega auk ökumanns er um þrjá undirflokka ökutækja að ræða:
 - 2.1.1.1. „Undirflokkur I“: ökutæki þar sem gert er ráð fyrir rými fyrir standandi farþega og tíða hreyfingu á farþegum;
 - 2.1.1.2. „Undirflokkur II“: ökutæki ætluð til flutninga á farþegum í sætum og þar sem gert er ráð fyrir standandi farþegum í gangi og/eða á svæði sem ekki tekur meira rými en tvö tveggja manna sæti;
 - 2.1.1.3. „Undirflokkur III“: ökutæki sem eingöngu eru ætluð til flutninga á farþegum í sætum.Ökutæki getur talist til fleiri en eins undirflokks. Í því tilviki má veita því viðurkenningu í þeim undirflokkum sem það samræmist.
 - 2.1.2. Sé um að ræða ökutæki sem rúma færri en 22 farþega auk ökumanns er um tvo undirflokka ökutækja að ræða:
 - 2.1.2.1. „Undirflokkur A“: ökutæki sem eru hönnuð til flutninga á standandi farþegum; ökutæki í þessum undirflokki er búið sætum og hefur rými fyrir standandi farþega;
 - 2.1.2.2. „Undirflokkur B“: ökutæki sem ekki eru hönnuð til flutninga á standandi farþegum; ökutæki í þessum undirflokki hefur ekki rými fyrir standandi farþega.

- 2.1.3. „Liðskipt ökutæki“: ökutæki sem er samsett úr tveimur eða fleiri ósveigjanlegum hlutum sem eru tengdir saman með liðamótum. Innangengt er á milli farþegavagnanna og farþegar geta farið hindrunarlaust á milli þeirra. Ósveigjanlegu hlutarnir eru varanlega tengdir og aðeins er hægt að ná þeim í sundur með búnaði sem er yfirleitt aðeins fyrir hendi á verkstæðum.
- 2.1.3.1. „Tveggja hæða liðskipt ökutæki“: ökutæki sem er samsett úr tveimur eða fleiri ósveigjanlegum hlutum sem eru tengdir saman með liðamótum. Innangengt er á milli farþegavagnanna á a.m.k. annarri hæðinni þannig að farþegar geta farið hindrunarlaust á milli þeirra. Ósveigjanlegu hlutarnir eru varanlega tengdir og aðeins er hægt að ná þeim í sundur með búnaði sem er yfirleitt aðeins fyrir hendi á verkstæðum.
- 2.1.4. „Lággólfsstrætisvagn“: ökutæki í undirflokki I, II eða A þar sem a.m.k. 35% þess rýmis sem er ætlað standandi farþegum (eða í fremri hlutanum ef um er að ræða liðskipt ökutæki eða á neðri hæðinni ef um er að ræða tveggja hæða ökutæki) er svæði án þrepa og þar má koma fyrir a.m.k. einum farþegadyrum.
- 2.1.5. „Yfirbygging“: aðskilin tæknieining samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. tilskipunar 70/156/EBE sem nær yfir allan innri og ytri sérþúnað ökutækisins.
- 2.1.6. „Tveggja hæða ökutæki“: ökutæki þar sem farþegarýmið er a.m.k. að hluta til á tveimur hæðum og ekki gert ráð fyrir standandi farþegum á þeirri efri.
- 2.2. „skilgreining á gerð(um)“:
- 2.2.1. „gerð ökutækis“: ökutæki sem eru ekki verulega frábrugðin hvert öðru m.t.t.:
- framleiðanda yfirbyggingar,
 - framleiðanda undirvagns,
 - grunnbyggingar ökutækis (> 22 farþegar) eða (≤ 22 farþegar),
 - grunngerðar yfirbyggingar (einnar/tveggja hæða, liðskipt, lággólfsökutæki),
 - gerðar yfirbyggingar ef yfirbyggingin hefur verið viðurkennd sem aðskilin tæknieining;
- 2.2.2. „gerð yfirbyggingar“ hafi hún hlotið gerðarviðurkenningu sem aðskilin tæknieining: flokkur yfirbyggingar sem ekki eru verulega frábrugðnar hver annarri m.t.t. eftirfarandi atriða:
- framleiðanda yfirbyggingar,
 - grunnbyggingar ökutækis (> 22 farþegar) eða (≤ 22 farþegar),
 - grunngerðar yfirbyggingar (einnar/tveggja hæða, liðskipt, lággólfsökutæki),
 - massa yfirbyggingar fullbúins ökutækis með mest 10% frávik, og
 - þeirra gerða ökutækja sem tilgreindar eru m.t.t. gerðar yfirbyggingar sem setja má á þau;
- 2.3. „viðurkenning ökutækis eða aðskilinnar tæknieiningar“: viðurkenning gerðar ökutækis eða gerðar yfirbyggingar samkvæmt skilgreiningu í lið 2.2 í þessum viðauka að því er varðar smíðaeinkenni sem tilgreind eru í þessari tilskipun;
- 2.4. „burðarvirki yfirbyggingar“: sá hluti yfirbyggingar sem eykur styrkleika ökutækisins ef til þess kæmi að það ylti;
- 2.5. „farþegadyr“: dyr ætlaðar fyrir farþega við eðlilegar aðstæður og þegar ökumaður situr í sæti sínu;
- 2.6. „tvíbreiðar dyr“: dyr sem gefa möguleika á tvöföldu dyrarými eða jafngildi þess;
- 2.7. „rennihurð“: dyr sem opna má eða loka með því einu að renna hurðinni eftir einum eða fleiri sleðum sem liggja u.þ.b. eftir beinni línu;

- 2.8. „neyðardyr“: dyr ætlaðar sem útgönguleið fyrir farþega við óvenjulegar aðstæður eingöngu, einkum í neyðartilviki;
- 2.9. „neyðargluggi“: gluggi, þarf ekki að vera úr gleri, ætlaður sem útgönguleið fyrir farþega eingöngu í neyðartilviki;
- 2.10. „tvöfaldur eða margskiptur gluggi“: neyðargluggi sem skiptist í tvo eða fleiri hluta ef honum skipt niður með ímyndaðri(uðum), lóðrétttri(um) línu(m) (eða pláni/plönnum) og hver hluti uppfyllir kröfurnar um mál og aðgengi sem gilda um venjulegan neyðarglugga;
- 2.11. „neyðarlúga“: þaklúga eða gólfhleri ætlaður sem neyðarútgangur fyrir farþega eingöngu í neyð;
- 2.12. „neyðarútgangur“: neyðardyr, neyðargluggi eða neyðarlúga;
- 2.13. „útgangur“: farþegadyr, tengistigi, hálfur stigi eða neyðarútgangur;
- 2.14. „gólf eða gólf efri hæðar“: sá hluti yfirbyggingar þar sem efra yfirborð myndar burðarflöt fyrir standandi farþega, fætur farþega í sætum og ökumanninn og hvern og einn starfsmann og veitir e.t.v. festu fyrir sætisfestingar;
- 2.15. „gangur“: það rými sem veitir farþegum aðgang úr einu sæti eða sætaröð til hvaða annars sætis eða sætaraðar sem er eða aðgangsrými frá eða til hvaða farþegadyra eða tengistiga eða rýmis sem vera skal og ætlað er standandi farþegum; til þess telst ekki:
- 2.15.1. 300 mm rými fyrir framan öll sæti, nema ef um er að ræða hliðarsæti sem er ofan við hjólskálina en þá má minnka bilið niður í 225 mm,
- 2.15.2. rými fyrir ofan yfirborð allra þrepa eða stiga, eða
- 2.15.3. það rými sem veitir einungis aðgang að einu sæti eða sætisröð eða að sætum eða sætaröðum sem snúa gegnt hver annarri og eru þversum;
- 2.16. „dyrarými“: rými sem nær inn eftir ökutækinu frá farþegadyrum að ystu brún efra þreps (jaðar gangsins), tengistiga eða hálfstiga. Sé ekkert dyraþrep er rýmið sem ætlað er sem dyrarými jafn stórt og mælt er í samræmi við lið 7.7.1 að bili sem nemur 300 mm frá byrjunarstað við innri flöt tvöfalda þilsins;
- 2.17. „stýrishús“: rými eingöngu ætlað til nota fyrir ökumann nema í neyðartilvikum og þar er sæti ökumanns, stýrishjól, stjórnþæki, þæki og annar búnaður sem er nauðsynlegur til að aka og stjórna ökutækinu;
- 2.18. „massi ökutækis, tilbúins til aksturs“: massi eins og skilgreint er í lið 2.5 í I. viðauka við tilskipun 97/27/EB;
- 2.19. „tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu“: massi eins og skilgreint er í lið 2.6 í I. viðauka við tilskipun 97/27/EB;
- 2.20. „farþegi“: einstaklingur annar en ökumaður eða starfsmaður;
- 2.21. „hreyfihamlaðir farþegar“: allir þeir sem eiga örðugt með að nota almenningsamgöngur, t.d. fatlað fólk (einnig fólk með skerta skynjun og greind og fólk sem notar hjólastóla), fólk sem vantar útlími, smávaxið fólk, fólk með þungan fangur, aldraðir, þungaðar konur, fólk með innkaupakörfur og fólk með börn (einnig börn í kerrum);
- 2.22. „maður í hjólastól“: maður sem notar hjólastól til að komast áfram vegna hrumleika eða fötlunar;
- 2.23. „starfsmaður“: einstaklingur sem hefur þann starfa að vera aðstoðarökumaður eða e.t.v. aðstoðarmaður;

- 2.24. „farþegarými“: rými ætlað til nota fyrir farþega nema það rými þar sem áfastur búnaður er til staðar, t.d. barir, eldhúskrókar, snyrtiaðstaða eða farangursrými/rými fyrir varning;
- 2.25. „fjarstýrðar farþegadyr“: farþegadyr sem eingöngu eru knúnar með annarri orku en vöðvaafli og opnun þeirra og lokun er fjarstýrt af ökumanni eða starfsmanni, nema þær séu sjálfvirkar;
- 2.26. „sjálfvirkar farþegadyr“: farþegadyr sem aðeins er hægt að opna (á annan hátt en með neyðarstjórnþæki) eftir að farþegi hefur beitt stjórnþæki og eftir að ökumaður hefur gert stjórnþækin virk, en þá lokast þær aftur sjálfkrafa;
- 2.27. „sjálfvirkur stöðuhemill“: sjálfvirkur búnaður sem kemur í veg fyrir að hægt sé að aka af stað úr kyrrstöðu;
- 2.28. „farþegadyr sem ökumaður stjórnar“: farþegadyr sem ökumaður sér yfirleitt um að opna og loka;
- 2.29. „frátekið sæti“: sæti með viðbótarrými fyrir hreyfihamlaðan farþega og er sérmerkt sem slíkt;
- 2.30. „inngangshjálparbúnaður“: búnaður sem auðveldar aðgengi hjólastóla að ökutækjum, t.d. lyftur, skábrautir, o.s.frv.;
- 2.31. „innstigslægkun“: búnaður sem lækkar og lyftir allri yfirbyggingu ökutækis eða hluta hennar miðað við venjulega stöðu hennar á ferð;
- 2.32. „lyfta“: búnaður eða kerfi með palli sem hægt er lyfta og lækka til að tryggja að farþegum sé greið leið frá gólfri farþegarýmisins og niður á jörðina eða gangstéttarbrúnina;
- 2.33. „skábraut“: búnaður til að brúa bil milli gólfsins í farþegarýminu og jarðar eða gangstéttarbrúnar;
- 2.34. „færanleg skábraut“: skábraut sem hægt er að losa frá burðarvirki ökutækis og ökumaður eða starfsmaður getur meðhöndlað;
- 2.35. „færanlegt sæti“: sæti sem auðvelt er að taka úr ökutækinu;
- 2.36. „framan“ og „aftan“: vísar til framhluta eða afturhluta ökutækis í samræmi við venjulega stefnu á ferð og líta ber á hugtökin „fram á við“ „fremstur“, „aftur á bak“ og „aftast“ í samræmi við það;
- 2.37. „tengistigi“: stigi sem gerir farþegum kleift að komast á milli hæða;
- 2.38. „sérrými“: rými í ökutæki sem farþegar eða starfsmenn nýta þegar ökutækið er í notkun og er aðskilið öllu öðru rými fyrir farþega eða starfsmenn nema þar sem hvers kyns skilveggir gera farþegum kleift að sjá inn í næsta farþegarými og er tengt með gangi sem ekki eru dyr á;
- 2.39. „hálfur stigi“: stigi af efri hæðinni sem endar við neyðardyr.

3. UMSÓKN UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU FYRIR ÖKUTÆKI EÐA YFIRBYGGINGU SEM AÐSKILDA TÆKNIEININGU

- 3.1. Hlutaðeigandi framleiðendur skulu leggja inn umsóknir um EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki eða um EB-gerðarviðurkenningu fyrir aðskilda tæknieiningu eða um EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki með yfirbyggingu sem þegar hefur verið veitt viðurkenning sem aðskilinni tæknieiningu skv. 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE fyrir gerð ökutækis eða yfirbyggingar eða gerð ökutækis með yfirbyggingu sem þegar hefur verið veitt viðurkenning sem aðskilinni tæknieiningu að því er varðar sérákvæði hennar um ökutæki sem notuð eru til farþegaflutninga og í eru fleiri sæti en átta til viðbótar við sæti ökumanns.

- 3.2. Þegar um er að ræða umsókn um EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki sem sett er saman úr undirvagni með gerðarviðurkenndri yfirbyggingu vísar heitið „framleiðandi“ til þess sem annast samsetninguna.
- 3.3. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í 1. viðbæti við II. viðauka:
- Undirviðbætur 1: fyrir gerð ökutækis,
- Undirviðbætur 2: fyrir gerð yfirbyggingar og
- Undirviðbætur 3: fyrir gerð ökutækis með yfirbyggingu sem þegar hefur verið viðurkennd sem aðskilin tæknieining
- 3.4. Látta ber tækniþjónustunni, sem ber ábyrgð á framkvæmd prófana vegna gerðarviðurkenningar, í té ökutæki eða yfirbyggingu sem eru dæmigerð fyrir þá gerð sem viðurkenna á og eru búin sérbúnaði.
4. VEITING EB-GERÐARVIÐURKENNINGAR ÖKUTÆKIS
- 4.1. EB-gerðarviðurkenning skal veitt, skv. 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE, ef viðeigandi kröfum er fullnægt.
- 4.2. Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu er að finna í 2. viðbæti við II. viðauka:
- Undirviðbætur 1: fyrir gerð ökutækis,
- Undirviðbætur 2: fyrir gerð yfirbyggingar,
- Undirviðbætur 3: fyrir gerð ökutækis með yfirbyggingu sem þegar hefur verið viðurkennd sem aðskilin tæknieining,
- 4.3. Allar viðurkenndar gerðir ökutækis eða yfirbyggingar skulu fá viðurkenningarnúmer í samræmi við ákvæði VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Sama aðildarríki er óheimilt að úthluta annarri gerð ökutækis eða gerð yfirbyggingar sama númeri.
- 4.4. *Merkingar*
- 4.4.1. Ef yfirbyggingu hefur verið veitt EB-gerðarviðurkenning sem aðskilinni tæknieiningu skal vera á henni:
- 4.4.1.1. vörumerki eða viðskiptaheiti framleiðanda yfirbyggingarinnar;
- 4.4.1.2. verslunarheiti framleiðanda;
- 4.4.1.3. EB-gerðarviðurkenningarnúmer eins og tilgreint er í lið 4.3.
- 4.4.2. Merkin skulu vera óafmáanleg og vel læsileg jafnvel þó yfirbyggingin sé áföst ökutækinu.
5. BREYTINGAR Á GERÐUM OG Á VIÐURKENNINGU
- 5.1. Ákvæði 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE gilda þegar gerðar eru breytingar á gerð ökutækis eða yfirbyggingar sem er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun.
6. SAMRÆMI FRAMLEIÐSLU
- Gera ber ráðstafanir til að tryggja samræmi framleiðslu í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE.
7. KRÖFUR
- 7.1. *Almennt*
- 7.1.1. Ef annað er ekki tekið fram skulu allar mælingar gerðar meðan ökutækið er tilbúið til aksturs með eigin massa og stendur á sléttu og láréttu yfirborði jarðar í venjulegu akstursástandi. Ef ökutækið er búið innstíglækkun skal uppsetningin vera þannig að ökutækið sé í venjulegri aksturshæð. Ef yfirbygging hefur verið viðurkennd sem aðskilin tæknieining skal framleiðandi tilgreina hver afstaða yfirbyggingar er miðað við flatt, lárétt yfirborð.

- 7.1.2. Í þeim tilvikum, í þessari tilskipun, þar sem krafa er gerð um að einhver flötur ökutækis sé láréttur eða myndi tiltekið horn þegar ökutækið er tilbúið til aksturs með eigin massa, ef um er að ræða ökutæki með vélrænan fjöðrunarbúnað, má halli yfirborðsins vera meiri en þessi halli eða vera hallandi þegar ökutækið er tilbúið til aksturs með eigin massa, að því tilskildu að þessari kröfu sé fullnægt þegar ökutækið er hlaðið eins og tilgreint er af framleiðanda. Ef ökutækið er búið innstigs-lækkun skal hún ekki vera notkun.
- 7.2. *Farþegarými*
- 7.2.1. Heildarflatarmál yfirborðs S_0 fyrir farþegarými er reiknað út með því að draga frá heildargólfflatarmáli ökutækisins:
- 7.2.1.1. flatarmál stýrishússins;
- 7.2.1.2. flatarmál þrepa við dyr og flatarmál allra annarra þrepa sem eru innan við en 300 mm að dýpt og flatarmál sem dyrnar og vélbúnaður þeirra ná yfir þegar þær opnast og lokast;
- 7.2.1.3. flatarmál hvers hluta þar sem frjáls hæð ofan við gólf er innan við 1350 mm mæld frá gólfi án tillits til skerðingar rýmis sem heimiluð er í liðum 7.7.8.6.3 og 7.7.8.6.4. Ef um er að ræða ökutæki í undirflokk A eða B má minnka þessa stærð í 1 200 mm;
- 7.2.1.4. flatarmál hvers hluta ökutækisins sem farþegum er meinaður aðgangur að eins og skilgreint er í lið 7.9.4;
- 7.2.1.5. flatarmál alls rýmis sem er einungis ætlað til flutninga á vörum eða farangri og farþegum er meinaður aðgangur að;
- 7.2.1.6. flatarmál sem nauðsynlegt er til að hafa autt vinnusvæði fyrir afgreiðsluborð;
- 7.2.1.7. flatarmál gólfs þar sem eru stigar, hálfstigar, tengistigar eða yfirborð hvaða tröppu sem er.
- 7.2.2. Yfirborðsflötur S_1 fyrir standandi farþega er reiknaður út með því að draga frá S_0 :
- 7.2.2.1. flatarmál allra hluta gólfsins þar sem hallinn er meiri en leyfileg hámarksgildi eins og þau eru ákvörðuð í lið 7.7.6;
- 7.2.2.2. flatarmál allra hluta þar sem standandi farþegar komast ekki að þegar öll sæti eru upptekin, að undanteknum fellisætum;
- 7.2.2.3. flatarmál allra hluta þar sem frjáls hæð ofan við gólf er minni en hæð gangsins sem tilgreind er í lið 7.7.5.1 (ekki skal taka tillit til handfanga í þessu sambandi);
- 7.2.2.4. flatarmál framan við lóðrétt þverplan sem gengur í gegnum miðju yfirborðs ökumannssætisins (þegar sætið er í öftustu stöðu);
- 7.2.2.5. flötur sem nær 300 mm fram fyrir öll sæti önnur en fellisæti, nema ef sætið er hliðarsæti og er ofan við hjólskálina, en þá má minnka þetta niður í 225 mm. Þegar um er að ræða breytilega sætaskipun hvers og eins sætis þegar það er talið í notkun, sjá lið 7.2.4;
- 7.2.2.6. allt yfirborð sem er ekki undanskilið með ákvæðum í lið 7.2.2.1 til 7.2.2.5 hér að framan þar sem ekki er hægt að koma fyrir rétthyrningi í stærðinni 400 mm × 300 mm;
- 7.2.2.7. í ökutækjum í undirflokk II flötinn þar sem bannað er að standa;
- 7.2.2.8. allt svæðið á efri hæð í tveggja hæða ökutækjum;
- 7.2.2.9. flatarmál hjólastólarmis þegar það telst notað af fólki í hjólastól, sjá lið 7.2.4.

- 7.2.3. Í ökutækinu skal vera fjöldi (P) sæta, annarra en fellisæta, sem uppfylla kröfur í lið 7.7.8. Ef ökutækið tilheyrir undirflokki I, II eða A skal fjöldi sæta á hvorri hæð vera a.m.k. hinn sami og stærð gölfsins á þeirri hæð í fermetrum talið og tiltækur er fyrir farþega og starfsmenn (ef einhverjir eru), námundaður að næstu heilu tölu fyrir neðan. Í ökutækjum í undirflokki I, að undanskilinni efrri hæðinni, má minnka þessa tölu um 10%.
- 7.2.4. Ef um er að ræða ökutæki með breytilegu sætarými skal rými fyrir standandi farþega (S_1) og ákvæði liðar 7.3 ákvörðuð fyrir hvert og eitt eftirfarandi skilyrða eftir því sem við á:
- 7.2.4.1. með öllum mögulegum sætum uppteknum og því rými sem eftir er fyrir standandi farþega og, ef enn er rými eftir, öllu rými fyrir hjólastóla, sem upptekið er;
- 7.2.4.2. með uppteknu öllu mögulegu rými fyrir standandi farþega og þeim sætum sem eftir eru fyrir sitjandi farþega og, ef enn er rými eftir, öllu rými fyrir hjólastóla, sem upptekið er;
- 7.2.4.3. með uppteknu öllu mögulegu rými fyrir hjólastóla og því rými sem eftir er fyrir standandi farþega og, ef enn er rými eftir, öllum uppteknum sætum sem hægt er að nota.
- 7.3. *Merking ökutækja*
- 7.3.1. Ökutækið skal merkja greinilega með sýnilegum hætti nærri framdyrum að innan með bókstöfum eða táknmyndum, sem eru a.m.k. 15 mm á hæð, og tölustöfum, sem eru a.m.k. 25 mm á hæð, þar sem fram kemur:
- 7.3.1.1. hámarksfjöldi sæta sem ökutækið er hannað fyrir;
- 7.3.1.2. hámarksfjöldi stæða, ef einhver eru, sem ökutækið er hannað fyrir;
- 7.3.1.3. hámarksfjöldi hjólastóla, ef einhverjir eru, sem ökutækið er hannað fyrir.
- 7.3.2. Ef ökutækið er hannað fyrir breytilegan fjölda sæta, breytilegt rými fyrir standandi farþega eða fjölda hjólastóla skulu kröfurnar í 7.3.1 gilda um hvert hámarkssætarými og samsvarandi fjölda hjólastóla og stæða fyrir farþega eftir því sem við á.
- 7.3.3. Í rými ökumanns og á stað sem ökumaður sér greinilega skal vera flötur með bókstöfum eða táknmyndum, sem eru a.m.k. 10 mm á hæð, og tölustöfum, sem eru a.m.k. 12 mm á hæð, þar sem fram kemur:
- 7.3.3.1. massi farangurs sem flytja má þegar ökutækið er með hámarksfjölda farþega og starfsmenn og ökutækið er ekki með meira en tæknilega leyfilegan hámarks massa eða leyfilegan massa á ás. Þarna er meðtalinn massi farangurs:
- 7.3.3.1.1. í farangursrými (massi B, liður 7.4.3.3.1 í I. viðauka við tilskipun 97/27/EB);
- 7.3.3.1.2. á þaki ef það er útbúið fyrir flutning á farangri (massi BX, liður 7.4.3.3.1 í I. viðauka við tilskipun 97/27/EB).
- 7.4. *Stöðugleikaprófun*
- 7.4.1. Stöðugleiki ökutækis skal vera það mikill að ökutækið velti ekki á veltupunktinum ef fletinum sem ökutækið stendur á væri hallað fyrst til annarrar hliðarinnar og síðan til hinnar í 28 gráðu horn frá láréttu plani.
- 7.4.2. Í prófuninni hér að ofan skal ökutækið vera með eigin massa og tilbúið til aksturs eins og lýst er í lið 2.18 og auk þess:

- 7.4.2.1. með þyngd sem jafngildir Q (eins og skilgreint er í lið 7.4.3.3.1 í I. viðauka við 97/27/EB) sem skal komið fyrir í hverju farþegasæti. Ef ökutækið er ætlað fyrir standandi farþega eða starfsmann sem er ekki í sæti skal þyngdarpunkti þyngdar Q eða 75 kg sem eru dæmigerð fyrir hana dreift jafnt yfir rýmið fyrir standandi farþega og starfsmenn í 875 mm hæð. Ef ökutæki er með búnað til að flytja farangur á þaki skal dreifa jafnt og festa þar tryggilega massa (BX) sem er dæmigerður fyrir slíkan farangur og vegur a.m.k. það sem framleiðandi gefur upp í samræmi við lið 7.4.3.3.1 í I. viðauka við 97/27/EB. Í öðru farangursrými skal ekki vera neinn farangur;
- 7.4.2.2. ef ökutækið er útbúið með breytilegum sætafjölda, stæðum eða hannað til að flytja einn eða fleiri hjólastóla og að teknu tilliti til alls rýmis í farþegarýminu þar sem slíkur breytileiki er staðar skal þyngdín í lið 7.4.2.1 vera meiri en:
- massinn sem er dæmigerður fyrir þann fjölda farþega í sætum sem getur verið í rýminu, þ.m.t. massi allra færanlegra sæta, eða
- massinn sem er dæmigerður fyrir þann fjölda standandi farþega sem getur verið í rýminu, eða
- massi hjólastóla og fólks í hjólastólum, sem geta verið í rýminu, og hafa samtals massann 250 kg og er komið fyrir í 500 mm hæð yfir gólfi í miðju hvers rýmis fyrir hjólastól, eða
- massi farþega í sætum, standandi farþega og fólks í hjólastólum og hvaða samsetningar annarrar sem er af þessu sem getur verið í rýminu.
- 7.4.3. Hæð hvers kyns upphækkana, sem nota skal til að koma í veg fyrir að hjól ökutækisins renni til hliðar á hallaprófunarbúnaðinum, skal ekki vera meiri en sem nemur tveimur þriðju hlutum af fjarlægðinni milli flatarins þar sem ökutækið stendur áður en honum er hallað og þeim hluta felgunnar á því hjóli sem er næst fletinum þegar ökutækið er hlaðið í samræmi við lið 7.4.2.
- 7.4.4. Meðan á prófuninni stendur skulu ekki neindir hlutar ökutækisins snertast sem ekki er ætlast til að geri það og ekki skal neinn hluti þess skaddast eða færast úr skorðum.
- 7.4.5. Einnig má nota reikniaðferð til að sýna að ökutækið velti ekki við þau skilyrði sem lýst er í lið 7.4.1 og 7.4.2. Í slíkum útreikningi skal taka tillit til eftirfarandi færðbreytna:
- 7.4.5.1. massa og stærðarmála;
- 7.4.5.2. hæðar þyngdarmiðju;
- 7.4.5.3. fjaðurtölu;
- 7.4.5.4. sveigjanleika hjólbarða lárétt og lóðrétt;
- 7.4.5.5. einkenna m.t.t. stýringar loftþrýstings í loftfjöðrum;
- 7.4.5.6. stöðu miðju snúningsvægis;
- 7.4.5.7. sveigjanleika yfirbyggingar.
- Útreikningsaðferðinni er lýst í 1. viðbæti við þennan viðauka.
- 7.5. *Brunavarnir*
- 7.5.1. Vélarrymi
- 7.5.1.1. Ekki skal nota í vélarýminu nein hljóðeinangrandi efni eða efni sem gætu dregið til sín eldsneyti, smuroliu eða önnur brennanleg efni nema yfir efnið sé lögð ógagndræp þynna.

- 7.5.1.2. Gera skal varrúðaráðstafanir, annaðhvort með því að hafa lögun vélarrýmisins heppilega eða með því að hafa frárennslisop til að koma í veg fyrir, að því marki sem slíkt er mögulegt, að eldsneyti, smurolía eða önnur brennanleg efni safnist fyrir einhvers staðar í vélarrýminu.
- 7.5.1.3. Koma skal fyrir skilrúmi, úr efni sem stenst hita, milli vélarrýmisins eða annarra hitagjafa (svo sem búnaðar sem hannaður er til að gleypa orkuna sem leysist úr læðingi þegar ökutæki fer niður langan halla, t.d. hemlara, eða búnaðar til að hita innra rými yfirbyggingar, þó ekki búnaðar knúnum með heitu vatni) og annarra hluta ökutækisins. Allar klemmur, þéttingar, o.s.frv., sem notaðar eru vegna skilrúmsins, skulu vera úr eldtraustu efni.
- 7.5.1.4. Í farþegarými má setja upp hitara sem er knúinn með öðru en heitu vatni ef utan um hann er efni sem stenst hitann sem hitarinn framleiðir, hann gefur ekki frá sér eittraðar lofttegundir og er þannig staðsettur að ekki sé líklegt að nokkur farþeganna geti snert heitt yfirborð nokkurs staðar.
- 7.5.2. Rafbúnaður og leiðslur
- 7.5.2.1. Allir kaplar skulu vera vel einangraðir og allir kaplar og rafbúnaður skulu þola þann hita og raka sem þeir verða fyrir. Í vélarrými skal gæta þess sérstaklega að þeir séu hentugir og þolnir gagnvart umhverfishita og áhrifum frá öllum líklegum mengunarefnum.
- 7.5.2.2. Enginn kapall, sem er notaður í rafrás, skal leiða meiri straum en þann sem er viðurkenndur fyrir slíkan kapall m.t.t. þess hvernig honum er komið fyrir og hver hámarks umhverfishitinn er.
- 7.5.2.3. Allar rafrásir, sem gefa straum til annars tækjabúnaðar en ræsisins, kveikjurásin (hreyflar með rafkveikju), glóðarkerti, ádrepari, hleðslurásin og jarðtenging rafgeymis, skulu vera með vari eða varrofa. Þó má verja þær með sameiginlegu vari eða varrofa að því tilskildu að hönnuð flutningsgeta hans sé innan við 16 A.
- 7.5.2.4. Allir kaplar skulu vel varðir og vera fastskorðaðir á þann hátt að þeir geti ekki skaddast við skurð, svarf eða núning.
- 7.5.2.5. Ef spennan fer yfir 100 V RMS (að ferningsmeðaltali) í einni eða fleiri rafrásum ökutækis skal tengja handvirkan einangrunarrofa, sem getur rofið allar rafrásir frá aðalstraumgjafanum í hvert og eitt skaut raflagnarinnar sem er ekki jarðtengt og skal hann staðsettur inni í ökutæki þannig að auðvelt sé fyrir ökumann að nálgast hann, þó skal slíkur einangrunarrofi ekki geta rofið rafrásir sem veita straumi til lögboðinna ljósa utan á ökutækinu. Þessi liður á ekki við um háspennukveikjurás eða sjálfstæðar rafrásir sem eru í búnaði í ökutækinu.
- 7.5.2.6. Öllum rafmagnsköplum skal komið fyrir á þann hátt að enginn hluti þeirra komist snertingu við nokkra eldsneytisleiðslu eða hluta af útblásturskerfinu eða geti ofhitnað nema að séð hafi verið fyrir viðbótareinangrun og vörn við hæfi, t.d. eins og gert er á rafsegulstýrðum loka í útblásturskerfinu.
- 7.5.3. Rafgeymar
- 7.5.3.1. Allir rafgeymar skulu vera tryggilega festir og auðvelt að komast að þeim.
- 7.5.3.2. Rýmið fyrir rafgeyminn skal vera aðskilið frá farþegarýminu og ökumannsrýminu og loftræst með útilofti.
- 7.5.3.3. Rafskautin á rafgeyminum skal verja gegn hugsanlegu skammhlaupi.
- 7.5.4. Slökkvitæki og skyndihjálparbúnaður
- 7.5.4.1. Gera skal ráð fyrir rými til að setja upp eitt eða fleiri slökkvitæki og skal eitt vera nálægt ökumannssæti. Í ökutækjum í undirflokki A eða B skal rýmið vera a.m.k. 8 dm³ og í undirflokkum I, II eða III a.m.k. 15 dm³.

7.5.4.2. Gera skal ráð fyrir rými þar sem setja má einn eða fleiri sjúkrakassa. Rýmið skal vera a.m.k. 7 dm³ með minnsta máli a.m.k. 80 mm.

7.5.4.3. Slökkvitæki og sjúkrakassar skulu varðir fyrir þjófum eða skemmdarvörgum (t.d. í læstum, innri skáp eða innan við brjótanlegt gler) og skal staðsetning þessara hluta vera merkt greinilega og fólki gert auðvelt fyrir að ná þeim í neyðartilfalli.

7.5.5. Efni

Ekki er heimilt að hafa neins konar eldfimt efni í innan við 100 mm fjarlægð frá útblásturskerfinu eða nokkrum öðrum umtalsverðum varmagjafa nema efnið sé nægilega vel varið. Þar sem slíkt er nauðsynlegt skal setja hlífar til að koma í veg fyrir að feiti eða önnur eldfim efni komist í snertingu við útblásturskerfið eða aðra umtalsverða varmagjafa. Í þessum lið teljast eldfim efni vera efni sem eru ekki hönnuð til að standast þann hita sem líklegt er að muni verða á þeim tiltekna stað.

7.6. Útgangar

7.6.1. Fjöldi útganga

7.6.1.1. Á ökutæki skulu vera minnst tvennar dyr, annaðhvort tvennar farþegadyr eða einar farþegadyr og einar neyðardyr. Lágmarksfjöldi farþegadyra er sem hér segir:

Fjöldi farþega	Fjöldi farþegadyra		
	Undirflokkur I og A	Undirflokkur II	Undirflokkur III og B
9 – 45	1	1	1
46 – 70	2	1	1
71 – 100	3	2	1
> 100	4	3	1

7.6.1.2. Í hverjum ósveigjanlegum hluta liðskipts ökutækis skulu a.m.k. vera einar farþegadyr, þó skal lágmarkið vera tvennar dyr ef um er að ræða fremri hluta liðskipts ökutækis í undirflokki I.

7.6.1.3. Að því er þessa kröfu snertir skal ekki líta svo á að farþegadyr með afllokun séu neyðardyr nema auðvelt sé að opna þær með handafli þegar búið er að gangsetja stjórnækið sem lýst er í lið 7.6.5.1 ef nauðsyn krefur.

7.6.1.4. Útgangar skulu að lágmarki vera það margir að heildarfjöldi útganga í sérrými sé eftirfarandi:

Fjöldi farþega og starfsliðs sem koma skal fyrir í hverju rými	Lágmarksheildarfjöldi útganga
1 – 8	2
9 – 16	3
17 – 30	4
31 – 45	5
46 – 60	6
61 – 75	7
76 – 90	8
91 – 110	9
111 – 130	10
> 130	11

Neyðarlúgur má aðeins telja sem einn af framangreindum neyðarútgöngum.

- 7.6.1.5. Líta skal á hvern ósveigjanlegan hluta liðskipts ökutækis sem sérstakt ökutæki þegar ákvarða skal lágmarksfjölda og staðsetningu útganga að undanskildum lið 7.6.2.4. Snýrtírymi eða eldhús teljast ekki vera aðskilin rými þegar skilgreina skal fjölda neyðarútganga. Ákvarða skal fjölda farþega fyrir hvern ósveigjanlegan hluta fyrir sig.
- 7.6.1.6. Tvíbreiðar farþegadyr teljast tvennar dyr og tvöfaldur eða margskiptur gluggi sem tveir neyðargluggar.
- 7.6.1.7. Ef ekki er gert ráð fyrir gangvegi frá rými ökumanns yfir í farþegarýmið, sem uppfyllir eitt skilyrðanna sem lýst er í lið 7.7.5.1.1, skal uppfylla eftirtalin skilyrði:
- 7.6.1.7.1. á rými ökumanns skulu vera tveir útgangar og þeir skulu ekki vera báðir á sömu hlið. Ef annar útgangurinn er gluggi skal hann fullnægja þeim kröfum sem settar eru fram í lið 7.6.3.1 og 7.6.8 um neyðarglugga;
- 7.6.1.7.2. heimilt er að hafa eitt eða tvö sæti við hlið ökumanns fyrir fólk til viðbótar en ef svo er skulu báðir útgangarnir sem getið er um í lið 7.6.1.7.1. vera dyr. Dyr ökumannsins skal viðurkenna sem neyðardyr fyrir farþega í þessum sætum, að því tilskildu að sæti ökumanns, stýrishjól, vélarrými, gírstöng, stöðuhemilshandfang o.s.frv. séu ekki of mikil hindrun. Dyrnar, sem ætlaðar eru fyrir viðbótarfarþega, skulu viðurkenndar sem neyðardyr fyrir ökumann. Koma má allt að fimm viðbótarsætum fyrir í rýminu þar stýrishúsið er, svo fremi að viðbótarsætin og rýmið fyrir þau uppfylli allar kröfur þessarar tilskipunar og a.m.k. einar dyr, sem opnast inn í farþegarýmið, uppfylli kröfurnar um neyðardyr í lið 7.6.3;
- 7.6.1.7.3. ef aðstæður eru eins og lýst er í lið 7.6.1.7.1 og 7.6.1.7.2 skal ekki líta svo á að útgangar, sem gert er ráð fyrir í stýrishúsi, samsvari einum þeirra dyra sem krafist er í lið 7.6.1.1 til 7.6.1.2 eða samsvari einum af þeim útgöngum sem krafist er í lið 7.6.1.4, að því tilfelli undanskildu sem nefnt er í lið 7.6.1.7.1 og 7.6.1.7.2. Liðir 7.6.3 til 7.6.7, 7.7.1, 7.7.2 og 7.7.7 skulu ekki gilda um slíka útganga.
- 7.6.1.8. Ef komast má úr aðalfarþegarýminu inn í stýrishúsið og að sætunum þar við hliðina á um gang, í samræmi við eitt þeirra skilyrða sem lýst er í lið 7.7.5.1.1, er þess ekki krafist að útgangur sé úr ökutækinu frá stýrishúsinu.
- 7.6.1.9. Ef dyr eða annar útgangur er á stýrishúsinu, við þær aðstæður sem lýst er í lið 7.6.1.8, skal einungis líta á þær sem útgang fyrir farþega að því tilskildu:
- 7.6.1.9.1. að ekki sé nauðsynlegt að smeygja sér milli stýrishjólsins og ökumannssætisins til að geta notað þennan útgang;
- 7.6.1.9.2. að hann uppfylli þær kröfur um stærð neyðardyra sem tilgreindar eru í lið 7.6.3.1.
- 7.6.1.10. Liður 7.6.1.8 og 7.6.1.9 útilokar ekki að milli ökumannssætis og farþegarýmis séu dyr eða annað skilrúm, að því tilskildu að ökumaður geti losað þetta skilrúm með skjótum hætti í neyðartilfelli. Dyr ökumanns í rými, sem er varið með skilrúmi af þessu tagi, skulu ekki teljast útgangur fyrir farþega.
- 7.6.1.11. Setja skal neyðarlúgur til viðbótar við neyðardyr og glugga í ökutæki í undirflokki II, III og B. Þær má einnig setja í ökutæki í undirflokki I og A. Lágmarksfjöldi lúgna skal vera:

Fjöldi farþega	Fjöldi lúgna
allt að 50	1
fleiri en 50	2

7.6.2. Staðsetning útganga

Ökutæki, sem rúma fleiri en 22 farþega, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur. Ökutæki, sem rúma færri en 22 farþega, skulu annaðhvort uppfylla eftirfarandi kröfur eða þær sem settar eru fram í lið 1.2. í VI. viðauka.

- 7.6.2.1. Farþegadyr skulu staðsettar á þeirri hlið ökutækisins sem er nær þeirri vegbrún sem samsvarar akstursáttinni í því landi þar sem ökutækið á að fá rekstrarleyfi og a.m.k. einar dyrnar skulu vera á fremri helmingi ökutækisins. Þetta útilokar ekki að settar séu dyr á afturhluta ökutækisins fyrir farþega í hjólastólum.
- 7.6.2.2. Tvennar dyrnar, sem getið er um í lið 7.6.1.1, skulu vera hvorar á sínum stað þannig að fjarlægðin milli lóðréttu þverplananna, sem liggja gegnum miðjupunkta þeirra, sé a.m.k. 40% af heildarlengd farþegarýmisins. Ef aðrar dyrnar eru hluti af tvíbreiðum dyrum skal þessi fjarlægð mæld milli þeirra tvennu dyra sem lengst er á milli.
- 7.6.2.3. Útgangar skulu staðsettir þannig að fjöldi þeirra á hvorri hlið ökutækisins fyrir sig sé nokkurn veginn sá sami.
- 7.6.2.4. Hafa skal a.m.k. einn neyðarútgang annaðhvort á afturhluta eða framhluta ökutækisins. Að því er varðar ökutæki í undirflokki I og ökutæki þar sem varanlega er lokað milli afturhluta og farþegarýmis er þessari kröfu fullnægt ef neyðarlúga er komið fyrir.
- 7.6.2.5. Útgangar á sömu hlið ökutækisins skulu settir með hæfilegu millibili eftir endilöngu ökutækisins.
- 7.6.2.6. Leyfðar skulu dyr á afturhluta ökutækisins, svo fremi sem það eru ekki farþegadyr.
- 7.6.2.7. Ef settar eru neyðarlúgur skal koma þeim fyrir eins og hér segir: ef einungis er ein lúga skal hún vera fyrir miðþriðjungi ökutækisins; ef lúgurnar eru tvær skal vera a.m.k. 2 m bil þegar mælt er milli þeirra brúnaopa sem næst eru hvort öðru eftir línu sem liggur samsíða lengdarás ökutækisins.
- 7.6.3. Lágmarksstærð útganga
- 7.6.3.1. Mismunandi gerðir útganga skulu vera með eftirfarandi lágmarksstærðum:

			Undirflokkur I	Undirflokkur II og III	Athugasemdir
Farþegadyr	Dyraop	Hæð (mm)	1 800	1 650	—
		Breidd (mm)	Einfaldar dyr: 650 Tvíbreiðar dyr: 1 200		Þessa stærð má minnka um 100 mm ef mælt er í hæð handfanga
Neyðardyr		Hæð (mm)	1 250		—
		Breidd (mm)	550		
Neyðargluggi	Flatarmál (mm ²)	400 000		Á þessum fleti skal vera unnt að teikna upp rétthyrning 500 mm × 700 mm að stærð	
Neyðargluggi er á afturhluta ökutækisins. Ef framleiðandinn hefur ekki sett neyðarglugga í þeirri lágmarksstærð sem mælt er fyrir um að ofan			Í opi neyðargluggans skal vera unnt að teikna upp rétthyrning sem er 350 mm á hæð og 1 550 mm á breidd. Horn rétthyrningsins mega vera rúnnuð með allt að 250 mm bogferil.		
Neyðarlúga	Lúguop	Flatarmál (mm ²)	400 000		Á þessum fleti skal vera unnt að teikna upp rétthyrning 500 mm × 700 mm að stærð

- 7.6.3.2. Ökutæki, sem rúma færri en 22 farþega, skulu annaðhvort uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í lið 7.6.3.1 eða þær sem settar eru fram í lið 1.1 í VI. viðauka.

- 7.6.4. Tæknilegar kröfur fyrir allar farþegadyr
- 7.6.4.1. Auðvelt skal vera að opna allar farþegadyr innan frá og utan frá þegar ökutækið er kyrrstætt (en ekki endilega þegar ökutækið er á ferð). Þó skal ekki líta svo á að þessi krafa útiloki að hægt sé að læsa dyrunum utan frá, að því gefnu að alltaf sé hægt að opna þær innan frá.
- 7.6.4.2. Öll stjórnþæki eða búnaður til að opna dyr utan frá skal vera staðsettur 1000 til 1500 mm yfir jörðu og ekki vera lengra en 500 mm frá dyrunum. Á ökutækjum í undirflokki I, II og III skulu öll stjórnþæki eða búnaður til að opna dyr innan frá vera 1000 til 1500 mm frá efra yfirborði gólfsins eða þrepinu sem næst er stjórnþækinu og ekki vera lengra en 500 mm frá dyrunum. Þetta gildir ekki um stjórnþæki sem eru í öikumansrýminu.
- 7.6.4.3. Allar einfaldar handstýrðar farþegadyr, sem eru með hurð á hjörum eða á snúningsás, skulu uppsettar á þann hátt að ef hurð á opnum dyrum snertir kyrrstæðan hlut meðan ökutækið er á ferð áfram lætur hún undan og lokast.
- 7.6.4.4. Ef handstýrðar farþegadyr eru með smekklás skal hann vera tveggja þrepa.
- 7.6.4.5. Á innri hluta farþegadyra skal ekki vera neinn búnaður sem ætlað er að hylja innri þrepin meðan dyrnar eru lokaðar. Þetta útilokar ekki að þegar dyrnar eru lokaðar sé til staðar búnaður í tröppustokknum til að opna og loka og annar búnaður sem festur er innan á hurðina og verður ekki viðbót við gólfíð þar sem farþegar geta staðið. Þessi vélbúnaður og annar búnaður skal ekki vera hættulegur farþegum.
- 7.6.4.6. Ef útsýni beint fram á við er ekki fullnægjandi skal setja upp sjóntæki eða annan búnað til að ökuumaðurinn geti úr sæti sínu séð farþega, inni og úti, sem eru nálægt öllum þeim farþegadyrum á hliðum ökutækisins sem ekki eru sjálfvirkar farþegadyr. Ef um er að ræða farþegadyr á afturhluta ökutækis, sem tekur mest 22 farþega, er þessari kröfu fullnægt ef ökuumaðurinn getur komið auga á manneskju 1,3 m á hæð sem stendur 1 m aftan við ökutækið.
- 7.6.4.7. Allar dyr, sem opnast inn á við, og vélbúnaður, sem tengist þeim, skal vera þannig úr garði gerður að ólíklegt sé, við eðlilegar notkunaraðstæður, að hreyfing hans valdi áverka á farþegum. Ef nauðsyn krefur skal setja upp þann öryggisbúnað sem við á.
- 7.6.4.8. Ef farþegadyr eru staðsettar við salernisdyr eða annað innra rými skal vera tryggt að farþegadyrnar opnast ekki óvart. Þó gildir þessi krafa ekki ef dyrnar læsast sjálfkrafa þegar ökutækið er á meiri hraða en 5 km/klst.
- 7.6.4.9. Ef um er að ræða ökutæki sem rúma 22 farþega eða færri og farþegadyrnar eru í afturhluta ökutækisins skal ekki unnt að opna hurðarvængina um meira en 115° eða minna en 85° og þegar dyrnar eru opnar skal unnt að halda vængjunum sjálfvirkir í þeirri stöðu. Þetta útilokar ekki að mögulegt sé að yfirvinna þetta móthald og sveigja vængina meira en sem nemur horni móthaldsins ef ekki skapast hætta af, t.d. svo að hægt sé að bakka að háum palli í því skyni að hlaða ökutækið eða að opna dyrnar í 270° svo að athafnarými við hleðsluna sé hindrunarlaust aftan við ökutækið.
- 7.6.5. Viðbót við tæknilegar kröfur fyrir sjálfvirkar farþegadyr
- 7.6.5.1. Í neyðartilfellum skal unnt að opna innan frá allar sjálfvirkar farþegadyr þegar ökutækið er kyrrstætt (en ekki endilega þegar ökutækið er á ferð) og utan frá með stjórnþækjum sem, þegar þær eru ekki læstar hvort heldur sem aflagjafinn er virkur eða ekki:
- 7.6.5.1.1. hundsá öll önnur stjórnþæki fyrir dyr;
- 7.6.5.1.2. og eru, þegar um þau er að ræða, innan á ökutækinu á dyrunum eða innan við 300 mm frá þeim í a.m.k. 1600 mm hæð yfir fyrsta þrepinu;
- 7.6.5.1.3. auðvelt er að koma auga á og bera kennsl á þegar komið er að dyrunum og þegar staðið er framan við dyrnar og ef fleiri stjórnþæki eru heldur en þau sem venjulega eru til að opna með skal merkja þau greinilega vegna notkunar í neyðartilfellum;
- 7.6.5.1.4. ein manneskja, sem stendur andspænis dyrunum, getur notað;

- 7.6.5.1.5. valda því að dyrnar opnast eða gera það að verkum að auðvelt er að opna þær með handaflí;
- 7.6.5.1.6. geta verið varin með búnaði sem auðvelt er að fjarlægja eða brjóta til að komast að neyðarstjórnartækinu. Gefa skal ökumanninum til kynna bæði með hljóðmerki eða sýnilegu merki ef neyðarstjórnartækinu er beitt, eða ef verndarhlífín yfir stjórnartækinu er fjarlægð, og
- 7.6.5.1.7. ef um er að ræða dyr sem stjórnað er af ökumanni og uppfylla ekki skilyrðin í lið 7.6.5.6.2 skulu þær þannig úr garði gerðar að eftir að stjórnartækjunum hefur verið beitt til að opna dyrnar og þau færð aftur í eðlilega stöðu munu dyrnar ekki lokast aftur fyrr en ökumaðurinn notar tæki sem lokar þeim.
- 7.6.5.2. Koma má fyrir búnaði, sem ökumaður beitir úr sæti sínu til að taka úr sambandi neyðarstjórnartæki, utan á ökutækinu til þess að hægt sé að læsa farþegadyrunum utan frá. Þegar svo ber til skulu neyðarstjórnartækin verða sjálfkrafa virk á ný annaðhvort þegar vélin er ræst eða áður en ökutækið nær 20 km hraða á klukkustund. Eftir það skulu neyðarstjórnartæki ekki verða óvirk sjálfkrafa heldur eingöngu vegna aðgerða ökumanns.
- 7.6.5.3. Öllum farþegadyrum, sem er stjórnað af ökumanni, skal ökumaður geta stjórnað úr ökumannssæti með því að nota stjórnartæki, sem, að undanskildum fótstýrðum stjórnartækjum, eru greinilega merkt og auðkennd.
- 7.6.5.4. Allar sjálfvirkar farþegadyr skulu gera virkt sýnilegt gaumljós, sem blasa skal við ökumanni þegar hann situr í eðlilegri akstursstillingu við öll birtuskilyrði í umhverfinu, til að gera viðvart um að dyrnar séu ekki alveg lokaðar. Þetta gaumljós skal gefa merki í hvert sinn sem ósveigjanlegur hluti hurðarinnar er milli fullopinnar stöðu og punkts sem er 30 mm frá fulllokaðri stöðu. Hvert gaumljós getur verið tengt einni eða fleiri dyrum. Þó skal ekki tengja slíkt gaumljós farþegadyrum að framan ef þær uppfylla ekki kröfur í liðum 7.6.5.6.1.1 og 7.6.5.6.1.2.
- 7.6.5.5. Ef til staðar eru stjórnartæki sem ökumaðurinn notar til að opna og loka sjálfvirkum farþegadyrum skulu þau þannig úr garði gerð að ökumaðurinn geti snúið við færsluhreyfingu dyranna hvenær sem er meðan þær eru að lokast eða opnast.
- 7.6.5.6. Gerð og stjórnkerfi allra sjálfvirkra farþegadyra skal vera með þeim hætti að ólíklegt sé að farþegar slasist í dyrunum eða festist þar þegar þær lokast.
- 7.6.5.6.1. Þessari kröfu skal teljast fullnægt ef eftirfarandi tveimur skilyrðum er fullnægt:
- 7.6.5.6.1.1. Fyrsta krafan er að þegar dyrnar verða, við lokun, fyrir gagnstæðum klemmukrafti, sem nemur ekki meira en 150 N, mælt í hvaða mælipunkti sem er sem lýst er í V. viðauka, opnast dyrnar aftur upp á gátt sjálfkrafa og haldist opnar þar til stjórnartæki er beitt til að loka þeim, nema að um sé að ræða sjálfvirkar farþegadyr. Klemmukraftinn má mæla með hvaða aðferð sem er, sem uppfyllir kröfur lögbæra yfirvaldsins. Leiðbeiningar er að finna í V. viðauka við þessa tilskipun. Hámarkskrafturinn má vera meiri en 150 N í stuttan tíma svo fremi sem hann fer ekki yfir 300 N. Prófa má enduroppunarkerfið með prófunarstöng sem er 60 mm á hæð, 30 mm á breidd og með rúnnuðum hornum með 5 mm radius.
- 7.6.5.6.1.2. Seinni krafan er að ef dyrnar lokast á úlnlið eða fingur farþega:
- 7.6.5.6.1.2.1. opnast dyrnar, í öllum tilvikum, sjálfkrafa aftur upp á gátt og haldist opnar þar til beitt er stjórnhnappi til að loka, nema ef um er að ræða sjálfstýrðar farþegadyr, eða
- 7.6.5.6.1.2.2. sé auðvelt fyrir farþegann að draga úlnlið eða fingur aftur til baka hafi þeir lent milli stafs og hurðar án þess að hætta sé á að hann verði fyrir meiðslum. Kanna má með höndunum hvort þessari kröfu sé fullnægt eða með prófunarstönginni, sem um getur í lið 7.6.5.6.1.1, en hún mjókkar í annan endann á 300 mm löngu bili frá því að vera 30 mm á þykkt í það að vera 5 mm á þykkt. Á hana skal hvorki borinn fægilögur né skal hún smurð. Ef stöngin festist í dyrunum skal vera hægt að ná henni út með auðveldum hætti, eða
- 7.6.5.6.1.2.3. dyrunum er haldið í ákveðinni stöðu sem leyfir að stöngin komist auðveldlega í gegn en hún er 60 mm á hæð, 20 mm á breidd með rúnnuðum hornum með 5 mm radius. Þessi staða skal ekki vera meira en sem nemur 30 mm frá stöðu dyranna þegar þær eru alveg lokaðar.

- 7.6.5.6.2. Ef um er að ræða farþegadyr að framan skal líta svo á að kröfunni í lið 7.6.5.6 sé fullnægt ef dyrnar:
- 7.6.5.6.2.1. fullnægja kröfunum í lið 7.6.5.6.1.1 og 7.6.5.6.1.2, eða
- 7.6.5.6.2.2. þær eru með mjúkum jöðrum. Þeir skulu þó ekki vera það mjúkir að sé dyrunum lokað á prófunarstöngina, sem um getur í lið 7.6.5.6.1.1, ná stífur hluti hurðanna að lokast til fulls.
- 7.6.5.7. Ef fjarstýrðar farþegadyr haldast einungis lokaðar með því móti að aflgjafa sé stöðugt beitt skal viðvörunarljósabúnaður vera til staðar til að gera ökumanninum viðvart um hvers kyns bilun í orkuflutningi til dyranna.
- 7.6.5.8. Ef sjálfvirkur stöðuhemill er til staðar skal hann einungis vera virkur við minni hraða en 5 km/klst. og skal ekki vera hægt að beita honum ef hraðinn er meiri.
- 7.6.5.9. Ef ökutækið er ekki búið sjálfvirkum stöðuhemli skal heyrast hljóðmerki til viðvörunar fyrir ökumanninn sé ökutækinu ekið af stað úr kyrrstöðu og einhverjar fjarstýrðar farþegadyr eru ekki fulllokaðar. Þessi hljóðviðvörun skal fara í gang við hraða sem er meiri en 5 km/klst. ef um er að ræða dyr sem uppfylla kröfunar í lið 7.6.5.6.1.2.3.
- 7.6.6. Viðbót við tæknilegar kröfur fyrir sjálfstýrðar farþegadyr
- 7.6.6.1. Stjórnþæki til að opna gerð virk
- 7.6.6.1.1. Að undanskildu því, sem kveðið er á um í lið 7.6.5.1, skal ökumaðurinn einn geta beitt, úr sæti sínu, stjórnþækjunum til að opna sérhverjar sjálfstýrðar farþegadyr og gert þau virk og óvirk.
- 7.6.6.1.2. Gera má stjórnþækin bæði virk og óvirk annaðhvort með beinum hætti, með rofa, eða óbeinum, t.d. með því að opna og loka farþegadyrunum að framan.
- 7.6.6.1.3. Þegar ökumaður gerir stjórnþæki til að opna virk skal það gefið til kynna með gaumvísi inni í ökutækinu og einnig utan á ökutækinu ef opna á dyr utan frá. Gaumvísirinn (t.d. upplýstur þrýstihnappur eða upplýst merki) skal vera á þeirri hurð eða við þær dyr sem hann tengist.
- 7.6.6.1.4. Þegar um beina virkjun með rofa er að ræða skal gefa ökumanninum greinilega til kynna hvernig er ástatt með virkni kerfisins, t.d. með staðsetningu rofans, gaumljósi eða upplýstum rofa. Rofann skal merkja sérstaklega og koma honum fyrir þannig að ekki sé hægt að villast á honum og öðrum stjórnþækjum.
- 7.6.6.2. Opnun sjálfstýrðra farþegadyra
- 7.6.6.2.1. Þegar ökumaður hefur gert opunarstjórnþæki virk skulu farþegar geta opnað dyrnar sem hér segir:
- 7.6.6.2.1.1. innan frá t.d. með því að ýta á þrýstihnapp eða fara fram hjá ljósnema og
- 7.6.6.2.1.2. utan frá, nema ef um er að ræða dyr sem eingöngu eru ætlaðar sem útgangur og eru merktar til þeirra nota, t.d. með því að ýta á upplýstan þrýstihnapp, þrýstihnapp fyrir neðan upplýst merki eða svipaðan búnað sem er merktur með viðeigandi leiðbeiningum.
- 7.6.6.2.2. Ef ýtt er á þrýstihnappana, sem getið er um í lið 7.6.6.2.1.1, og ef notaðar eru boðskiptaaðferðirnar til ökumannsins, sem getið er um í lið 7.7.9.1, er hægt að senda merki sem er geymt og veldur því að dyrnar opnast eftir að ökumaðurinn gerir opunarstjórnþækin virk.
- 7.6.6.3. Lokun sjálfstýrðra farþegadyra
- 7.6.6.3.1. Eftir að sjálfstýrðar farþegadyr hafa opnast skulu þær lokast aftur sjálfkrafa að tilteknum tíma liðnum. Ef farþegi kemur inn eða fer út úr ökutækinu á þessu tímabili skal öryggisbúnaður (t.d. fötrofi, ljósnemi, einstefnuhlíð) tryggja að tímabilið þar til dyrnar lokast hafi lengst nægilega mikið.

- 7.6.6.3.2. Ef farþegi kemur inn eða fer út úr ökutækinu meðan dyrnar eru að lokast skal lokunin stöðvast sjálfkrafa og dyrnar færast aftur í opna stöðu. Færslan til baka getur virkjast með einum af þeim öryggistækjum, sem um getur í lið 7.6.6.3.1, eða með hvaða öðrum búnaði sem er.
- 7.6.6.3.3. Dyr, sem hafa lokast sjálfkrafa, í samræmi við lið 7.6.6.3.1, skal farþegi geta opnað aftur, í samræmi við lið 7.6.6.2. Þetta gildir ekki ef ökumaðurinn hefur gert opunarstjórnþoppa óvirka.
- 7.6.6.3.4. Þegar ökumaður hefur gert opunarstjórnþæki sjálfstýrðu farþegadyranna óvirk skulu dyr, sem eru opnar, lokast í samræmi við lið 7.6.6.3.1 til 7.6.6.3.2.
- 7.6.6.4. Hindrun á sjálfvirkri lokun á dyrum sem eru merktar fyrir sérstaka þjónustu, t.d. fyrir farþega með barnavagna, farþega sem eru hreyfihamlaðir o.s.frv.
- 7.6.6.4.1. Ökumaðurinn skal geta hindrað sjálfvirku lokunina með því að gera sérstakt stjórnþæki virkt. Farþegi skal einnig geta hindrað sjálfvirku lokunina með því að gera sérstakt stjórnþæki virkt.
- 7.6.6.4.2. Gefa skal ökumanninum til kynna hindrun sjálfvirku lokunarinnar, t.d. með sýnilegu gaumljósi.
- 7.6.6.4.3. Ökumaðurinn skal ávallt geta endurvakið sjálfvirku lokunina.
- 7.6.6.4.4. Liður 7.6.6.3 skal gilda um lokun dyranna í kjölfarið.
- 7.6.7. Tæknilegar kröfur fyrir neyðardyr
- 7.6.7.1. Neyðardyr skal vera auðvelt að opna bæði innan frá og utan frá þegar ökutækið er kyrrstætt. Þó skal ekki líta svo á að þessi krafa útiloki að hægt sé að læsa dyrunum utan frá, að því gefnu að alltaf sé hægt að opna þær innan frá með venjulegum opunarbúnaði.
- 7.6.7.2. Neyðardyr, þegar þær eru notaðar í neyð, skulu ekki vera fjarstýrðar nema þegar stjórnþækið, sem mælt er fyrir í lið 7.6.5.1, hefur verið gert virkt og það sett aftur í eðlilega stöðu, og þær skulu ekki lokast aftur fyrr en ökumaðurinn beitir lokunarstjórnþæki í kjölfarið. Þetta skulu ekki vera rennihurðir nema ef um er að ræða ökutæki sem rúma 22 farþega eða færri. Að því er þessi ökutæki varðar má viðurkenna dyr með rennihurðum sem neyðardyr hafi verið sýnt fram á að hægt sé að opna þær án þess að nota til þess verkfæri eftir árekstrarprófun með framhluta sem rektar á hindrun í samræmi við tilskipun 74/297/EBE.
- 7.6.7.3. Öll stjórnþæki eða búnaður til að opna neyðardyr utan frá skal vera staðsettur 1000 til 1500 mm frá jörðu og ekki fjær dyrunum en 500 mm. Á ökutækjum í undirflokkum I, II og III skulu öll stjórnþæki eða búnaður til að opna neyðardyr innan frá vera 1000 til 1500 mm frá efra yfirborði gólfsins eða þrepsins sem næst er stjórnþækinu og ekki fjær en 500 mm frá neyðardyrnum. Þetta gildir ekki um stjórnþæki sem eru staðsett í ökumannsrýminu.
- 7.6.7.4. Ef neyðardyr á hlið ökutækisins eru með hurðir á lómum skulu lamirnar festar á fremri brúnina og hurðin opnast út. Hurðastopparar, keðjur eða annar stöðvunarbúnaður skal leyfður svo fremi sem hann hindrar ekki að dyrnar opnast og haldist opnar undir a.m.k. 100° horni. Krafa um að opunarhornið sé a.m.k. 100° gildir þó ekki ef séð er til þess á annan hátt að greið leið sé að neyðardyrnum.
- 7.6.7.5. Tryggja skal að neyðardyr séu ekki notaðar án ásetnings. Þó gildir þessi krafa ekki ef dyrnar læsast sjálfkrafa þegar ökutækið er á meiri hraða en 5 km/klst.
- 7.6.7.6. Á öllum neyðardyrum skal vera hljóðbúnaður sem gerir ökumanninum viðvart ef þær eru ekki tryggilega lokaðar. Viðvörunarbúnaðurinn skal verða virkur við hreyfingu á hurðarlásnum eða handfanginu ekki við hreyfingu á hurðinni sjálfri.

- 7.6.8. Tæknilegar kröfur fyrir neyðarglugga
- 7.6.8.1. Allir gluggar á hjörum eða útspyrnanlegir gluggar skulu opnast út. Gluggar af gerð sem hægt er að spyrna út skulu ekki losna alveg frá ökutækinu við notkun. Útspyrnanlegir gluggar skulu vera þannig að erfitt sé að spyrna þeim út í ógáti.
- 7.6.8.2. Sérhver neyðargluggi skal vera þannig:
- 7.6.8.2.1. að annaðhvort sé auðvelt og fljótlegt að nota hann bæði innan og utan frá með búnaði sem er viðurkenndur sem fullnægjandi, eða
- 7.6.8.2.2. að hann sé úr öryggisglери sem auðvelt er að brjóta. Seinna ákvæðið útilokar að hægt sé að nota rúður úr lagskiptu gleri eða plasti. Búnaður til að tryggja að hægt sé að brjóta hverja og eina gluggarúðu skal vera til staðar við alla neyðarglugga og allir í ökutækinu skulu eiga greiðan aðgang að honum.
- 7.6.8.3. Sérhver neyðargluggi, sem hægt er að læsa utan frá, skal vera þannig gerður að hægt sé að opna hann innan frá hvenær sem er.
- 7.6.8.4. Ef neyðarglugginn er festur með lómum lárétt við efri brúnina skal viðeigandi búnaður vera til staðar til að halda honum fullopnum. Allir neyðargluggar á lómum skulu þannig úr garði gerðir að þeir hindri ekki að farþegar eigi greiða leið inn í eða út úr ökutækinu.
- 7.6.8.5. Hæð neðri brúnar neyðarglugga, sem er á hlið ökutækis, frá gólfi beint undir honum (þó ekki frá staðbundnum mishæðum, t.d. vegna hjóla eða girkassa) skal ekki vera meiri 1200 mm eða minni en 650 mm ef um neyðarglugga á lómum er að ræða eða 500 mm ef glugginn er úr brjótanlegu gleri.
- Ef neyðarglugginn er hins vegar á lómum má minnka lágmarkshæð neðri brúnar í 500 mm að því tilskildu að gluggaopið sé með allt að 650 mm hárra öryggisgrind til að varna því að farþegar falli út um gluggann. Ef gluggaopið er með öryggisgrind skal stærð opsins fyrir ofan hana vera a.m.k. lágmarksstærðin sem mælt er fyrir um fyrir neyðarglugga.
- 7.6.8.6. Sérhver neyðargluggi á lómum, sem ökumaður sér ekki greinilega úr sæti sínu, skal vera með hljóðmerkjabúnaði til að vara ökumanninn við ef hann er ekki alveg lokaður. Læsingin á glugganum, ekki hreyfing sjálfs gluggans, skal gangsetja þennan búnað.
- 7.6.9. Tæknilegar kröfur fyrir neyðarlúgur
- 7.6.9.1. Allar neyðarlúgur skulu virka þannig að þær hindri ekki að farþegar eigi greiða leið inn í ökutækið eða út úr því.
- 7.6.9.2. Neyðarlúgur á þaki skulu ýmist vera þannig að hægt sé að ýta þeim út, á lómum eða með auðbrjótanlegu öryggisglери. Á öllum neyðarlúgum í gólfi skal vera hljóðmerkjabúnaður sem gerir ökumanninum viðvart ef þær eru ekki tryggilega lokaðar. Læsingin á neyðarlúgunni í gólfinu, ekki hreyfing lúgunnar sjálfrar, skal gangsetja þennan búnað. Tryggja skal að neyðarlúgur séu ekki notaðar án ásetnings. Þó gildir þessi krafa ekki ef dyrnar læsast sjálfkrafa þegar ökutækið er á meiri hraða en 5 km/klst.
- 7.6.9.3. Lúgur af gerð sem hægt er að ýta út skulu ekki losna alveg frá ökutækinu við notkun svo að lúgan sé ekki hættuleg öðrum vegfarendum. Notkun neyðarlúga, sem hægt er að ýta út, skal vera þannig að komið sé í veg fyrir með skilvirkum hætti að henni sé ýtt út í ógáti. Gólfhlerar, sem hægt er að ýta út, skulu einungis ýttast inn í farþegarýmið.
- 7.6.9.4. Neyðarlúgur á lómum skulu opnast fram eða aftur og skal hægt að opna þær í a.m.k. 100° horn. Gólfhlerar á lómum skulu opnast inn í farþegarýmið.
- 7.6.9.5. Neyðarlúgur skal vera auðvelt að opna og fjarlægja innan eða utan frá. Þó skal ekki líta svo á að þessi krafa útiloki að hægt sé að læsa lúgunni til að gæta öryggis ökutækisins þegar enginn er í því, að því tilskildu að alltaf sé hægt að opna eða fjarlægja lúguna innan frá með því að nota venjulega búnað til að opna eða loka. Ef um auðbrjótanlega lúgu er að ræða skal búnaður vera til staðar við lúguna, sem auðvelt er að nálgast fyrir alla sem eru inni í ökutækinu, til að tryggja að hægt sé að brjóta lúguna.

- 7.6.10. Tæknilegar kröfur fyrir uppdræg þrep
- Ef ökutækið er búið uppdrægum þrepum skulu þau uppfylla eftirtaldar kröfur:
- 7.6.10.1. við notkun skulu uppdræg þrep vera samstillt samsvarandi farþega- eða neyðardryrum;
- 7.6.10.2. þegar dyrnar eru lokaðar skulu uppdrægu þrepin hvergi skaga meira en 10 mm fram fyrir aðliggjandi línu yfirbyggingarinnar næst þrepunum;
- 7.6.10.3. þegar dyrnar eru opnar og uppdrægu þrepin eru í útdreginni stöðu skal yfirborðsflötur vera í samræmi við kröfur liðar 7.7.7 í þessum viðauka;
- 7.6.10.4. ef um er að ræða aflknúin þrep skal ekki gerlegt að færa ökutækið úr kyrrstöðu fyrir eigin afli þegar þrepin eru í útdreginni stöðu. Ef þrepin eru með handvirkum búnaði skal hljóðmerki gera ökumanninum viðvart ef þrepin eru ekki uppdræg til fulls;
- 7.6.10.5. ekki skal vera hægt að draga aflknúin þrep út þegar ökutækið er á ferð. Ef búnaðurinn, sem stjórnar þrepunum, bílar skulu þrepin dragast upp og haldast í uppdræginni stöðu. Þó skal það ekki hindra notkun samsvarandi dyra ef slík bilun verður eða ef þrepið skemmist eða festist;
- 7.6.10.6. ef farþegi stendur í aflknúnum þrepum skal ekki vera hægt að loka dyrnum við þau þrep. Ganga skal úr skugga um að þessi krafa sé uppfyllt með því að setja 15 kg massa, þannig að samsvari litlu barni, í mitt þrepið. Þessi krafa gildir ekki um neinar dyr sem eru í beinu sjónmáli frá ökumanninum;
- 7.6.10.7. hreyfing uppdrægu þrepanna skal ekki geta haft í för með sér að líkamleg meiðsl verði á farþegum eða þeim sem bíða í biðskýlum;
- 7.6.10.8. hornin á uppdrægu þrepunum sem snúa fram eða aftur skulu vera ávöl með a.m.k. 5 mm radius. Brúnirnar skulu vera rúnnaðar með a.m.k. 2,5 mm radius;
- 7.6.10.9. þegar farþegadyr eru opnar skulu uppdrægu þrepin haldast tryggilega í útdreginni stöðu. Ef settur er 136 kg massi í miðjuna á einu þrepi eða 272 kg massi í miðjuna á tvíbreiðu þrepi skal ekkert svæði þrepsins sveigjast niður á við sem nemur meira en 10 mm.
- 7.6.11. Merkingar
- 7.6.11.1. Sérhver neyðarútgangur skal vera merktur innan á og utan á ökutækinu með áletrun sem segir, t.d.:
- „Emergency exit“
 „Issue de secours“
 „Salida de emergencia“
 „Nødudgang“
 „Notausstieg“
 „Εξόδος κινδύνου“
 „Uscita di sicurezza“
 „Nooduitgang“
 „Saida de emergência“
 „Hätäuloskäynti“
 „Nödutgång“
- og til viðbótar skal vera, þar sem við á, eitt af þeim táknum sem sýnt er í lið 3.4 í II. viðauka við tilskipun 92/58/EBE.
- 7.6.11.2. Neyðarstjórntæki fyrir farþegadyr og alla neyðarútganga skulu merkt samkvæmt því innan á og utan á ökutækinu annaðhvort með táknrænu merki eða með skýrt orðaðri áletrun.
- 7.6.11.3. Setja skal greinargóðar leiðbeiningar um notkun á eða nálægt sérhverju neyðarstjórntæki fyrir útgang.

7.6.11.4. Þær áletranir, sem hafa skal til að fara að ákvæðum liða 7.6.11.1 til 7.6.11.3 að framan, skulu vera á tungumáli sem viðurkenningaryfirvaldið ákvarðar með tilliti til þess lands eða landa þar sem umsækjandinn hyggst setja ökutækið á markað í samstarfi við, ef nauðsynlegt er, lögbær yfirlönd landsins eða landanna sem um ræðir. Ef yfirlönd í landinu/löndunum þar sem skrá skal ökutækið láta breyta tungumálinu skal þessi breyting ekki kalla á nýtt gerðarviðurkenningarferli.

7.7. Innra skipulag

7.7.1. Aðgangur að farþegadyrum (sjá mynd 1 í III. viðauka)

7.7.1.1. Auða rýmið, sem nær inn eftir ökutækinu frá þeirri hlið þar sem dyrnar eru, skal vera það stórt að þar komist auðveldlega í gegn réttmynd, lóðrétt plata, sem er 20 mm á þykkt, 400 mm á breidd og 700 mm á hæð frá gólfi, og annarri plötu, 550 mm á breidd, er komið fyrir í samhverfu fyrir ofan hana. Hæð seinni plötunnar er eins og mælt er fyrir um fyrir þann flokk ökutækja sem um ræðir. Tvískipta platan skal haldast samsíða dyraopinu þegar hún er færð úr upphaflegri stöðu, og skal sá flötur hennar, sem snýr að og er næst innra rými ökutækisins, snerta ystu brún opsins, í stöðu þar sem hún snertir fyrsta þrepið en eftir það skal hún haldast hornrétt á hreyfistefnu þess sem notar innganginn.

7.7.1.2. Hæð efri réttmyndu plötunnar skal, fyrir þann undirflokk og flokk ökutækja sem um ræðir, vera eins og mælt er fyrir um í töflunni hér á eftir. Þess í stað má nota trapisulaga plötu, 500 mm á hæð, sem brúar bilið milli efri og neðri plötunnar. Ef svo er skal heildarhæð réttmyndu plötunnar og þessa trapisulagaða hluta efri plötunnar vera 1100 mm fyrir alla undirflokka ökutækja sem rúma fleiri en 22 farþega og 950 mm fyrir þá undirflokka ökutækja sem rúma allt að 22 farþega.

Ökutækjaflokkur	Hæð efri plötu (mm) (Mál „A“ mynd 1)			Heildarhæð	Breidd
		Trapisulöguð plata, ef hún er til staðar			
Undirflokkur A (*)	950	950	1 650	550 (**)	
Undirflokkur B (*)	700	950	1 400		
Undirflokkur I	1 100	1 100	1 800		
Undirflokkur II	950	1 100	1 650		
Undirflokkur III	850	1 100	1 550		

(*) Að því er varðar ökutæki sem rúma allt að 22 farþega má lægri platan hliðrast miðað við efri plötuna svo fremi að það sé í sömu átt.

(**) Breidd efri plötunnar má minnka niður í 400 mm með því að sníða af og mynda skáa sem er ekki meira en 30° frá lárétta fletinum.

7.7.1.3. Ef miðlína þessarar tvískiptu plötu er færð um 300 mm frá upphaflegri stöðu og tvískipta platan snertir yfirborð þrepsins skal hún haldast í þeirri stöðu.

7.7.1.4. Eftir það skal færa sívalninginn (sjá mynd 6 í III. viðauka) sem notaður er til að prófa rýmið í ganginum og byrja að færa hann eftir ganginum í þá átt sem sennilegt er að farþegi á leið út úr ökutækinu fari þar til miðlína sívalningsins hefur náð lóðréttu planinu þar sem efsta brún efsta þrepsins er eða þar til plan sem snertir efri sívalninginn snertir tvískiptu plötuna, hvort sem á sér stað fyrr og er haldið í þeirri stöðu (sjá mynd 2 í III. viðauka).

7.7.1.5. Milli sívalningsins, í þeirri stöðu sem lýst er í lið 7.7.1.4, og tvískiptu plötunnar, í þeirri stöðu sem lýst er í lið 7.7.1.3, skal vera autt rými og eru efri og neðri mörk þess sýnd á mynd 2 í III. viðauka. Þetta auða rými skal vera þannig að lóðrétt plata komist auðveldlega þar í gegn en form hennar og stærðir eru hin sömu og miðhluta sívalningsins (liður 7.7.5.1) og hún má ekki vera meira en 20 mm að þykkt. Færa skal þessa plötu frá þeim stað þar sem sívalningurinn er í snertistöðu þar til ytri hliðin snertir innri hlið tvískiptu plötunnar og snertir svæðið eða svæðin við efri brúnir þrepsins í þá átt sem sennilegt er að farþegi á útleið fari í (sjá mynd 2 í III. viðauka).

- 7.7.1.6. Auða rýmið, sem sivalningurinn skal færast eftir, skal ekki ná til rýmis sem nær 300 mm fram fyrir óbælda setu í sæti sem snýr annaðhvort fram eða aftur eða 225 mm ef sætin eru þar sem hjólskálarnar eru og að þeirri hæð sem sá hluti setunnar sem snýr upp er í.
- 7.7.1.7. Ef um er að ræða fellisæti skal þetta rými ákvarðast af stöðu sætisins þegar það er í notkun.
- 7.7.1.8. Hins vegar má fellisæti, sem starfsmenn nota, teppa dyrarýmið þegar farþegadyrnar eru í notkunarstöðu svo fremi að:
- 7.7.1.8.1. greinilega sé tilgreint, bæði inni í ökutækinu sjálfu og á EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu (sjá 2. viðbæti í II. viðauka) að sætið sé eingöngu ætlað til nota fyrir starfsmenn;
- 7.7.1.8.2. þegar sætið er ekki í notkun falli það sjálfkrafa saman eins og nauðsynlegt er svo að uppfylla megi kröfur liðar 7.7.1.1 eða 7.7.1.2 og 7.7.1.3, 7.7.1.4 og 7.7.1.5;
- 7.7.1.8.3. ekki sé litið á dyrnar sem skyldubundinn útgang samkvæmt ákvæðum liðar 7.6.1.4 og
- 7.7.1.8.4. þegar sætið er í notkun og þegar það er niðurfellt nái enginn hluti þess fram fyrir lóðréttan planið sem liggur í gegnum miðju yfirborðs á ökumannssætinu þegar það er í öftustu stöðu og í gegnum miðju baksýnispegilsins sem er utan á ökutækinu á gagnstæðri hlið þess.
- 7.7.1.9. Ef um er að ræða ökutæki sem ekki rúma fleiri en 22 farþega skal litið svo á að dyragáttin og leið farþega að henni sé greið ef í henni er:
- 7.7.1.9.1. autt rými sem er, þegar mælt er samsíða lengdarás ökutækisins, a.m.k. 220 mm á hvaða punkti sem er og 550 mm á hvaða punkti sem er meira en 500 mm fyrir ofan gólfíð eða þrepin (mynd 3 í III. viðauka);
- 7.7.1.9.2. autt rými sem er, þegar mælt er hornrétt á lengdarás ökutækisins, a.m.k. 300 mm á hvaða punkti sem er og 550 mm á hvaða punkti sem er meira en 1200 mm fyrir ofan gólfíð eða þrepin eða minna en 300 mm undir þakinu (mynd 4 í III. viðauka).
- 7.7.1.10. Stærðir farþegadyra og neyðardyra í lið 7.6.3.1 og kröfur liðar 7.7.1.1 til 7.7.1.7, 7.7.2.1 til 7.7.2.3 og 7.7.5.1 og 7.7.8.5 skulu ekki gilda um ökutæki í undirflokki B, sem eru með tæknilega leyfilegan hámarks massa sem er ekki yfir 3,5 tonnum og allt að 12 farþegasætum, og í þeim er óhindraður aðgangur að a.m.k. tvennum dyrum úr öllum sætunum.
- 7.7.1.11. Hámarkshalli gólfsins í dyrarýminu skal ekki vera meiri en 5% þegar hann er mældur í ökutækinu með eigin þyngd og það er tilbúið til akstur á láréttu yfirborði. Ekki skal neins konar innstigs-lækkun vera virk.
- 7.7.2. Aðgangur að neyðardyrum (sjá mynd 5 í III. viðauka)
- Eftirfarandi kröfur skulu ekki gilda um dyr ökumanns sem eru notaðar sem neyðarútgangur í ökutækjum sem ekki rúma fleiri en 22 farþega.
- 7.7.2.1. Auða rýmið milli gangsins og neyðardyranna skal vera þannig að þar komist í gegn lóðréttur sivalningur sem er 300 mm í þvermál og í 700 mm hæð frá gólfi og ber uppi annan lóðréttan sivalning sem er 550 mm í þvermál og samanlögð hæð samsettu einingarinnar sé 1400 mm.
- Þvermál efri sivalningsins má minnka efst niður í 400 mm með því að sníða af og mynda skáa sem er ekki meira en 30° frá lárétta fletinum.
- 7.7.2.2. Grunnflötur fyrri sivalningsins skal ekki vera stærri en sem nemur ofanvarpi seinni sivalningsins.
- 7.7.2.3. Ef fellisætum er komið fyrir eftir þessum gangi endilöngum skal ákvarða auða rýmið fyrir sivalninginn þegar sætið er í notkunarstöðu.
- 7.7.2.4. Í staðinn fyrir tvískipta sivalninginn má nota mælíbúnaðinn sem lýst er í lið 7.7.5.1 (sjá mynd 6 í III. viðauka).

- 7.7.3. Aðgangur að neyðargluggum
 - 7.7.3.1. Unnt skal vera að færa mælíbúnaðinn úr ganginum og út úr ökutækinu í gegnum alla neyðargluggana.
 - 7.7.3.2. Mælíbúnaðurinn skal færast í sömu stefnu og sennilegt er að farþegi fylgi sem er að yfirgefa ökutækið. Halda skal mælíbúnaðinum hornrétt á hreyfistefnuna.
 - 7.7.3.3. Mælíbúnaðurinn skal vera sem þunn plata að lögun, 600 × 400 mm að stærð, með rúnnuðum hornum með 200 mm radius. Þó má mælíbúnaðurinn vera 1400 × 350 mm að stærð með rúnnuðum hornum með 175 mm radius ef um er að ræða neyðarglugga á afturhluta ökutækisins.
- 7.7.4. Aðgangur að neyðarlúgum
 - 7.7.4.1. Neyðarlúgur í þaki
 - 7.7.4.1.1. Að undanteknum ökutækjum í undirflokki I skal vera a.m.k. ein neyðarlúga sem er þannig að stýfður píramítí með fjórum hliðum, 20° hliðarhorni og 1600 mm á hæð snertir hluta sætis eða samsvarandi stoð. Ás píramítans skal vera lóðréttur og sá hluti hans sem er smærri skal vera í snertingu við opna svæðið á neyðarlúgunni. Stoðirnar geta verið samfellanlegar eða færanlegar svo fremi að hægt sé að læsa þær í ákveðinni notkunarstöðu. Þessa stöðu skal sannprófa.
 - 7.7.4.1.2. Ef þakþykktin er meiri en 150 mm skal sá hluti píramítans, sem minni er, vera í snertingu við opna svæðið á neyðarlúgunni í sömu hæð og efri brún þaksins.
 - 7.7.4.2. Neyðarlúgur í gólfí

Þegar um er að ræða neyðarlúgu í gólfí skal vera bein og greið leið út úr ökutækinu um hana og henni skal vera komið fyrir þar sem er autt rými fyrir ofan lúguna sem samsvarar hæð gangsisins. Hitagjafir eða hlutir sem hreyfast skulu vera í a.m.k. 500 mm fjarlægð frá hvaða hluta lúguopsins sem er.

Unnt skal vera að hreyfa mælíbúnaðinn, sem er eins og þunn plata að lögun af stærðinni 600 mm × 400 mm með hornin rúnnuð af og með 200 mm radius, í láréttri stöðu frá 1 m hæð yfir gólfí ökutækisins og niður að jörðu.
- 7.7.5. Gangar (sjá mynd 6 í III. viðauka)
 - 7.7.5.1. Gangur í ökutæki skal vera hannaður og byggður þannig að eftir honum komist mælíbúnaður sem samanstendur af tveimur samása sívalningum með umhverfðum keilustúf sem settur er á milli þeirra, en stærðir mælíbúnaðarins skulu vera eftirfarandi (í mm):

	Undirflokkur I	Undirflokkur II	Undirflokkur III	Undirflokkur A	Undirflokkur B
Þvermál neðri sívalnings „A“	450	350	300	350	300
Hæð neðri sívalnings	900	900	900	900	900
Þvermál efri sívalnings „C“	550	550	450	550	450
Hæð efri sívalnings „B“	500 (*)	500 (*)	500 (*)	500 (*)	300
Hæð samtals „H“	1 900 (*)	1 900 (*)	1 900 (*)	1 900 (*)	1 500

(*) Hæð efri sívalningsins og þ.m.t. heildarhæðina má minnka um 100 mm hvar sem er í ganginum aftan við:
 — lóðrétt þverplan sem er 1,5 m framan við miðlínu afturássins (fremsta afturássins ef um er að ræða ökutæki með fleiri en einum afturási) og
 — lóðrétt þverplan sem er við aftari brún farþegadyranna eða öftustu farþegadyranna ef þær eru fleiri en ein.

Þvermál efri sívalningsins má minnka efst niður í 300 mm með því að sníða af og mynda skáa sem er ekki meira en 30° frá lárétta fletinum.

Mælibúnaðurinn má komast í snertingu við hanka, ef um þá er að ræða, eða aðra sveigjanlega hluti, t.d. hluta úr sætisbeltum, og færa þá til eftir því sem hann hreyfist.

- 7.7.5.1.1. Ef ekki er neinn útgangur fyrir framan sæti eða sætaröð:
- 7.7.5.1.1.1. og ef um er að ræða sæti sem snúa fram, skal fremri brún sívala mælibúnaðarins, sem skilgreindur er í 7.7.5.1, ná a.m.k. fram að lóðrétta þverplaninu sem snertir fremsta punkt baksins á fremstu sætaröðinni og skal halda honum í þeirri stöðu. Frá þessu plani verður að vera unnt að færa plötuna, sem sýnd er á mynd 7 í III. viðauka, þannig að hún færist úr upphafsstöðu þar sem hún snertir sívala mælibúnaðinn og sú hlið plötunnar sem snýr að úthlið ökutækisins færist fram á við sem svarar 660 mm.
- 7.7.5.1.1.2. og ef um er að ræða hliðarsæti skal fremri hluti sívala mælibúnaðarins ná a.m.k. að þverplaninu sem snertir lóðrétta planið sem liggur gegnum miðju fremsta sætisins (mynd 7 í III. viðauka).
- 7.7.5.1.1.3. og ef um er að ræða sæti sem snúa aftur skal fremri hluti sívala mælibúnaðarins ná a.m.k. að lóðrétta þverplaninu sem snertir yfirborð setunnar í sætum í fremstu röðinni eða fremsta sætinu (mynd 7 í III. viðauka).
- 7.7.5.2. Í ökutækjum í undirflokki I má minnka þvermál neðri sívalningsins úr 450 mm í 400 mm hvar sem er í ganginum aftan við:
- 7.7.5.2.1. lóðrétt þverplan sem er 1,5 m framan við miðlínu afturássins (fremsta afturássins ef um er að ræða ökutæki með fleiri en einum afturási) og
- 7.7.5.2.2. lóðrétt þverplan sem er við aftari brún öftustu farþegadyranna.
- 7.7.5.3. Í ökutækjum í undirflokki III mega sætin öðrum eða báðum megin gangans vera færanleg til hliðar en þá er hægt að minnka breidd gangans þannig að hún samsvari neðri sívalningnum ef hann er 220 mm í þvermál að því gefnu að beita megi stjórnþæki á hvert sæti, sem farþegi sem stendur í ganginum á greiðan aðgang að, til að láta sætið fara aftur á sinn stað, og sjálfkrafa ef mögulegt er jafnvel þegar þungi hvílir á því, í stöðu sem samsvarar 300 mm lágmarksbreidd.
- 7.7.5.4. Í liðskiptum ökutækjum skal mælibúnaðurinn, sem skilgreindur er í lið 7.7.5.1, komast óhindraður í gegnum liðskipta hlutann. Enginn hluti klæðningarinnar í þeim hluta skal skaga fram í ganginn, ekki heldur belghlutar.
- 7.7.5.5. Koma má þrepum fyrir í ganginum. Breidd þeirra þrepa skal samsvara a.m.k. breidd gangans við efsta þrepið.
- 7.7.5.6. Fellisæti, sem gera farþegum kleift að sitja í ganginum, eru ekki leyfð.
- 7.7.5.7. Rennisæti, sem renna til hliðar og færast inn á ganginn í ákveðinni stöðu, skulu ekki leyfð nema í ökutækjum í undirflokki III og eru háð skilyrðunum sem tilgreind eru í lið 7.7.5.3.
- 7.7.5.8. Þegar um er að ræða ökutæki sem ákvæði liðar 7.7.1.9 gilda um skal ekki vera nauðsynlegt að hafa gang, svo fremi sem stærðirnar er varða aðgang, sem tilgreind eru í þeim lið, séu virt.
- 7.7.5.9. Yfirborð ganga og dyrarýmis skal vera stamt.
- 7.7.6. Halli gangans
- Halli gangans, mældur í ökutæki án hleðslu á láréttum fleti og með innstíglækkunina óvirka, skal ekki vera meiri en:
- 7.7.6.1. 8% sé um að ræða ökutæki í undirflokki I, II og A;
- 7.7.6.2. 12,5% ef um er að ræða laggólfsökutæki í undirflokki I eða II, sem getið er um í 2. mgr. 2. gr., að því er varðar innri hluta gangans, 2 m báðum megin miðlínu annars ássins og, ef við á, þriðja ássins og með heildarlengd sem nemur 2 m;

- 7.7.6.3. 12,5 % sé um að ræða ökutæki í undirflokki III og B og
- 7.7.6.4. 5% sé um að ræða planið sem er hornrétt á lengdarsamhverfuás ökutækisins.
- 7.7.7. Þrep (sjá mynd 8 í III. viðauka)
- 7.7.7.1. Hámarks- og lágmarkshæð, þegar innstigslækkunin er ekki í gangi, og lágmarksdýpt þrepanna fyrir farþega í farþega- og neyðardryrum og inni í ökutækinu sjálfu skal vera eftirfarandi:

Flokkar		I og A	II, III og B
Fyrsta þrep frá jörðu „D“	Hámarkshæð (mm)	340 ⁽¹⁾	380 ⁽¹⁾ ⁽²⁾ ⁽³⁾
	Lágmarksdýpt (mm)	300 (*)	
Önnur þrep „E“	Hámarkshæð (mm)	250 ⁽³⁾	350 ⁽⁴⁾
	Lágmarkshæð (mm)	120	
	Lágmarksdýpt (mm)	200	

(*) 230 mm fyrir ökutæki sem rúma 22 farþega eða færri.

⁽¹⁾ 700 mm ef um er ræða neyðardyr;

1 500 mm ef um er að ræða neyðardyr á efri hæð tveggja hæða ökutækis.

⁽²⁾ 430 mm ef um er að ræða ökutæki sem er einungis með vélrænni fjöðrun.

⁽³⁾ 300 mm ef um er að ræða þrep við dyr aftan við aftasta ásinn.

⁽⁴⁾ 250 mm á göngum í ökutækjum sem rúma 22 farþega eða færri.

⁽⁵⁾ Að því er varðar a.m.k. einar farþegadyr; 400 mm fyrir aðrar farþegadyr.

Aths.: 1. Ef um er að ræða tvíbreiðar dyr skal líta á þrepin í hvorum helmingi dyrarýmisins um sig sem aðskildar.

2. Stærð E á mynd 8 í III. viðauka þarf ekki að vera sú sama fyrir hvert og eitt þrep.

- 7.7.7.1.1. Hvers konar aðlögun milli lækkaðs gangs og sætarýmis telst ekki vera þrep. Þó skal lóðrétt bilið milli yfirborðs gangsins og gólfins í sætarýminu ekki vera meira en 350 mm.
- 7.7.7.2. Að því er varðar lið 7.7.7 skal mæla hæð þreps fyrir miðju þess á þverveginn. Að auki skulu framleiðendur sérstaklega gæta að aðgengi fyrir hreyfihamlaða, einkum skal gæta þess að hæð þrepa sé sem minnst.
- 7.7.7.3. Hæð fyrsta þrepsins miðað við jörðu skal mæld þegar ökutækið, með eigin massa og tilbúið til aksturs, eins og skilgreint er í lið 2.18, og hjólbarðar og þrýstingur eins og framleiðandi tilgreinir fyrir tæknilega leyfilegan hámarks massa með hleðslu (M) eins og tilgreint er í samræmi við lið 2.19.
- 7.7.7.4. Ef þrepin eru fleiri en eitt má hvert þrep ná inn á það svæði þar sem næsta þrep skagar lóðrétt út allt að 100 mm og ofanvarpið yfir þrepið fyrir neðan myndar autt yfirborð sem nemur a.m.k. 200 mm (sjá mynd 8 í III. viðauka) og allar þrepabrúnir skulu hannaðar þannig að sem minnst hætta sé á að hnotið sé um þær og þær skulu vera í andstæðum lit eða litum.
- 7.7.7.5. Hvert og eitt þrep skal vera þannig að breidd og lögun að á því sé unnt að koma fyrir rétthyrningi, eins og tilgreint er í töflunni hér á eftir, þannig að í mesta lagi 5% af fleti þessa rétthyrnings skagi fram fyrir þrepið. Þegar um er að ræða tvíbreiðar dyr skal hvor helmingur dyranna um sig uppfylla þessa kröfu.

Fjöldi farþega		> 22	≤ 22
Rými	Fyrsta þrep (mm)	400 × 300	400 × 200
	Önnur þrep (mm)	400 × 200	400 × 200

- 7.7.7.6. Öll þrep skulu vera með stömu yfirborði.

- 7.7.7.7. Hámarkshalli þrepsins í hvaða átt sem er skal ekki vera meiri en 5% þegar óhlaðið ökutæki stendur á jöfnu og lárétu yfirborði í venjulegu akstursástandi (mikilvægt er að engin innstigslekkun sé virk).
- 7.7.8. Farþegasæti og rými fyrir farþega í sætum
- 7.7.8.1. Lágmarksbreidd sæta
- 7.7.8.1.1. Lágmarksbreidd setu, stærð F, (mynd 9 í III. viðauka), mælt frá lóðréttu plani sem liggur gegnum miðju þess sætis, skal vera:
- | | |
|--------------------------|--------|
| Undirflokkur I, II, A, B | 200 mm |
| Undirflokkur III | 225 mm |
- 7.7.8.1.2. Lágmarksbreidd rýmis fyrir hvert sæti, stærð G, (mynd 9 í III. viðauka), mælt frá lóðréttu plani sem liggur gegnum miðju þess sætis í hæð á bilinu 270 og 650 mm fyrir ofan óbælda setu, skal vera a.m.k.:
- | | |
|---------------------------------------|--------|
| stök sæti: | 250 mm |
| sætaraðir fyrir 2 farþega eða fleiri: | 225 mm |
- 7.7.8.1.3. Sé um að ræða ökutæki sem eru allt að 2,35 m á breidd skal breidd tiltæks rýmis fyrir hvert sæti, mælt frá lóðréttu plani sem liggur gegnum miðju þess sætis í hæð á bilinu 270 og 650 mm fyrir ofan óbælda setu, vera 200 mm (sjá mynd 9 í III. viðauka). Ef kröfur þessa liðar eru uppfylltar skulu kröfur liðar 7.7.8.1.2. ekki gilda.
- 7.7.8.1.4. Að því er varðar ökutæki sem rúma 22 farþega eða færri með sætum við hliðar ökutækisins skal rýmið sem tiltækt er ekki ná yfir þrihyrningslaga svæði í efri hlutanum sem er 20 mm á breidd og 100 mm á hæð (sjá mynd 10 í III. viðauka). Auk þess skal líta svo á að rýmið, sem nauðsynlegt er fyrir öryggisbelti og festingar þeirra og sólskyggni, sé undanþegið þessu.
- 7.7.8.2. Lágmarksdýpt setu (stærð K, sjá mynd 11 í III. viðauka)
- Lágmarksdýpt setu skal vera:
- 7.7.8.2.1. 350 mm í ökutækjum í undirflokki I, A og B og
- 7.7.8.2.2. 400 mm í ökutækjum undirflokki II og undirflokki III.
- 7.7.8.3. Hæð setu (stærð H, sjá mynd 11 í III. viðauka)
- Hæð óbældrar setu miðað við gólf skal vera þannig að fjarlægðin frá gólfi að lárétu plani sem snertir efra yfirborð sætisþúðans að framan sé á bilinu 400 til 500 mm: þessa hæð má minnka niður í a.m.k. 350 mm við hjólskálur og vélarrými.
- 7.7.8.4. Bil milli sæta (sjá mynd 12 í III. viðauka)
- 7.7.8.4.1. Ef um er að ræða sæti sem snúa í sömu átt skal fjarlægðin milli framhliðar sætisbaksins og afturhliðar sætisbaksins sem er fyrir framan það (stærð H) mæld lárétt og við alla hæðarpunkta yfir gólfi milli yfirborðs sætisþúðans og punkts sem er 620 mm yfir gólfi, ekki vera minni en:

H	
Undirflokkur I, A og B	650 mm
Undirflokkur II og III	680 mm

- 7.7.8.4.2. Allar mælingar skulu gerðar þegar setan og sætisbakið eru óbæld í lóðréttu plani sem gengur gegnum miðlínu staks sætis.
- 7.7.8.4.3. Ef sæti sem snúa þversum eru andspænis hvert öðru skal lágmarksbil milli framhliðar sætisbaka á sætum sem eru gegnt hvert öðru þegar mælt er þvert yfir hæstu punkta setanna vera a.m.k. 1300 mm.
- 7.7.8.4.4. Þegar um er að ræða farþegasæti sem hægt er að halla aftur í hvíldarstöðu og stillanleg ökumannsæti skal gera mælingar með sætisbökun og annan stillanlega sætisbúnað í venjulegri notkunarstöðu sem framleiðandi tilgreinir.
- 7.7.8.4.5. Þegar mælingar eru gerðar skulu öll felliborð á sætisbökum vera í felld að.
- 7.7.8.4.6. Sæti, sem eru á brautum eða með öðrum búnaði sem gerir stjórnandanum eða notandanum kleift að breyta auðveldlega uppsetningu inni í ökutækinu, skulu mæld í venjulegri notkunarstöðu sem framleiðandi tilgreinir í viðurkenningarumsókn.
- 7.7.8.5. Rými fyrir farþega í sætum (sjá mynd 13 í III. viðauka)
- 7.7.8.5.1. Fyrir framan sérhvert farþegasæti skal vera autt svæði að lágmarkstærð eins og sýnt er á mynd 13 í III. viðauka. Leyfilegt er að útlínur sætisbaks annars sætis fyrir framan eða skilrúms, sem samsvara u.þ.b. útlínunum hallandi sætisbaksins, nái inn á þetta svæði eins og kveðið er á um í lið 7.7.8.4. Einnig er leyfilegt að stólfætur séu til staðar í þessu rými svo fremi að nægilegt rými sé enn til staðar fyrir fætur farþega. Ef sæti eru við hliðina á sæti ökumanns í ökutækjum sem rúma allt að 22 farþega er heimilt að mælaborð, stjórnborð, framrúða, sólskyggni, öryggisbelti og öryggisbeltafestingar skerði rýmið.
- 7.7.8.5.2. Þó skal komið fyrir a.m.k. tveimur framvísandi eða afturvísandi sætum í ökutækjum í undirflokkum I og II og einu í undirflokkum A, sem eru sérstaklega ætluð og merkt öðrum hreyfihömluðum farþegum en þeim sem eru í hjólastólum, í þeim hluta hópþreifðarinnar þar sem hentugast er að koma inn í hana. Þessi sæti skulu hönnuð fyrir hreyfihamlaða farþega á þann hátt að nægjanlegt rými sé fyrir hendi, þau skulu vera með handföngum sem eru hönnuð og sett upp þannig að auðvelt sé að setjast í sætið og komast úr því og að hægt sé að eiga samskipti við aðra úr sætinu í samræmi við lið 7.7.10.
- 7.7.8.5.2.1. Þessi sæti skulu gefa kost á a.m.k. 110% af því rými sem tilgreint er í lið 7.7.8.5.1.
- 7.7.8.6. Autt svæði fyrir ofan sæti
- 7.7.8.6.1. Fyrir ofan hvert og eitt sæti og á samsvarandi svæði fyrir fætur, nema þegar um er að ræða sæti í fremstu röð í ökutæki sem rúmar allt að 22 farþega, skal mæla autt svæði, sem er ekki minna en 900 mm á hæð, þegar mælt er frá hæsta punkti óbældrar setu og a.m.k. 1350 mm frá meðalgólfhæð svæðisins fyrir fætur. Ef um er að ræða ökutæki sem liður 7.7.1.10 gildir um skal þessi stærð minnkuð í 1200 mm þegar mælt er frá gólfi.
- 7.7.8.6.2. Þetta auða svæði skal einnig ná yfir svæði sem markast af:
- 7.7.8.6.2.1. lóðréttum lengdarplönunum 200 mm hvort sínum megin við lóðrétt miðplan sætisins og
- 7.7.8.6.2.2. lóðréttu þverplani gegnum aftasta og efsta punkt sætisbaksins og lóðréttu þverplani 280 mm fyrir framan fremsta punkt óbældrar setu og skal alltaf mælt við lóðrétt miðplan sætisins.
- 7.7.8.6.3. Frá jöðrum auða svæðisins, sem skilgreint er í lið 7.7.8.6.1 og 7.7.8.6.2, má undanskilja eftirfarandi svæði:
- 7.7.8.6.3.1. svæði með réthyrndu þversniði, 150 mm á hæð og 100 mm á breidd (sjá mynd 14 í III. viðauka) þegar um er að ræða efri hluta ystu sæta;
- 7.7.8.6.3.2. svæði með þríhyrndu þversniði og toppunktur þess er 650 mm frá gólfi og grunnlína þess er 100 mm á breidd (sjá mynd 15 í III. viðauka) þegar um er að ræða efri hluta ystu sæta;

- 7.7.8.6.3.3. svæði sem að þverfleti er ekki stærra en 0,02 m² (0,03 m² fyrir lággólfökutæki í undirflokki I) og er ekki yfir 100 mm á breidd (150 mm fyrir lággólfökutæki í undirflokki I) (sjá mynd 16 í III. viðauka) þegar um er að ræða fótarymi hjá ytra sæti;
- 7.7.8.6.3.4. að því er varðar sætin næst hornunum aftast í yfirbyggingunni í ökutækjum sem rúma allt að 22 farþega er leyfilegt að rúnna ytri aftari jaðar auða svæðisins með raddis sem er ekki meiri en 150 mm (sjá mynd 17 í III. viðauka).
- 7.7.8.6.4. Á auða svæðinu, sem skilgreint er í lið 7.7.8.6.1, 7.7.8.6.2 og 7.7.8.6.3, er auk þess leyfilegt að eftirfarandi skerði rýmið:
- 7.7.8.6.4.1. bak annars sætis, burðarvirki þess og áfastir hlutir (t.d. felliborð);
- 7.7.8.6.4.2. hjólskálar á ökutæki sem rúmar allt að 22 farþega svo fremi að annað eftirfarandi tveggja skilyrða sé uppfyllt:
- 7.7.8.6.4.2.1. hjólskálín má ekki ná það langt inn að hún fari yfir lóðrétt miðplan sætisins (sjá mynd 18 í III. viðauka) eða
- 7.7.8.6.4.2.2. sú brún á næsta fótarymi, sem er 300 mm á dýpt og er tiltækt fyrir fætur farþega í sætum, skal ekki vera framar en 200 mm frá brún óbældrar setu og ekki meira en 600 mm fyrir framan sætisbakið og skulu þessar mælingar gerðar á lóðréttu miðplani sætisins (sjá mynd 19 í III. viðauka). Ef tvö sæti eru gegnt hvort öðru skal þetta ákvæði aðeins gilda um annað sætið og tiltækt fótarymi fyrir farþega í sætum skal vera a.m.k. 400 mm;
- 7.7.8.6.4.3. ef sæti eru við hliðina á sæti ökumanns í ökutækjum sem rúma allt að 22 farþega skal leyfa að gluggar sem festir eru með lómum á neðri brún, ásamt festingum, mælaborð, stjórnborð, framrúðu, sólskyggni, öryggisbelti og öryggisbeltafestingar og framhluti toppsins skerði rýmið.
- 7.7.9. Samskipti við ökumann
- 7.7.9.1. Í ökutækjum í undirflokki I, II og A skal vera búnaður sem gerir farþegum kleift að gefa ökumanni merki um að hún/hann skuli stöðva ökutækið. Stjórnæki fyrir allan slíkan samskiptabúnað skulu vera með útstæðum hnöppum, í ökutækjum í undirflokki I og A skulu þau ekki vera yfir 1200 mm frá gólf og vera í andstæðum lit eða litum. Stjórnækjum skal dreift nægilega mörgum og jafnt um allt ökutækið. Einnig skal gefa farþegum til kynna að stjórnæki hafi verið beitt með einu eða fleiri upplýstum merkjum. Á merkinu skulu t.d. koma fram orðin:
- „bus stopping“
 „arrêt demandé“
 „parada solicitada“
 „standser“
 „Bus hält“
 „στάση“
 „fermata richiesta“
 „bus stoppt“
 „paragem“
 „pysähty“
 „stannar“;
- eða sambærilegt og/eða viðeigandi tákmynd og skal haldast upplýst þar til farþegadyrnar opnast. Liðskipt ökutæki skulu hafa þess háttar merki í sérhverjum ósveigjanlegum hluta ökutækisins. Í tveggja hæða ökutækjum skulu þau vera á báðum hæðunum.
- 7.7.9.2. Samskipti við starfsmannarými. Ef um starfsmannarými er að ræða en ekki er innangengt þaðan í ökumanns- eða farþegarými skal setja upp samskiptabúnað milli ökumanns og starfsmannarýmis.

- 7.7.10. Sjálfsalar fyrir heita drykki og eldunartæki
- 7.7.10.1. Sjálfsalar fyrir heita drykki og eldunartæki skulu uppsett eða varin á þann hátt að ekki sé hætt á að heitur matur eða drykkir fari niður eða hellist á farþega ef hemlað er í neyð eða þegar tekin er snögg beygja.
- 7.7.10.2. Í ökutækjum sem í eru sjálfsalar fyrir heita drykki eða eldunartæki skulu öll farþegasæti hafa heppilegan búnað þar sem leggja má heitan mat eða drykk frá sér þegar ökutækið er á ferð.
- 7.7.11. Dyr að innra rými
- Allar dyr að snyrtingu eða öðru innra rými:
- 7.7.11.1. skulu lokast sjálfvirkt og skulu ekki hafa neinn búnað sem heldur þeim opnum ef, þegar þær eru opnar, slíkt gæti orðið hindrun fyrir farþega í neyðartilvikum;
- 7.7.11.2. skulu, þegar þær eru opnar, ekki hylja nokkurt handfang, stjórnþúnað til að opna með eða skyldubundna merkingu í tengslum við farþegadyr, neyðardyr, neyðarútgang, slökkvitæki eða sjúkrakassa;
- 7.7.11.3. skulu vera með búnaði til að hægt sé að opna dyrnar utan frá í neyðartilviki;
- 7.7.11.4. skal ekki vera unnt að læsa utan frá nema ætíð sé hægt að opna þær innan frá.
- 7.8. *Raflýsing*
- 7.8.1. Raflýsing inni í ökutækinu skal vera til staðar til að lýsa upp:
- 7.8.1.1. allt rými fyrir farþega, áhöfn, snyrtingar og liðamótin í liðskiptu ökutæki;
- 7.8.1.2. eitt eða fleiri þrep;
- 7.8.1.3. aðgang að öllum útgöngum og svæðinu sem næst er farþegadyrunum;
- 7.8.1.4. merkingar og stjórnþæki inni í ökutækinu fyrir alla útganga;
- 7.8.1.5. alla staði þar sem hindranir eru.
- 7.8.2. Inni í ökutækinu skulu vera a.m.k. tvær ljósalagnir fyrir ljós og þótt önnur þeirra bili skal það ekki hafa áhrif á hina. Líta má rafrás sem eingöngu þjónar stöðugri lýsingu við inngang og útgang sem eina slíka rafrás.
- 7.8.3. Gera skal ráðstafanir til að verja öikumanninn fyrir glampa og endurskini sem stafar af raflýsingu inni í ökutækinu og geta haft áhrif á hann.
- 7.9. *Liðamót liðskiptra ökutækja*
- 7.9.1. Liðamótin, sem tengja saman ósveigjanlega hluta ökutækisins, skulu vera hönnuð og smíðuð á þann hátt að a.m.k. ein snúningshreyfing geti orðið um a.m.k. einn láréttan ás og a.m.k. einn lóðréttan ás.
- 7.9.2. Þegar liðskipt ökutæki með eigin massa og tilbúið til aksturs er kyrrstætt á lárétu yfirborði skal ekki fyrirfinnast bil, milli gólfsins á ósveigjanlegu hlutunum og gólfi þess hluta sem snýst eða þeirrar einingar sem kemur í stað þess hluta, sem er breiðara en:
- 7.9.2.1. 10 mm þegar öll hjól ökutækisins eru á sama plani eða
- 7.9.2.2. 20 mm þegar hjólin á þeim ás sem næstur er liðamótunum hvíla á yfirborði sem er 150 mm hærra en yfirborðið sem hjólin á hinum ásunum hvíla á.

- 7.9.3. Mismunur á halla á gólfinu í ósveigjanlegu hlutunum og gólfinu í hlutanum sem snýst þegar hann er mældur við mótin skal ekki vera meiri en:
- 7.9.3.1. 20 mm við þau skilyrði sem lýst er í lið 7.9.2.1 eða
- 7.9.3.2. 30 mm við þau skilyrði sem lýst er í lið 7.9.2.2.
- 7.9.4. Í liðskiptum ökutækjum skal þannig gengið frá að farþegum sé gert ókleift að komast í nokkurn hluta liðamótanna þar sem:
- 7.9.4.1. óvarið bil er í gólfinu samræmist ekki kröfum í lið 7.9.2;
- 7.9.4.2. gólfíð ber ekki upp þunga farþeganna;
- 7.9.4.3. hreyfing hliðanna setur farþegana í hættu.
- 7.10. *Stefnufylgni liðskiptra ökutækja*
- Þegar liðskipt ökutæki hreyfist í beina línu skulu lengdarmiðjuþlön ósveigjanlegu hlutanna falla saman og mynda samfellt plan án nokkurrar sveigju.
- 7.11. *Handslár og handföng*
- 7.11.1. Almennar kröfur
- 7.11.1.1. Handslár og handföng skulu vera nægilega sterk.
- 7.11.1.2. Þau skulu hönnuð og þeim komið fyrir þannig að ekki sé hætt á að þau geti skaðað farþega.
- 7.11.1.3. Handslár og handföng skulu vera á þeim stað að farþegar nái auðveldlega utan um þau og nái góðri handfestu. Hver handslá skal vera a.m.k. 100 mm á lengd þannig að þar komist fyrir hönd. Hlutinn skal hvergi vera mjórri en 20 mm eða gildari en 45 mm að þvermáli nema þegar um er að ræða handslár á hurðum og sætum og í dyrarými þegar um er að ræða ökutæki í undirflokki II, III og B. Ef svo er skulu leyfilegar handslár sem eru með lágmarksþvermál upp á 15 mm svo fremi að önnur mál séu a.m.k. 25 mm. Handslár skulu ekki vera með kröppum sveigjum.
- 7.11.1.4. Bilið milli handslár eða handfangs og þess hluta yfirbyggingar eða hliðar ökutækisins sem næst liggur skal vera a.m.k. 40 mm. Þó skal leyfilegt að hafa 35 mm bil þegar um er að ræða handslá á hurð eða sæti eða í dyrarými í ökutækjum í undirflokki II, III og B.
- 7.11.1.5. Yfirborð allra handsláa, handfanga og stoða skal vera í andstæðum litum og stamt.
- 7.11.2. Handslár og handföng fyrir standandi farþega
- 7.11.2.1. Nægilega margar handslár og/eða handföng skulu vera upp sett fyrir hvern hluta gólfrýmisins sem ætlaður er standandi farþegum í samræmi við lið 7.2.2. Ef um ólar er að ræða má telja þær sem handföng svo fremi að þær haldist í stöðu sinni með viðeigandi hætti. Þessi krafa skal talin uppfyllt, að því er varðar alla hugsanlega staði með prófunarbúnaðinum sem sýndur er á mynd 20 í III. viðauka, ef hægt er að ná í a.m.k. tvær handslár eða handföng með hreyfiarmi búnaðarins. Prófunarbúnaðinum má snúa að vild um lóðrétta ásinn.
- 7.11.2.2. Þegar beitt er aðferðinni sem lýst er í lið 7.11.2.1 skal einungis líta á þær handslár og handföng sem eru a.m.k. 800 mm og ekki ofar en 1900 mm frá gólfi.
- 7.11.2.3. Í sérhverri stöðu, sem standandi farþegi kann að vera í, skal a.m.k. önnur þeirra tveggja handsláa eða handfanga sem krafist er ekki vera hærra en 1500 mm yfir gólffletinum í þeirri stöðu. Þetta á ekki við um svæði sem liggur næst dyrum eða þar sem dyrnar eða vélbúnaður þeirra, þegar þær eru opnar, myndu koma í veg fyrir að þetta handfang væri notað.

- 7.11.2.4. Á svæðum þar sem standandi farþegar geta verið og sem eru ekki aðskilin með sætum frá hliðum eða afturenda ökutækisins skal komið fyrir láréttum handslám samhliða hliðunum og þær settar upp í hæð á bilinu 800 mm og 1500 mm frá gólfi.
- 7.11.3. Handslár og handföng fyrir farþegadyr
- 7.11.3.1. Í dyraopum skulu vera handslár og/eða handföng báðum megin. Ef um er að ræða tvíbreiðar dyr má uppfylla þessa kröfu með því að setja upp eina stoðsúlu eða eina handslá fyrir miðju.
- 7.11.3.2. Á handslám og/eða handföngum, sem setja skal á farþegadyr, skal vera svæði sem hægt er grípa um fyrir farþega sem stendur á jörðinni næst farþegadyrunum eða á einhverju þrepanna að dyrunum. Þessi svæði skulu vera lóðrétt á bilinu 800 mm til 1100 mm frá jörðu eða frá yfirborði sérhvers þreps og í láréttu plani:
- 7.11.3.2.1. ekki yfir 400 mm innan við ytri brún fyrsta þrepsins og í stöðu sem er heppileg fyrir farþegann sem stendur á jörðunni og
- 7.11.3.2.2. í stöðu sem er hentug í tilteknu þrepi ekki utar en ytri brún viðkomandi þreps og ekki innar en 600 mm frá sömu brún.
- 7.11.4. Handslár við frátekin sæti
- 7.11.4.1. Handslá skal vera til staðar í hæð á bilinu 800 mm og 900 mm yfir gólfi á milli fráteknu sætanna, eins og lýst er í lið 7.7.8.5.2, og farþegadyranna og henta fyrir inngöngu og útgöngu. Leyfilegt er að sleppa slánni þar sem nauðsynlegt er að hafa aðgang að rými fyrir hjólastóla, sæti sem er við hjólskál, tröppu, dyrarými eða gang. Bil þar sem engin handslá er má ekki vera lengra en 1050 mm og skal lóðrétt handslá komið fyrir a.m.k. öðrum megin við bilið.
- 7.12. *Hlífur við tröppustokka*
- Setja skal hlíf alls staðar þar sem sitjandi farþegi gæti kastast fram og niður í tröppustokk við skarpa hemlun. Hlífinn skal vera a.m.k. 800 mm á hæð miðað við hæð frá gólfi þar sem fætur farþegans hvíla og skal ná inn eftir ökutækinu frá hlið þess a.m.k. 100 mm inn fyrir lengdarás hvers sætis þar sem farþegum gæti verið hætta búin eða að uppstigi innsta þrepsins eftir því hvort er styttra.
- 7.13. *Farangursgrindur og vernd þeirra sem eru í ökutækinu*
- Þeir sem eru í ökutæki skulu verndaðir gegn hlutum sem kunna að detta úr farangursgrind þegar hemlað er eða beygt. Ef farangursrými er fyrir hendi skal það hannað á þann hátt að komið sé í veg fyrir að farangur detti niður ef hemlað er snögglega.
- 7.14. *Fellihurðir, ef um þær er að ræða*
- Allar fellihurðir á gólfi ökutækisins, sem ekki eru neyðarlúgur, skulu vera upp settar og festar á þann hátt að ekki sé hægt að losa þær eða opna nema með því að nota verkfæri eða lykla og ekki skal neinn lyfti- eða festibúnaður standa meira en 8 mm upp úr gólfi. Brúnir á framskagandi hlutum skulu vera ávalar.
- 7.15. *Sjónræn skemmtun*
- Sjónræn afþreyingartæki fyrir farþega, t.d. sjónvarpsskjáir eða myndbönd, skulu vera staðsett þannig að þau séu ekki innan sjónsviðs ökumannsins þegar hann situr í venjulegri stöðu við akstur. Þetta útilokar þó ekki hvern þann sjónvarpsskjá eða svið tæki sem ökumaður notar og er hluti af stjórn hans eða eftirliti í ökutækinu, t.d. til þess að fylgjast með farþegadyrum.

*Viðbætur***SANNPRÓFUN MEÐ ÚTREIKNINGI Á HALLAMÖRKUM Í KYRRSTÖÐU**

1. Unnt er að sýna fram á að ökutæki uppfylli kröfuna sem tilgreind er í lið 7.4 í I. viðauka með reikningsaðferð sem tækniþjónustan sem annast prófanirnar viðurkennir.
2. Tækniþjónustan, sem ber ábyrgð á að annast prófanirnar, getur krafist þess að prófanir séu gerðar á hlutum ökutækisins til að sannreyna ályktanir sem gengið er út frá í útreikningnum.
3. **Undirbúningur fyrir útreikning**
 - 3.1. Ökutækið skal sýnt með staðsetningartæki.
 - 3.2. Vegna þess hvar þyngdarmiðja yfirbyggingar ökutækisins er og þess að fjöðrunarstuðlar eru ekki þeir sömu fyrir fjöðrun og hjólbarða ökutækisins lyftast ásar yfirleitt ekki samtímis á annarri hlið ökutækisins þegar hröðun verður til hliðar. Af þessum sökum verður að ganga úr skugga um hliðarhalla yfirbyggingarinnar út yfir sérhvern ás út frá þeirri ágiskun að hjólin á hinum ásnum (ásunum) haldist á jörðunni.
 - 3.3. Til einföldunar skal gera ráð fyrir að þyngdarmiðja þess massa sem ekki fjaðrar sé í lengdarplani ökutækisins á línunni sem liggur gegnum miðjuna á snúningsás hjólsins. Líta má fram hjá smávegis hliðrun á miðju veltunnar sem verður vegna sveigju í ásnum. Ekki skal taka tillit til stjórnkerfis fyrir loftfjöðrun.
 - 3.4. Taka skal tillit til a.m.k. eftirfarandi færíbreytna:

upplýsinga um ökutækið, s.s. hjólhaf, sporvidd og massa sem fjaðrar/fjaðrar ekki, staðsetningar þyngdarmiðju ökutækisins, sveigju og afturkasts og fjaðurstuðuls ökutækisins, einnig skal taka tillit til fráviks á línuleika, lóðréttis og láréttis fjaðurstuðuls hjólbarða, snúnings burðarvirkis yfirbyggingar og hvar veltimiðja ásanna er staðsett.
4. **Réttmæti reikningsaðferðarinnar**
 - 4.1. Staðfesta skal réttmæti reikningsaðferðarinnar með þeim hætti að tækniþjónustan samþykki hana, t.d. á grundvelli samanburðarprófunar á svipuðu ökutæki.

II. VIÐAUKI

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARSKJÖL

I. viðbætur

Upplýsingaskjöl

Undirviðbætur 1

UPPLÝSINGASKJAL NR. ... (*)

skv. I. viðauka tilskipunar ráðsins 70/156/EEB um EB-gerðarviðurkenningu ökutækis að því er varðar sérákvæði um ökutæki sem notuð eru til að flytja farþega og í eru fleiri en átta sæti til viðbótar við sæti ökumanns (tilskipun .../.../...)

Eftirfarandi upplýsingar skal veita í þrítí og með efnisyfirliti, ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

- 0. ALMENNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð:
- 0.2.0.1. Undirvagn:
- 0.2.0.2. Yfirbygging/fullbúið ökutæki:
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu (b):
- 0.3.0.1. Undirvagn:
- 0.3.0.2. Yfirbygging/fullbúið ökutæki:
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.3.1.1. Undirvagn:
- 0.3.1.2. Yfirbygging/fullbúið ökutæki:
- 0.4. Ökutækjaflokkur (c):
- 0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
- 1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS
- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:
- 1.2. Málsett teikning af fullbúnu ökutæki:

(*) Númer liða og neðanmálsgreina í þessu upplýsingaskjali svara til númera og neðanmálsgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EEB. Liðum, sem varða ekki þessa tilskipun, er sleppt.

- 1.3. Fjöldi ása og hjóla:
- 1.3.1. Fjöldi og staðsetning ása með tvöföldum hjólum:
- 1.4. Undirvagn (ef einhver er) (heildarteikning):
- 1.5. Efni í langbitum (d):
- 1.6. Staðsetning og fyrirkomulag hreyfils:
- 1.7. Stýrishús (frambyggt eða venjulegt) (z):
- 1.8. Stýri, hægra eða vinstra megin:
- 1.8.1. Ökutækið er útbúið til aksturs í vinstri/hægri umferð ⁽¹⁾
2. MASSAR OG MÁL (e) (í kg og mm) (sjá teikningu þar sem við á)
- 2.1. Hjólhaf eða -höf (með fulla hleðslu) (f):
- 2.4. Stærðir ökutækisins (heildarmál) (*):
- 2.4.1. Fyrir undirvagn án yfirbyggingar
- 2.4.1.1. Lengd (j):
- 2.4.1.2. Breidd (k):
- 2.4.1.2.1. Leyfileg hámarksbreidd:
- 2.4.1.3. Hæð (ökutæki tilbúið til aksturs) (l) (ef hæð fjöðrunarbúnaðar er stillanleg skal gefa upp eðlilega stöðu við akstur):
- 2.4.2. Fyrir undirvagn með yfirbyggingu
- 2.4.2.1. Lengd (j):
- 2.4.2.2. Breidd (k):
- 2.4.2.3. Hæð (ökutæki tilbúið til aksturs) (l) (ef hæð fjöðrunarbúnaðar er stillanleg skal gefa upp eðlilega stöðu við akstur):
- 2.4.2.9. Staðsetning þyngdarmiðju ökutækis við tæknilega leyfilegan hámarks massa með hleðslu gegnum lengdar-, breiddar- og hæðarmiðjuplan:
- 2.6. Massi ökutækisins með yfirbyggingu, og ef um dráttarbifreið er að ræða í öðrum flokki en M1 með tengibúnaði, sé hann áfestur af framleiðanda, tilbúins til aksturs eða massi undirvagns, eða undirvagns með stýrishúsi, án yfirbyggingar og/eða tengibúnaðar hafi framleiðandi ekki fest yfirbygginguna og/eða tengibúnað á (þ.m.t. vökvár, tæki, varahjól, og ökumaður og ef um er að ræða hópbifreiðar og langferðabifreiðar, starfsmaður, sé sæti í ökutækinu fyrir hann) (o) (hámark og lágmark fyrir hvert afbrigði):
- 2.6.1. Dreifing massans á ásana og, ef um er að ræða festivagn eða eftirvagn með miðlægum ási, álag á tengipunkt (hámark og lágmark fyrir hvert afbrigði):
- 2.8. Tæknilega leyfilegur hámarks massi með hleðslu eins og framleiðandi (y) hefur tilkynnt hann (hámark og lágmark fyrir hvert afbrigði):
- 2.8.1. Dreifing massans á ásana og, ef um er að ræða festivagn eða eftirvagn með miðlægum ási, álag á tengipunkt (hámark og lágmark fyrir hvert afbrigði):
- 2.9. Tæknilega leyfilegur hámarksþungi/-massi á hvern ás:

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

(*) Ath.: Númer liða samsvara a-hluta I. viðauka við tilskipun 92/53/EBE um breytingu á tilskipun 70/156/EBE.

9. YFIRBYGGING
- 9.1. Gerð yfirbyggingar:
- 9.2. Efni og smíðaaðferðir:
13. SÉRÁKVÆÐI UM ÖKUTÆKI SEM ERU NOTUÐ TIL AÐ FLYTJA FARÞEGA OG Í ERU ÁTTA SÆTI EÐA FLEIRI TIL VIÐBÓTAR VIÐ SÆTI ÖKUMANNS
- 13.1. Undirflokkur ökutækis (undirflokkur I, undirflokkur II, undirflokkur III, undirflokkur A, undirflokkur B):
- 13.2. Svæði fyrir farþega (m^2):
- 13.2.1. Samtals (S_0):
- 13.2.2. Efri hæð (S_{0a}) ⁽¹⁾:
- 13.2.3. Neðri hæð (S_{0b}) ⁽¹⁾:
- 13.2.4. Fyrir standandi farþega (S_i):
- 13.3. Fjöldi farþega (í sætum og standandi)
- 13.3.1. Samtals (N):
- 13.3.2. Efri hæð (N_a) ⁽¹⁾:
- 13.3.3. Neðri hæð (N_b) ⁽¹⁾:
- 13.4. Fjöldi farþega (í sætum)
- 13.4.1. Fjöldi (A):
- 13.4.2. Efri hæð (A_a) ⁽¹⁾:
- 13.4.3. Neðri hæð (A_b) ⁽¹⁾:
- 13.5. Fjöldi farþegadyra:
- 13.6. Fjöldi neyðarútganga (dyr, gluggar, neyðarlúgur, tengistigar og hálfir stigar):
- 13.6.1. Samtals:
- 13.6.2. Efri hæð ⁽¹⁾:
- 13.6.3. Neðri hæð ⁽¹⁾:
- 13.7. Rúmmál farangursrýmis (m^3):
- 13.8. Svæði undir farangur á þaki (m^2):
- 13.9. Tæknibúnaður sem auðveldar aðgang að ökutækjum (t.d. skábraut, lyftupallur, innstigslækkun), ef hann fylgir:
- 13.10. Styrkur yfirbyggingar:
- 13.10.1. EB-gerðarviðurkenningarnúmer, ef það er fyrir hendi:
- 13.10.2. Fyrir burðarvirki yfirbyggingar sem hafa ekki verið viðurkennd
- 13.10.2.1. Nákvæm lýsing á burðarvirki yfirbyggingar ökutækisins, þar á meðal stærðum þess, lögum og smíðaeefni og festingu þess á grind hvaða undirvagns sem er:
- 13.10.2.2. Teikningar af ökutækinu og þeim hlutum í innra skipulagi þess sem hafa áhrif á styrk burðarvirkis yfirbyggingarinnar eða á það rými sem eftir er:
- 13.10.2.3. Staðsetning þyngdarmiðju ökutækis sem er tilbúið til aksturs gegnum lengdar- breiddar- og hæðarmiðjuplan:
- 13.10.2.4. Hámarksfjarlægð milli miðlína ystu farþegasæta:

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

Undirviðbætur 2

UPPLÝSINGASKJAL NR. ... (*)

um EB-gerðarviðurkenningu yfirbyggingar sem aðskilinnar tæknieiningar að því er varðar sérákvæði um ökutæki sem notuð eru til að flytja farþega og í eru fleiri en átta sæti til viðbótar við sæti ökumanns (tilskipun .../.../...)

Eftirfarandi upplýsingar skal veita í þrítí og með efnisyfirliti, ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð:
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu (b):
- 0.3.0.2. Yfirbygging/fullbúið ökutæki:
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.3.1.2. Yfirbygging/fullbúið ökutæki:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarkerfið á, ef um er að ræða íhluti og aðskildar tæknieiningar:
- 0.8. Heimilisfang eða -föng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS
- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:
- 1.2. Málsett teikning af öllu ökutækinu:
- 1.3. Fjöldi ása og hjóla:
- 1.4. Undirvagn (ef um hann er að ræða) (teikning af heild):
- 1.5. Efni í langbitum (d):
- 1.6. Staðsetning og fyrirkomulag hreyfils:
- 1.7. Stýrishús (frambyggt eða með vélarlíf) (z):
- 1.8. Stýri, hægra eða vinstra megin:
2. MASSAR OG MÁL (e) (í kg og mm) (sjá teikningar eftir því sem við á)
- 2.1. Hjólhaf eða -höf (með fulla hleðslu) (f):
- 2.4. (**). Stærðir ökutækisins (heildarmál)

(*) Númer liða og neðanmálsgreina í þessu upplýsingaskjali svara til númera liða og neðanmálsgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Liðum, sem varða ekki þessa tilskipun, er sleppt.

(**) Ath.: Númer liða samsvara a-hluta I. viðauka við tilskipun 92/53/EBE um breytingu á tilskipun 70/156/EBE.

- 2.4.1. Fyrir yfirbyggingu sem er viðurkennd án undirvagns
- 2.4.1.1. Lengd (j):
- 2.4.1.2. Breidd (k):
- 2.4.1.3. Hæð (ökutæki tilbúið til aksturs) (l) (ef hæð fjöðrunarbúnaðar er stillanleg skal gefa upp eðlilega stöðu við akstur):
9. YFIRBYGGING
- 9.1. Gerð yfirbyggingar:
- 9.2. Efni og smíðaaðferðir:
13. SÉRÁKVÆÐI UM ÖKUTÆKI SEM ERU NOTUÐ TIL AÐ FLYTJA FARÞEGA OG Í ERU ÁTTA SÆTI EÐA FLEIRI TIL VIÐBÓTAR VIÐ SÆTI ÖKUMANNIS
- 13.1. Undirflokkur ökutækis (undirflokkur I, undirflokkur II, undirflokkur III, undirflokkur A, undirflokkur B):
- 13.1.1. Gerðir undirvagna sem hægt er að setja yfirbyggingu á sem fengið hefur EB-gerðarviðurkenningu (framleiðandi/framleiðendur) og gerð(ir) ökutækis/ökutækja:
- 13.2. Svæði fyrir farþega (m^2):
- 13.2.1. Samtals (S_0):
- 13.2.1.1. Efri hæð (S_{0a}): (¹)
- 13.2.1.2. Neðri hæð (S_{0b}): (¹)
- 13.2.2. Fyrir standandi farþega (S_i):
- 13.3. Fjöldi farþega (í sætum og standandi)
- 13.3.1. Samtals (N):
- 13.3.2. Efri hæð (N_a): (¹)
- 13.3.3. Neðri hæð (N_b): (¹)
- 13.4. Fjöldi farþega í sætum
- 13.4.1. Samtals (A):
- 13.4.2. Efri hæð (A_a): (¹)
- 13.4.3. Neðri hæð (A_b): (¹)
- 13.5. Fjöldi farþegadyra:
- 13.6. Fjöldi neyðarútganga (dyr, gluggar, neyðarlúgur, tengistigar og hálfir stigar):
- 13.6.1. Samtals:
- 13.6.2. Efri hæð: (¹)
- 13.6.3. Neðri hæð: (¹)
- 13.7. Rúmmál farangursrýmis (m^3):
- 13.8. Svæði undir farangur á þaki (m^2):

(¹) Strikið yfir það sem á ekki við.

- 13.9. Tæknibúnaður sem auðveldar aðgang að ökutækjum (t.d. skábraut, lyftupallur, innstigslækkun), ef hann fylgir:
- 13.10. STYRKUR BURÐARVIRKIS YFIRBYGGINGAR
- 13.10.1. EB-gerðarviðurkenningarnúmer, ef það er fyrir hendi:
- 13.10.2. Fyrir burðarvirki yfirbyggingar sem hafa ekki verið viðurkennd
- 13.10.2.1. Nákvæm lýsing á burðarvirki yfirbyggingar ökutækisins, þar á meðal stærðum þess, lögun og smíðaeefni og festingu þess á grund hvaða undirvagns sem er:
- 13.10.2.2. Teikningar af ökutækinu og þeim hlutum í innra skipulagi þess sem hafa áhrif á styrk burðarvirkis yfirbyggingarinnar eða á það rými sem eftir er:
- 13.10.2.3. Staðsetning þyngdarmiðju ökutækis sem er tilbúið til aksturs í stefnu gegnum lengdar-, breiddar- og hæðarmiðjuplan:
- 13.10.2.4. Hámarksfjarlægð milli miðlína ystu farþegasæta:
- 13.11. Þeir liðir í þessari tilskipun sem þarf að koma í framkvæmd og sýna þarf fram á að því er varðar þessa aðskildu tæknieiningu:
-

Undirviðbætur 3

UPPLÝSINGASKJAL NR. ... (*)

skv. I. viðauka tilskipunar ráðsins 70/156/EBE um EB-gerðarviðurkenningu ökutækis þar sem yfirbyggingin hefur áður fengið EB-gerðarviðurkenningu sem aðskilin tæknieining, að því er varðar sérákvæði um ökutæki sem notuð eru til að flytja farþega og í eru fleiri en átta sæti til viðbótar við sæti ökumanns (tilskipun .../.../...)

Eftirfarandi upplýsingar skal veita í þrítí og með efnisyfirliti, ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð:
- 0.2.0.1. Undirvagn:
- 0.2.0.2. Yfirbygging/fullbúið ökutæki:
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu (b):
- 0.3.0.1. Undirvagn:
- 0.3.0.2. Yfirbygging/fullbúið ökutæki:
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 03.1.1. Undirvagn:
- 03.1.2. Yfirbygging/fullbúið ökutæki:
- 0.4. Ökutækjaflokkur (c):
- 0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heimilisfang eða -föng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS
- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:
- 1.2. Málsett teikning af öllu ökutækinu:
- 1.3. Fjöldi ása og hjóla:
- 1.3.1. Fjöldi og staðsetning ása með tvöföldum hjólum:
- 1.4. Undirvagn (ef einhver er) (heildarteikning):
- 1.5. Efni í langbitum (d):
- 1.6. Staðsetning og fyrirkomulag hreyfils:

(*) Númer liða og neðanmálsgreina í þessu upplýsingaskjali svara til númera liða og neðanmálsgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Liðum, sem varða ekki þessa tilskipun, er sleppt.

- 1.8. Stýri, hægra eða vinstra megin:
- 1.8.1. Ökutækið er útbúið til aksturs í vinstri/hægri umferð ⁽¹⁾:
2. MASSAR OG MÁL (e) (í kg og mm) (vísað er til teikningar þar sem við á)
- 2.1. Hjólhaf eða -höf (með fulla hleðslu) (f):
- 2.4. (*) Stærðarmörk ökutækis (heildarmál):
- 2.4.1. Fyrir undirvagn án yfirbyggingar
- 2.4.1.1. Lengd (j):
- 2.4.1.2. Breidd (k):
- 2.4.1.2.1. Hámarksbreidd:
- 2.4.1.3. Hæð (ökutæki tilbúið til aksturs) (l) (ef hæð fjöðrunarbúnaðar er stillanleg skal gefa upp eðlilega stöðu við akstur):
- 2.6. Massi ökutækisins með yfirbyggingu, og ef um dráttarbifreið er að ræða í öðrum flokki en M1 með tengibúnaði, sé hann áfестur af framleiðanda, tilbúins til aksturs eða massi undirvagns, eða undirvagns með stýrishúsi, án yfirbyggingar og/eða tengibúnaðar hafi framleiðandi ekki fest yfirbygginguna og/eða tengibúnað á (þ.m.t. vökvár, tæki, varahjól, og ökumaður og ef um er að ræða hópbifreiðar og langferðabifreiðar, starfsmaður, sé sæti í ökutækinu fyrir starfsmann) (o) (hámark og lágmark fyrir hverja gerð):
- 2.6.1. Dreifing massans á ásana og, ef um er að ræða festivagn eða eftirvagn með miðlægum ási, álag á tengipunkt (hámark og lágmark fyrir hvert afbrigði):
- 2.8. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu uppefnum af framleiðanda (y) (hámark og lágmark):
- 2.8.1. Dreifing þessa massa á ásana og, ef um er að ræða festivagn eða eftirvagn með miðlægum ási, hleðsla á tengipunkt (hámark og lágmark):
- 2.9. Tæknilega leyfilegur hámarksþungi/-massi á hvern ás:
- 13.10. Styrkur burðarvirkis yfirbyggingar
- 13.10.1. EB-gerðarviðurkenningarnúmer, ef það er fyrir hendi:
- 13.10.2. Fyrir burðarvirki yfirbyggingar sem hafa ekki verið viðurkennd
- 13.10.2.1. Nákvæm lýsing á burðarvirki yfirbyggingar ökutækisins, þ.m.t. stærðum þess, lögun og smíðaeefni og festingu þess á grind hvaða undirvagns sem er:
- 13.10.2.2. Teikningar af ökutækinu og þeim hlutum í innra skipulagi þess sem hafa áhrif á styrk burðarvirkis yfirbyggingarinnar eða á það rými sem eftir er:
- 13.10.2.3. Staðsetning þyngdarmiðju ökutækis sem er tilbúið til aksturs í stefnu þess gegnum lengdar-, breiddar- og hæðarmiðjuplan:
- 13.10.2.4. Hámarksfjarlægð milli miðlína ystu farþegasæta:

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

(*) Ath.: Númer liða samsvara a-hluta I. viðauka við tilskipun 92/53/EBE um breytingu á tilskipun 70/156/EBE.

2. viðbætur

Undirviðbætur 1

FYRIRMYND

(hámarksstærð: A4 (210 × 297 mm))

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill þess yfirvalds sem veitir EB-gerðarviðurkenninguna

Tilkynning um

- EB-gerðarviðurkenningu ⁽¹⁾
- rýmkun EB-gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾
- synjun EB-gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾
- afturköllun EB-gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾

á gerð ökutækis/íhlutar/aðskilinnar tæknieiningar ⁽¹⁾ með hliðsjón af tilskipun .../.../EB, eins og henni var síðast breytt með tilskipun .../.../EB

EB-gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. HLUTI

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð:
- 0.3. Gerðarauðkenni, ef það kemur fram á ökutækinu/íhlutnum/aðskildu tæknieiningunni ⁽¹⁾ ^(?):
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur ⁽¹⁾ ^(?):
- 0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningamerkið á, ef um er að ræða íhluti og aðskildar tæknieiningar:
- 0.8. Heimilisfang eða -föng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.
⁽²⁾ Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningamerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).
⁽³⁾ Eins og skilgreint er í II. viðauka A við tilskipun 70/156/EBE.

II. HLUTI

1. Frekari upplýsingar (þar sem við á): sjá viðbót
 2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
 3. Dagsetning prófunarskýrslu:
 4. Númer prófunarskýrslu:
 5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót
 6. Staður:
 7. Dagsetning:
 8. Undirskrift:
 9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað.
-

Viðbót við EB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ...

varðandi gerðarviðurkenningu ökutækis með hliðsjón af tilskipun/...../EB, eins og henni var síðast breytt með tilskipun/...../EB

1. Viðbótarupplýsingar
 - 1.1. Ökutækjaflokkur (M_2 , M_3) ⁽¹⁾:
 - 1.2. Grunngerð yfirbyggingar (einnar/tveggja hæða, liðskipt, með lágu gólfi) ⁽¹⁾
 - 1.3. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi (kg):
 - 1.4. Fjöldi farþega (í sætum og standandi):
 - 1.4.1. Samtals (N):
 - 1.4.2. Efri hæð (N_a) ⁽¹⁾:
 - 1.4.3. Neðri hæð (N_b) ⁽¹⁾:
 - 1.4.4. Fjöldi farþega í sætum:
 - 1.4.4.1. Samtals (A):
 - 1.4.4.2. Efri hæð (A_a) ⁽¹⁾:
 - 1.4.4.3. Neðri hæð (A_b) ⁽¹⁾:
 - 1.5. Rúmmál farangursrýmis (m^3):
 - 1.6. Svæði undir farangur á þaki (m^2):
 - 1.7. Tæknibúnaður sem auðveldar aðgang að ökutækjum (t.d. skábraut, lyftupallur, innstigslækkun):
 - 1.8. Staðsetning þyngdarmiðju ökutækis sem er tilbúið til aksturs í stefnu þess gegnum lengdar-, breiddar- og hæðarmiðjuplan:
 - 1.9. Styrkur burðarvirkis yfirbyggingar
 - 1.9.1. EB-gerðarviðurkenningarnúmer, sé þess krafist:
5. Athugasemdir:

⁽¹⁾ Strikið út það sem á ekki við.

Undirviðbætur 2

FYRIRMYND

(hámarksstærð: A4 (210 × 297 mm))

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill þess yfirvalds sem veitir EB-gerðarviðurkenninguna

Tilkynning um

- EB-gerðarviðurkenningu ⁽¹⁾
- rýmkun EB-gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾
- synjun EB-gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾
- afturköllun EB-gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾

á gerð ökutækis/íhlutar/aðskilinnar tæknieiningar ⁽¹⁾ með hliðsjón af tilskipun/...../EB, eins og henni var síðast breytt með tilskipun/...../EB

EB-gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. HLUTI

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð:
- 0.3. Gerðarauðkenni, ef það kemur fram á ökutækinu/íhlutum/aðskildu tæknieiningunni ⁽¹⁾ ⁽²⁾:
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur ⁽¹⁾ ⁽³⁾:
- 0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-viðurkenningarmerkið á, þegar um er að ræða íhluti og aðskildar tæknieiningar:
- 0.8. Heimilisfang eða -föng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

⁽²⁾ Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

⁽³⁾ Eins og skilgreint er í II. viðauka A við tilskipun 70/156/EBE.

II. HLUTI

1. Frekari upplýsingar (þar sem við á): sjá viðbót
 2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
 3. Dagsetning prófunarskýrslu:
 4. Númer prófunarskýrslu:
 5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót:
 6. Staður:
 7. Dagsetning:
 8. Undirskrift:
 9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað.
-

Viðbót við EB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ...

varðandi gerðarviðurkenningu yfirbyggingar sem aðskilinnar tæknieiningar með hliðsjón af tilskipun/...../EB, eins og henni var síðast breytt með tilskipun/...../EB

1. Viðbótarupplýsingar
 - 1.1. Flokkur ökutækis (M_2 , M_3) sem setja má yfirbygginguna á ⁽¹⁾:
 - 1.2. Grunngerð yfirbyggingar (einnar/tveggja hæða, liðskipt, með lágu gólfi) ⁽¹⁾
 - 1.3. Gerð/gerðir undirvagna sem setja má yfirbygginguna á:
 - 1.4. Fjöldi farþega (í sætum og standandi)
 - 1.4.1. Samtals (N):
 - 1.4.2. Efri hæð (N_a) ⁽¹⁾:
 - 1.4.3. Neðri hæð (N_b) ⁽¹⁾:
 - 1.4.4. Fjöldi farþega í sætum
 - 1.4.4.1. Samtals (A):
 - 1.4.4.2. Efri hæð (A_a) ⁽¹⁾:
 - 1.4.4.3. Neðri hæð (A_b) ⁽¹⁾:
 - 1.5. Rúmmál farangursrýmis (m^3):
 - 1.6. Svæði undir farangur á þaki (m^2):
 - 1.7. Tæknibúnaður sem auðveldar aðgang að ökutækjum (t.d. skábraut, lyftupallur, innstigslækkun):
 - 1.9. Styrkur burðarvirkis yfirbyggingar
 - 1.9.1. EB-gerðarviðurkenningarnúmer, sé þess krafist:
5. Athugasemdir:
6. Þeir liðir sem þarf að koma í framkvæmd og sýna fram á að því er varðar þessa aðskildu tæknieiningu:

.....

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

Undirviðbætur 3

FYRIRMYND

(hámarksstærð: A4 (210 × 297 mm))

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill þess yfirvalds sem veitir EB-gerðarviðurkenninguna
--

Tilkynning um

- EB-gerðarviðurkenningu ⁽¹⁾
- rýmkun EB-gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾
- synjun EB-gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾
- afturköllun EB-gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾

á gerð ökutækis/íhlutar/aðskilinnar tæknieiningar ⁽¹⁾ með hliðsjón af tilskipun/...../EB, eins og henni var síðast breytt með tilskipun/...../EB.

EB-gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. HLUTI

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð:
- 0.3. Gerðarauðkenni, ef það kemur fram á ökutækinu/íhlutnum/aðskildu tæknieiningunni ⁽¹⁾ ^(?):
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur ⁽¹⁾ ^(?):
- 0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningamerkið á, ef um er að ræða íhluti og aðskildar tæknieiningar:
- 0.8. Heimilisfang eða -föng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

^(?) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningamerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

⁽³⁾ Eins og skilgreint er í II. viðauka A við tilskipun 70/156/EBE.

II. HLUTI

1. Frekari upplýsingar (þar sem við á): sjá viðbót
 2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
 3. Dagsetning prófunarskýrslu:
 4. Númer prófunarskýrslu:
 5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót
 6. Staður:
 7. Dagsetning:
 8. Undirskrift:
 9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað.
-

Viðbót við EB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ...

varðandi EB-gerðarviðurkenningu ökutækis með ásettri yfirbyggingu sem þegar hefur verið viðurkennd sem aðskilin tæknieining með hliðsjón af tilskipun/...../EB, eins og henni var síðast breytt með tilskipun/...../EB

1. Viðbótarupplýsingar
- 1.1. Ökutækjaflokkur (M₂, M₃) ⁽¹⁾:
- 1.2. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi (kg):
- 1.8. Staðsetning þyngdarmiðju ökutækis sem er tilbúið til aksturs í stefnu þess gegnum lengdar-, breiddar- og hæðarmiðjuplan:
- 1.9. Styrkur burðarvirkis yfirbyggingar
- 1.9.1. EB-gerðarviðurkenningarnúmer, sé þess krafist:
5. Athugasemdir:


⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

III. VIÐAUKI

SKÝRINGARMYNDIR

(Öll mál eru gefin upp í mm)

Mynd 1

Aðgangur að farþegadyrum
(sjá lið 7.7.1 í I. viðauka)

aðrir kostir

Undirflokkur I, II og III: A = 1 100 mm

Undirflokkur A og B: A = 950 mm


Fjöldi farþega	≤ 22 ⁽¹⁾		> 22		
	A	B	I	II	III
Undirflokkur					
Mál A (mm)	950	700	1 100	950	850
Heildarhæð tvískiptrar plötu (mm)	1 650	1 400	1 800	1 650	1 550

⁽¹⁾ Sjá viðeigandi neðanmálgrein í lið 7.7.1.2. í I. viðauka.

(*) Sjá viðeigandi neðanmálgrein í lið 7.7.1.2 í I. viðauka.


Mynd 2

Aðgangur að farþegadyrum
(sjá lið 7.7.1.4 í I. viðauka)




Mynd 3

Ákvörðun á óhindruðum aðgangi að dyrum
(sjá lið 7.7.1.9.1 í I. viðauka)




Mynd 4

Ákvörðun á óhindruðum aðgangi að dyrum
(sjá lið 7.7.1.9.2 í I. viðauka)




Mynd 5

Aðgangur að neyðardyrum
(sjá lið 7.7.2 í I. viðauka)



Mynd 6
Gangar
 (sjá lið 7.7.5 í I. viðauka)




Undirflokkar		A	B	I	II	III
Mál (mm)	A	350	300	450	350	300
	C	550	450	550	550	450
	B	500 (*)	300	500 (*)	500 (*)	500 (*)
	H	1 900 (*)	1 500	1 900 (*)	1 900 (*)	1 900 (*)

(*) Sjá viðeigandi neðanmálsgrein í lið 7.7.5.1.

Mynd 7


Takmörkun gangs að framan

(sjá lið 7.7.5.1.1.1 í I. viðauka)



Mynd 8

Þrep fyrir farþega
(sjá lið 7.7.7 í I. viðauka)



Hæð yfir jörðu, ökutæki án hleðslu

Undirflokkar		I og A	II, III og B
Fyrsta þrep frá jörðu „D“	Hámarkshæð (mm)	340 ⁽¹⁾	380 ⁽¹⁾ ⁽²⁾ ⁽⁵⁾
	Lágmarksdýpt (mm)	300 (*)	
Önnur þrep „E“	Hámarkshæð (mm)	250 ⁽³⁾	350 ⁽⁴⁾
	Lágmarkshæð (mm)	120	
	Lágmarksdýpt (mm)	200	

(*) 230 mm fyrir ökutæki sem rúma 22 farþega eða færri.

⁽¹⁾ 700 mm ef um er ræða neyðardyr.

1500 mm ef um er að ræða neyðardyr á efri hæð tveggja hæða ökutækis.

⁽²⁾ 430 mm ef um er að ræða ökutæki með vélrænan fjöðrunarbúnað.

⁽³⁾ 300 mm ef um er að ræða þrep við dyr aftan við aftasta ásimn.

⁽⁴⁾ 250 mm á göngum að því er varðar ökutæki sem rúma 22 farþega eða færri.


⁽⁵⁾ Að því er varðar a.m.k. einar farþegadyr; 400 mm fyrir aðrar farþegadyr.

- Athugasemd:*
1. Ef um er að ræða tvöfaldir dyr skal líta á þrepin í hvorum helmingi dyrarýmisins um sig sem aðskilin.
 2. Ekki er nauðsynlegt að E sé sama stærð fyrir hvert og eitt þrep, sbr. mynd 8 í III. viðauka.

Mynd 9

Mál farþegasæta


(sjá lið 7.7.8.1 í I. viðauka)



	G (mm) lágmark	
F (mm) lágmark	Sætaröð	Stök sæti
200 (*)	225	250

(*) 225 fyrir undirflokk III

Mynd 9a
Mál farþegasæta
 (sjá lið 7.7.8.1.3 í I.viðauka)




	G (mm) lágmark	
F (mm) lágmark	Sætaröð	Stök sæti
200	200	200

Mynd 10

Leyfileg skerðing rýmis í axlarhæð

Þversnið lágmarksrýmis sem er laust í axlarhæð fyrir sæti næst hlið ökutækisins

(sjá lið 7.7.8.1.4 í I. viðauka)




- $G = 225$ mm ef um er að ræða sætaröð
 $G = 250$ mm ef um er að ræða stakt sæti
 $G = 200$ mm fyrir ökutæki sem eru innan við 2,35 m á breidd

Mynd 11

Dýpt og hæð setu


(sjá lið 7.7.8.2 og 7.7.8.3 í I. viðauka)



- $H = 400/500$ mm (*)
 $K = 350$ mm lágmark (***)


(*) 350 mm við hjólskálar og vélarrými
 (***) 400 mm í ökutækjum í undirflokki II og III

Mynd 12
Bil milli sæta
 (sjá lið 7.7.8.4 í I. viðauka)




	H
Undirflokkur I, A og B	650 mm
Undirflokkur II og III	680 mm

Mynd 13
Rými fyrir farþega í sætum
 (sjá lið 7.7.8.5 í I. viðauka)




Mynd 14

Leyfileg skerðing rýmis á svæðinu fyrir ofan sæti
Þversnið lágmarksrýmis sem er laust fyrir ofan sæti næst hlið ökutækisins
(sjá lið 7.7.8.6.3.1 í I. viðauka)




Mynd 15

Leyfileg skerðing rýmis fyrir ofan sæti
(sjá lið 7.7.8.6.3.2 í I. viðauka)



Mynd 16

Leyfileg skerðing rýmis í neðri hluta farþegarýmis
(sjá lið 7.7.8.6.3.3 í I. viðauka)




(*) 150 mm ef um er að ræða lággólfsökutæki í undirflokki I

(**) 0,03m² ef um er að ræða lággólfsökutæki í undirflokki I


Mynd 17

Leyfileg skerðing rýmis hjá hornsætum í afturhluta
Uppdráttur af sætissvæðinu eins og mælt er fyrir um það (tvö hliðarsæti í afturhluta)
(sjá lið 7.7.8.6.3.4 í I. viðauka)




Mynd 18

Leyfileg skerðing rýmis frá hjólskál sem nær ekki inn fyrir lóðrétta miðlinu hliðarsætisins
(sjá lið 7.7.8.6.4.2.1 í I. viðauka)



Mynd 19


Leyfileg skerðing rýmis frá hjólskál sem nær inn fyrir lóðréttu miðlínu hliðarsættisins
(sjá lið 7.7.8.6.4.2.2 í I. viðauka)




Mynd 20

Prófunarbúnaður fyrir staðsetningu handfanga

(sjá lið 7.11.2.1. í I. viðauka)



Mynd 21


Viðmiðunarhjólóstól
(sjá lið 3.6.4 í VII. viðauka)

Heildarlengd, l: 1200 mm
Heildarbreidd, b: 700 mm
Heildarhæð, h: 1090 mm

Athugasemd:

Ef maður situr í hjólóstólnum bætast 50 mm við heildarlengdina og hæðin verður 1350 mm yfir jörðu.

Mynd 22

Minnsta auða svæði fyrir mann í hjólóstól í hjólóstólarýminu
(sjá lið 3.6.1 í VII. viðauka)

Mynd 23

(sjá lið 3.4 í VII. viðauka)

Táknmynd fyrir fólk í hjólastólum (23 a)



Táknmynd fyrir aðra hreyfihamlaða farþega en þá sem eru í hjólastólum (23 b)



IV. VIÐAUKI

STYRKUR BURÐARVIRKIS YFIRBYGGINGAR

1. **Gildissvið**

Ákvæði þessa viðauka gilda um öll einnar hæðar ökutæki í undirflokki II og III.

2. **Skilgreiningar**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 2.1. „afgangsrými“: rými sem þarf að vera í farþegarými meðan á einni prófuninni á burðarvirkinu stendur, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, og eftir að henni lýkur;
- 2.2. „burðarvirki yfirbyggingar“: sá hluti eða hlutar burðarvirkis ökutækis sem auka styrkleika þess ef til kæmi að það ylti;
- 2.3. „hluti yfirbyggingar“: hluti þar sem eru a.m.k. tvær sams konar láréttar stoðir hvor sín um megin sem eiga við einn eða fleiri hluta af burðarvirki ökutækisins;
- 2.4. „heildarorka“: orka sem talið er að allt burðarvirki ökutækis taki til sín. Þetta má ákvarða á þann hátt sem sýnt er í þessum viðauka.

3. **Almennar forskriftir og kröfur**

Ef burðarvirki yfirbyggingarinnar hefur verið viðurkennt í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UN/ECE) nr. 66 er litið svo á að það uppfylli þessar almennu forskriftir og kröfur.

- 3.1. Burðarvirki yfirbyggingar ökutækisins skal vera nægileg sterkbyggt til að tryggja sé að á meðan á prófun eða útreikningi stendur eða eftir prófun eða útreikning eins og mælt er fyrir um í 4. lið:
 - 3.1.1. skuli enginn hluti ökutækisins, sem hliðrast hefur, skerða afgangsrýmið, eins og tilgreint er í 5. lið og
 - 3.1.2. enginn annar hluti afgangsrýmisins skuli vera utan aflagaða burðarvirkisins.
- 3.2. Kröfurnar í lið 3.1 skulu gilda um ökutækið og einnig um alla hluta burðarvirkis, bita og plötur og alla ósveigjanlega hluta sem skaga út, t.d. farangurshillur, loftræstibúnaður, o.fl. Þó skal ekki telja með, að því er varðar ákvæði liðar 3.1, skilrúm, skilveggi, boga eða aðra hluta sem styrkja burðarvirki yfirbyggingar ökutækisins og fastan búnað, t.d. barborð, eldhúskrókar eða snyrtingar.
- 3.3. Sé um að ræða liðskipt ökutæki skulu allir hlutar þess uppfylla kröfurnar sem tilgreindar eru í lið 3.1.

4. **Prófunaraðferðir**


- 4.1. Sannprófa skal sérhverja gerð ökutækis í samræmi við eina af eftirfarandi aðferðum, sem framleiðandi velur, eða í samræmi við aðra aðferð sem viðurkennd er af lögbæru yfirvaldi:
 - 4.1.1. veltupróf á fullbúnu ökutæki í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 1. viðbæti;
 - 4.1.2. veltupróf á hluta eða hlutum yfirbyggingar sem eru dæmigerðir fyrir fullbúið ökutæki í samræmi við 2. viðbæti;
 - 4.1.3. pendúlpróf á hluta eða hlutum yfirbyggingar í samræmi við 3. viðbæti eða
 - 4.1.4. reikningsleg sannprófun á styrk burðarvirkis yfirbyggingar í samræmi við 4. viðbæti.

- 4.2. Ef ekki er hægt, með aðferðunum sem mælt er fyrir um í lið 4.1.2, 4.1.3 eða 4.1.4, að taka tillit til umtalsverðs breytileika sem skilur milli tveggja eða fleiri hluta ökutækisins, t.d. loftræstibúnaðar á þaki, skal leggja fram viðbótarprófunaraðferðir eða útreikninga fyrir tækniþjónustuna. Ef þessar viðbótarupplýsingar skortir má krefjast þess að ökutækið sé prófað með prófunaraðferðinni sem mælt er fyrir um í lið 4.1.1.
5. **Afgangsrými**
- 5.1. Að því er varðar lið 2.1 skal litið svo á að afgangsrými sé rýmið í farþegarýminu sem farið er yfir þegar lóðrétt þverplanið, sem skilgreint er í mynd 1a, er fært í beinni línu eða línunum þannig að R-punkturinn á mynd 1a færir frá R-punkti við ytra sætið aftast gegnum R-punkt allra miðsæta og að R-punktinum í ytri farþegasætunum fremst.
- 5.2. Gengið skal út frá því að R-punkturinn, sem sýndur er á mynd 1 b, sé 500 mm frá gólfu undir fótum farþega, 300 mm frá innra byrði hliðar ökutækisins og 100 mm framan við sætisbakið í miðlínu ytri sæta.
6. **Túlkun niðurstaðna prófunar**
- 6.1. Ef hlutar yfirbyggingar eru prófaðir skal tækniþjónustan sem annast prófunina tryggja að ökutækið uppfylli skilyrðin sem tilgreind eru í 2. undirviðbæti í 3. viðbæti, en í honum eru kröfur um dreifingu orkugleypnustu hluta burðarvirkis yfirbyggingar ökutækisins.

Mynd 1

Afgangsrými
(Öll mál í mm)


1a) Á hlið



Athugasemd: Sjá kröfu í lið 5.1.

1b) Á langveginn

Sá hluti ökutækisins sem afmarkast af endapunktum línunnar A-A í lóðréttu plani miðlínu sæta við ganginn.



Athugasemd: Sjá kröfu í lið 5.2.


*1. viðbætur***VELTUPRÓF FYRIR FULLBÚIÐ ÖKUTÆKI****1. Prófunarskilyrði**

- 1.1. Ekki er nauðsynlegt að ökutækið sé í fullbúnu ástandi en það skal þó vera dæmigert fyrir raðsmíðuð ökutæki að því er varðar massa ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, þyngdarmiðju og dreifingu massa sem framleiðandi gefur upp.
- 1.2. Sæti fyrir ökumann og farþega skulu vera með bökinn alveg upprétt, ef þau eru stillanleg. Ef hægt er að stilla hæð sætanna skulu þau vera í hæstu stöðu.
- 1.3. Allar dyr og opnanlegir gluggar á ökutækinu skulu vera lokaðir og krækt aftur en ólæstir. Gluggar og skilrúm eða hlífar með gleri skulu vera glerjaðir eða óglerjaðir hvort heldur sem umsækjandinn óskar eftir. Séu þeir óglerjaðir skal þyngja ökutækið á viðeigandi stöðum sem nemur þyngd glersins.
- 1.4. Dæla skal í hjólbarðana þar til þeim þrýstingi er náð sem framleiðandi ökutækjanna mælir fyrir um og ef ökutækið er með loftfjöðrun skal tryggja að loft flæði til loftfjöðrunarinnar. Stilla ber hvers kyns sjálfvirkt hallastillingarkerfi þegar ökutækið er á sléttu, lárétu yfirborði uns stillingin er eins og framleiðandi tilgreinir. Höggdeyfar skulu virka eðlilega.
- 1.5. Í stað eldsneytis, rafgeymasýru og annarra brennanlegra, sprengifimra eða ætandi efna má nota önnur efni svo fremi að uppfyllt séu skilyrðin sem mælt er fyrir um í lið 1.1.
- 1.6. Höggsvæðið skal vera úr steinsteypu eða öðru hörðu efni.

2. Prófunaraðferð (sjá mynd 1)

- 2.1. Ökutækinu skal komið fyrir á palli þar sem hægt er að velta því á aðra hvora hliðina. Sú hlið skal tilgreind af framleiðanda.
- 2.2. Ökutækinu skal þannig fyrir komið á pallinum að þegar pallurinn er láréttur sé snúningsásinn:
 - 2.2.1. samhliða lengdarási ökutækisins,
 - 2.2.2. 0 til 200 mm frá lóðrétta þrepinu sem liggur milli hæðanna tveggja,
 - 2.2.3. 0 til 100 mm frá hlið hjólbarðans á þeim ási sem breiðastur er,
 - 2.2.4. 0 til 100 mm neðan við lárétta planið sem hjólbarðarnir standa á og
 - 2.2.5. skal munurinn á hæð lárétta upphafsplansins og lárétta lægra plansins, þar sem höggið verður, vera a.m.k. 800 mm.
- 2.3. Sjá skal til þess að ökutækið hreyfist ekki langsum eftir lengdarásnum.
- 2.4. Prófunarbúnaðurinn skal, með aðstoð hliðarveggja, koma í veg fyrir að hjólbarðarnir skriði til hliðar í sömu átt og veltan verður.
- 2.5. Prófunarbúnaðurinn skal tryggja að ásar ökutækisins lyftist samtímis.
- 2.6. Ökutækinu skal hallað þar til það veltur án þess að það ruggist til og frá og án þess að hreyfiáhrifa gæti. Hornhraðinn skal ekki vera meiri en 5 gráður á sekúndu (0,087 rad/sek.).
- 2.7. Nota skal háhraða ljósmyndun, sveigjanlegt mát eða annan heppilegan búnað til að skera úr um hvort krafan í lið 3.1. í þessum viðauka hafi verið uppfyllt. Þetta skal sannreynt á a.m.k. tveimur stöðum, eða fremst og aftast í farþegarýminu, en tækniþjónustan skal ákveða nákvæmlega á hvaða stað. Festa skal mátin við hluta burðarvirkisins sem er því sem næst ógerlegt að aflaga.

Mynd 1



*2. viðbætur***VELTUPRÓF FYRIR HLUTA YFIRBYGGINGAR**


1. **Prófunarskilyrði**
- 1.1. Yfirbyggingarhlutinn skal vera dæmigerður fyrir hluta ökutækisins án hleðslu.
- 1.2. Lögum yfirbyggingarhlutans, snúningsásinn og staðsetning þyngdarmiðjunnar lóðrétt og lárétt skal vera dæmigerð fyrir fullbúið ökutæki.
- 1.3. Framleiðandi skal tilgreina massa yfirbyggingarhlutans sem hundraðshluta af massa ökutækisins án hleðslu og tilbúins til aksturs.
- 1.4. Framleiðandi skal tilgreina orkuna, sem yfirbyggingarhlutinn tekur til sín, sem hundraðshluta af heildarorku sem fullbúið ökutæki tekur til sín.
- 1.5. Hlutfall heildarorku, sem lýst er í lið 1.4, skal ekki vera minna en sá hundraðshluti af heildarmassa ökutækisins tilbúins til aksturs sem lýst er í lið 1.3.
- 1.6. Prófunarskilyrðin, sem tilgreind eru í lið 1.6 í 1. viðbæti og í lið 2.1 til 2.6 í 3. viðbæti, skulu gilda.
2. **Prófunaraðferð**
- 2.1. Prófunaraðferðin skal vera sú sama og lýst er í 1. viðbæti en þó skal nota yfirbyggingarhlutann sem lýst er að framan í stað fullbúins ökutækis.

3. viðbætur

PENDÚLSPRÓFUN FYRIR HLUTA YFIRBYGGINGAR

1. **Orkustig og höggstefna**
 - 1.1. Orkan, sem skal berast til tiltekins hluta yfirbyggingar, skal vera öll sú orka sem framleiðandi gefur upp og skal deilast á hvern og einn þversniðsboga sem er í tilteknum yfirbyggingarhluta.
 - 1.2. Viðeigandi hluta orkunnar, sem mælt er fyrir um í 1. undirviðbæti við þennan viðbæti, skal beitt á yfirbyggingarhlutann með pendúlnum þannig að á því augnabliki sem höggið verður myndi hreyfistefna pendúlsins 25 gráðu horn (+ 0°; - 5°) við miðlægt, lóðrétt lengdarplan yfirbyggingarhlutans. Framleiðandi skal tilgreina nákvæmlega hvert hornið skuli vera á þessu bili.
2. **Prófunarskilyrði**
 - 2.1. Framkvæma skal nægjanlega margar prófanir að tækniþjónustan, sem annast prófunina, samþykki að krafan, sem er tilgreind í lið 3.1 í þessum viðauka, sé uppfyllt.
 - 2.2. Að því er þessa prófun varðar skal hlutum í venjulegri grind yfirbyggingarhlutanna komið fyrir milli stöðanna miðað við gólfíð, undirgrind, hliðar og þak. Þar með talið eru hlutar íhluta svo sem farangursgrindur, loftræstirör, o.s.frv., ef um þá er að ræða.
 - 2.3. Allar dyr og opnanlegir gluggar á yfirbyggingarhlutanum skulu vera lokaðir og kræktir aftur en ólæstir. Gluggar og skilrúm eða hlífar með gleri skulu vera glerjaðir eða óglerjaðir hvort heldur sem umsækjandinn óskar eftir.
 - 2.4. Ef við á skulu sæti talin með, en það er val framleiðanda, og skulu þau vera í eðlilegri stöðu miðað við grind yfirbyggingarhlutans. Venjubundnar festingar og samskeyti milli allra hluta og búnaðar skulu vera meðtalin. Ef sætisbökin eru stillanleg skulu þau vera í alveg uppréttri stöðu og ef hæð sætanna er stillanleg skal hún vera í hæstu stöðu.
 - 2.5. Sú hlið yfirbyggingarhlutans sem höggið lendir á skal valin af framleiðanda. Ef þess er krafist að fleiri en einn hluti yfirbyggingar skuli prófaður skulu báðir fá högg á sömu hlið.
 - 2.6. Nota skal háhraða ljósmyndun, sveigjanleg mát eða annan heppilegan búnað til að skera úr um hvort krafan í lið 3.1. í þessum viðauka hafi verið uppfyllt. Mátin skulu fest við þá hluta burðarvirkisins sem því sem næst ósveigjanlegir að mestu.
 - 2.7. Sá hluti yfirbyggingar sem prófa á skal vera tryggilega festur við grindina með þverburðarbitunum eða hlutum sem koma í stað þeirra með þeim hætti að stöðgrindin og festingar hennar gleypi ekki neina umtalsverða orku.
 - 2.8. Pendúllinn skal vera í þeirri hæð þegar honum er sleppt að þegar hann lendir á yfirbyggingarhlutanum sé hraði hans milli 3 og 8 m/sek.
3. **Lýsing á pendúlnum**
 - 3.1. Höggflötur pendúlsins skal vera úr stáli eða krossviði sem er 20 mm ± 5 mm á þykkt og massi pendúlsins skal vera jafnt dreifður. Höggflötur hans skal vera rétthyrndur og flatur, að breidd skal hann vera a.m.k. jafnbreiður og yfirbyggingarhlutinn sem prófa skal og hæðin ekki undir 800 mm. Brúnir skulu vera rúnnaðar með lágmarksbogferil 15 mm.
 - 3.2. Pendúllinn sjálfur skal vera tryggilega festur við tvær stífar stangir. Stangaásinn skal vera a.m.k 3500 mm frá rúmfræðilegri miðju pendúlsins.

1. undirviðbætur

Útreikningur á heildarorku (E^*)

Forsendur:

1. gengið er út frá því að þversnið yfirbyggingarhlutans sé rétthyrnt;
2. gengið er út frá því að fjöðrunarkerfið sé tryggilega fest;
3. gengið er út frá því að hreyfing yfirbyggingarhlutans sé hreinn snúningur um punktinn A.

Útreikningur á heildarorku (E^*)

Ef fall þyngdarmiðjunnar (h) ákvarðast með myndrænum aðferðum má ganga út frá því að E^* fái með eftirfarandi formúlu:

$$E^* = 0,75 M \cdot g \cdot h \text{ (Nm)}$$

Einnig má reikna E^* með formúlunni:

$$E^* = 0,75 M \cdot g \cdot \left[\sqrt{\left(\frac{W}{2}\right)^2 + H_s^2} - \frac{W}{2H} \sqrt{H^2 - 0,8^2} + 0,8 \frac{H_s}{H} \right] \text{ (Nm)}$$

þar sem:

M = massi ökutækis án hleðslu (kg),

g = $9,8 \text{ m/s}^2$,

W = heildarbreidd ökutækisins (m),

H_s = hæð þyngdarmiðju ökutækisins án hleðslu (m),

H = hæð ökutækisins (m).

2. undirviðbætur

Kröfur um dreifingu helstu orkugleypnu hluta burðarvirkis yfirbyggingarinnar

1. Framkvæma skal nægjanlega margar prófanir til að tækniþjónustan, sem annast prófunina, geti fallist á að fullbúna ökutækið uppfylli kröfurnar sem eru tilgreindar í lið 3.1 í þessum viðauka. Þetta þarf ekki að fela í sér kröfu um nema eina prófun.
2. Nota má útreikninga, sem eru byggðir á gögnum úr prófun á yfirbyggingarhluta, til að sýna fram á að viðurkenna megi annan yfirbyggingarhluta, sem ekki er nákvæmlega eins og sá yfirbyggingarhluti sem þegar hefur verið prófaður, ef margir þættir varðandi byggingu þeirra eru eins.
3. Framleiðandinn skal tilgreina hvaða stoðir í burðarvirki yfirbyggingarinnar teljist veita henni mestan stuðning og skal einnig tilgreina hve mikla orku (E_i) sérhverri stoð er ætlað að taka til sín. Þessar yfirlýsingar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

- 1) $\sum_{i=1}^{i=m} E_i > E^*$ þar sem m er heildarfjöldi tilgreindra stoða.
- 2) a) $\sum_{i=1}^{i=n} E_{iF} \geq 0,4E^*$ þar sem n er fjöldi tilgreindra stoða fyrir framan þyngdarmiðju ökutækisins
- b) $\sum_{i=1}^{i=p} E_{iR} \geq 0,4E^*$ þar sem p er fjöldi tilgreindra stoða fyrir aftan þyngdarmiðju ökutækisins
- 3) $L_F \geq 0,4 l_F$
- 4) $L_R \geq 0,4 l_R$
- 5) $\frac{d_{\max}}{d_{\min}} \leq 2,5$ þetta gildir eingöngu þegar d_{\max} er meira en $0,8 \times$ hámarks aflögun sem leyfileg er án þess að hún skerði afgangsrými,

þar sem:

- E_i er tilgreint orkumagn sem stoð númer i í burðarvirki yfirbyggingarinnar getur tekið til sín,
- E_{iF} er tilgreint orkumagn sem stoð númer i fyrir framan þyngdarmiðju ökutækisins getur tekið til sín,
- E_{iR} er tilgreint orkumagn sem stoð númer i fyrir aftan þyngdarmiðju ökutækisins getur tekið til sín,
- E^* er heildarorka sem allt burðarvirki ökutækisins tekur til sín,
- d_{\max} er mesta aflögun sem mæld er í höggstefnu á hvaða yfirbyggingarhluta sem er eftir að hann hefur tekið til sín eigin tilgreinda höggorku,
- d_{\min} er minnsta aflögun sem mæld er í höggstefnu og á sama punkti á fletinum og d_{\max} á hvaða yfirbyggingarhluta sem er eftir að hann hefur tekið til sín eigin tilgreinda höggorku.

$$L_F = \frac{\sum_{i=1}^{i=n} (E_{iF} l_{iF})}{\sum_{i=1}^{i=n} E_{iF}} = \text{vegin meðalfjarlægð milli tilgreindra stoða fyrir framan þyngdarmiðju ökutækisins}$$

$$L_R = \frac{\sum_{i=1}^{i=p} (E_{iR} l_{iR})}{\sum_{i=1}^{i=p} E_{iR}} = \text{vegin meðalfjarlægð milli tilgreindra stoða fyrir aftan þyngdarmiðju ökutækisins}$$


þar sem:

l_{IF} er bilið milli þyngdarmiðju ökutækisins og stoðar númer i fyrir framan þyngdarmiðjuna,

l_{IR} er bilið milli þyngdarmiðju ökutækisins og stoðar númer i fyrir aftan þyngdarmiðjuna,

L_F er bilið milli framenda ökutækisins og þyngdarmiðju þess,

L_R er bilið milli afturenda ökutækisins og þyngdarmiðju þess.



4. viðbætur

REIKNINGSLEG SANNPRÓFUN Á STYRK BURÐARVIRKIS YFIRBYGGINGAR

1. Unnt er að sýna fram á að burðarvirki yfirbyggingar eða hlutar þess uppfylli kröfuna sem tilgreind er í lið 3.1 í þessum viðauka með reikniaðferð sem tæknipjónustan, sem annast prófanirnar, viðurkennir.
2. Ef líklegt er að grindin aflagist meira en sem nemur fjaðurmörkum efnanna sem notuð eru skulu útreikningarnir líkja eftir hegðun grindarinnar við plastískar færslur.
3. Tæknipjónustan, sem ber ábyrgð á að annast prófanirnar, getur krafist þess að prófanir séu gerðar á samskeytum eða hlutum ökutækisins til að sannreyna ályktanir sem dregnar eru af útreikningunum.
4. **Undirbúningur fyrir útreikning**
- 4.1. Ekki er unnt að hefja útreikninga fyrr en greiningu á grindinni er lokið og gert hefur verið stærðfræðilegt líkan af henni. Á þann hátt má skilgreina aðskilda bita sem skal athuga og finna þá staði þar sem flotliðir kunna að myndast. Gefa skal upp stærðir bitanna og eiginleika efnisins sem notað er. Gera skal eðlisfræðilegar prófanir á flotpunktunum til að ákvarða eiginleika færslukraftinn (snúningsvægið) við ólínulega hegðun þar sem þetta eru grundvallargögn fyrir útreikningana. Ákvarða skal streituhraðann og aflfræðilega flotsþennu við þennan aflögunarhraða. Ef reikniaðferðin sýnir ekki þegar umtalsvert brot verður er óumflýjanlegt að ákvarða, með tilraun, aðrar greiningar eða þá aflfræðilegu dreifingu sem við á. Gefa skal upp dreifingu álags eftir ökutækinu endilöngu.
- 4.2. Reikniaðferðin skal taka til aflagana sem verða allt að fjaðurmörkum efnisins og í kjölfarið skal finna þá staði þar sem flotliðir myndast og aðra staði þar sem flotliðir myndast síðar nema staðsetning og myndunarröð þeirra sé þekkt af fenginni reynslu. Aðferðin skal taka tillit til breytinga á stærð og lögun sem verður á yfirbyggingunni, a.m.k. að því marki að aflögunin hafi ekki farið yfir ásættanleg mörk. Útreikningarnir skulu líkja eftir orku og höggstefnu sem yrði ef þetta tiltekna burðarvirki yfirbyggingar væri látið gangast undir veltuprófanirnar sem mælt er fyrir um í 1. viðbæti. Sýna skal fram á réttmæti reikniaðferðarinnar með samanburði við niðurstöður eðlisfræðilegra prófana, en ekki er nauðsynlegt að þær hafi verið gerðar á ökutækinu sem verið er að viðurkenna.
5. **Prófanir á hlutum burðarvirkis yfirbyggingar**

Þegar reikniaðferð er notuð fyrir hluta af öllu burðarvirki yfirbyggingarinnar skulu sömu skilyrði gilda um fullbúið ökutæki og sett eru fram að hér að framan.

V. VIÐAUKI

(Sjá lið 7.6.5.6.1.1 í I. viðauka)

LEIÐBEININGAR UM MÆLINGU Á LOKUNARKRAFTI SJÁLFBIRKRA HURÐA

1. Almenn

Þegar sjálfvirkur dyr lokast er að verki aflfræðilegt ferli. Þegar dyr á hreyfingu rekast á hindrun leysist úr læðingi aflfræðilegur viðbragðskraftur, en framvinda hans er háð nokkrum þáttum (t.d. massa hurðarinnar, hröðun, stærð).

2. Skilgreiningar

2.1. Lokunarkraftur $F(t)$ er fall af tíma, sem mælt er við brúnir dyranna þar sem þær lokast (sjá lið 3.2 hér á eftir).

2.2. Hámarkskraftur, F_s , er hæsta gildi lokunarkraftsins.

2.3. Virkur kraftur, F_E , er meðalgildi lokunarkraftsins í tengslum við sveiflutímann:

$$F_E = \frac{1}{T} \int_{t_1}^{t_2} F(t) dt$$

2.4. Púls lengd, T , er tímamismunurinn milli t_1 og t_2 :

$$T = t_2 - t_1$$


þar sem:

t_1 = næmismörk ef lokunarkrafturinn er meiri en 50 N,

t_2 = lokunartími ef lokunarkrafturinn verður minni en 50 N.

2.5. Vensl framangreindra færíbreytna eru sýnd á mynd 1 hér á eftir (sem dæmi):

Mynd 1



- 2.6. Klemmukrafturinn, F_c er meðalgildi virku kraftanna og er mældur við sama mælipunkt nokkrum sinnum í röð:

$$F_c = \frac{\sum_{i=1}^{i=n} (F_E)_i}{n}$$

3. Mælingar

- 3.1. Mæliskilyrði:

- 3.1.1. hitastig á bilinu: 10 - 30 °C;

- 3.1.2. ökutækið skal standa á láréttum fleti.

- 3.2. Mælipunktarnir skulu vera:

- 3.2.1. við aðalkanta dyranna þar sem þær lokast:

— einn í miðjum dyrunum,

— einn 150 mm fyrir ofan lægri dyrakantinn;

- 3.2.2. ef um er að ræða dyr sem eru með búnaði sem hindrar að þær klemmist saman meðan þær opnast:

við aðra kanta dyranna þar sem þær lokast á þeim stað þar sem hættan á að farþegar klemmist á milli í dyrunum er talin mest;

- 3.2.3. gera skal a.m.k. þrjár mælingar á hverjum mælipunkti til að ákvarða klemmukraftinn skv. lið 2.6.

- 3.3. Nota skal lágheypisú til að skrá lokunarkraftsmerkið með tíðnimörk við 100 Hz. Setja skal mörkin við 50 N fyrir hvort tveggja næmi og dvinun til að takmarka púls lengdina.

- 3.5. Frávik aflestrar frá nafngildi skal vera innan við $\pm 3\%$.

4. Mælibúnaður


- 4.1. Mælibúnaðurinn skal samanstanda af tveimur hlutum: einu handfangi og einum mælihlut sem er álag snemi (sjá mynd 2).

- 4.2. Álag sneminn skal hafa eftirfarandi einkenni:

- 4.2.1. hann skal samanstanda af tveimur rennihylkjum sem eru að utanmáli 100 mm í þvermál og 115 mm á breidd. Innan í álag snemanum skal komið fyrir þrýstigormi milli hylkjanna tveggja þannig að þrýsta má álag snemanum saman ef nægjanlegu afli er beitt.

- 4.2.2. stífleiki álag snemans skal vera $10 \pm 0,2$ N/mm. Mesta fjöðrun gormsins skal vera 30 mm og þá náist hámarkskrafturinn, þ.e. 300 N.

Mynd 2



VI. VIÐAUKI

SÉRKRÖFUR FYRIR ÖKUTÆKI SEM RÚMA 22 FARÞEGA EÐA FÆRRI

1.1. Lágmarksstærð útganga

Mismunandi gerðir útganga skulu vera með eftirfarandi lágmarksstærðum:

Op	Mál	Athugasemdir
Farþegadyr	Hæð inngangs Undirflokkur: A: 1 650 mm B: 1 500 mm	Mæla skal hæð inngangs á farþegadyrum sem lóðrétt bil mælt í lóðréttu plani láréttra varpana í miðpunkti dyraopsins og efsta yfirborði neðsta þreps.
	Hæð ops	Lóðrétt hæð ops í farþegadyrum skal vera það mikil að þar komist í auðveldlega í gegn tvískipta platan sem getið er um í lið 7.7.1.1. í I. viðauka. Efri hornin má minnka með því að rúnna þau með allt að 150 mm radius.
	Breidd Einfaldar dyr: 650 mm Tvöfaldar dyr: 1 200 mm	Fyrir ökutæki í undirflokki B þar sem hæð opsins á farþegadyrum er á bilinu 1400 mm og 1500 mm skal 750 mm lágmarksbreidd dyraops gilda. Það gildir um öll ökutæki að við mælingu má minnka breidd allra farþegadyra um 100 mm í þeirri hæð þar sem handslár eru og um 250 mm þar sem hjólskálur skerða rými eða þar sem þess þarf vegna vélbúnaðar fyrir sjálfvirkar eða fjarstýrðar hurðir eða halla framrúðunnar.
Neyðardyr	Hæð: 1 250 mm Breidd: 550 mm	Breiddina má minnka í 300 mm þar sem þess þarf vegna hjólskála sem skerða rými, svo fremi að þess sé gætt að breiddin sé 550 mm í a.m.k. 400 mm hæð yfir lágsta hluta dyraopsins. Efri hornin má minnka með því að rúnna þau með allt að 150 mm radius.
Neyðargluggi	Op: 4 000 cm ²	Þó er leyfilegt a.m.k. 5% frávik að því er þetta svæði varðar fyrir gerðarviðurkenningar sem veittar voru til eins árs eftir gildistöku þessarar tilskipunar. Í þetta svæði skal vera unnt að innrita réttthyrning sem er 500 mm × 700 mm að stærð.

- 1.1.1. Ökutæki, sem liður 7.7.1.9. í I. viðauka gildir um, skal uppfylla kröfur í lið 7.6.3.1 í I. viðauka eða kröfur liðar 1.1 í þessum viðauka að því er varðar neyðarglugga og -lúgur og eftirfarandi lágmarkskröfur að því er varðar farþega- og neyðardyr:

Op	Mál	Athugasemdir
Farþegadyr	Hæð ops: 1100 mm	Þessa stærð má minnka með því að rúnna hornin með allt að 150 mm radius.
	Breidd Einfaldar dyr: 650 mm Tvöfaldar dyr: 1200 mm	Þessa stærð má minnka með því að rúnna hornin með allt að 150 mm radius. Breiddina má minnka um 100 mm þegar mælt er í þeirri hæð þar sem handslár eru og um 250 mm þar sem hjólskálar skerða rými eða þar sem þess þarf vegna vélbúnaðar fyrir sjálfvirkar eða fjarstýrðar hurðir eða halla framrúðunnar.
Neyðardyr	Hæð: 1100 mm Breidd: 550 mm	Breiddina má minnka í 300 mm þar sem þess þarf vegna hjólskála sem skerða rými, svo fremi að þess sé gætt að breiddin sé 550 mm í a.m.k 400 mm hæð yfir lágsta hluta dyraopsins. Efri hornin má minnka með því að rúnna þau með allt að 150 mm radius.

1.2. Staðsetning útganga

- 1.2.1. Farþegadyr skulu vera á þeirri hlið ökutækis sem er nær þeim vegarhelmingi sem umferðarstefnan er í því landi þar sem skrá skal ökutækið eða á afturhluta ökutækisins.
- 1.2.2. Útgangar skulu staðsettir þannig að a.m.k. einn útgangur sé á hvorri hlið ökutækisins.
- 1.2.3. Hafa skal a.m.k. einn útgang í fremri helmingi og annan í aftari helmingi farþegarýmis.
- 1.2.4. Hafa skal a.m.k. einn neyðarútgang annaðhvort aftan á eða framan á ökutækinu nema neyðarlúga sé á því.

VII. VIÐAUKI

KRÖFUR UM TÆKNIBÚNAÐ SEM AUÐVELDAR ADGENGI HREYFIHAMLAÐRA FARÞEGA

1. ALMENNT

Í þessum viðauka eru ákvæði sem gilda um ökutæki sem er hannað þannig að hreyfihamlaðir farþegar og fólk í hjólastólum eigi auðvelt með að komast inn í það og út úr því.

2. GILDISSVIÐ

Þessar kröfur skulu gilda um ökutæki sem auðvelda hreyfihömluðum farþegum aðgengi.

3. KRÖFUR

3.1. Þrep

Hæð fyrsta þreps frá jörðu á a.m.k. einum farþegadyrum skal ekki vera meiri en 250 mm í ökutækjum í undirflokkum I og A og 320 mm í ökutækjum í undirflokkum II, III og B.

Annar valkostur er að í ökutækjum í undirflokkum I og A sé fyrsta þrep ekki meira en 270 mm frá jörðu í tveimur dyraopum, einum inngangi og einum útgangi.

Ökutækið má vera búið innstigslækkun og/eða uppdrægum þrepum.

Hæð annarra þrepa en þess fyrsta frá jörðu á framangreindum dyrum í dyrarými og í gangi skal ekki vera meiri en 200 mm í ökutækjum í undirflokkum I og A og 250 mm í ökutækjum í undirflokkum II, III og B.

Ekki skal litið á bilið sem brúar svæðið á milli niðurbýggðs gangs og sætarýmis sem þrep.

3.2. Frátekin sæti og rými fyrir hreyfihamlaða farþega

3.2.1. Tiltekinn lágmarksfjöldi sæta, sem snúa fram eða aftur og eru merkt sem frátekin fyrir fatlaða, skulu vera á stað nærri farþegadyrum og henta vel til inngöngu og útgöngu. Minnst fjögur sæti skulu vera frátekin í undirflokkum I, tvö í undirflokkum II og III og eitt í undirflokkum A og B. Sæti, sem fella má saman þegar það er ekki í notkun, skal ekki merkt sem frátekið sæti. Liður 7.7.8.5.2 í I. viðauka skal ekki gilda um ökutæki sem uppfylla þessa kröfu.

3.2.2. Nægilegt rými skal vera fyrir hjálparhund undir eða við hlið a.m.k. eins frátekins sætis.

3.2.3. Sætisarmar skulu festir á sætin milli sætisins og gangins og unnt skal vera að færa þá frá þannig að auðvelt sé að komast í sætið.

Handslár og handföng skulu áfest við frátekin sæti þannig að farþegar eigi auðvelt með að ná taki á þeim.

3.2.4. Lágmarksbreidd setu í fráteknunni sæti, mæld frá lóðréttu plani sem liggur um miðju þess sætis, skal vera 220 mm á hvorri hlið eða 220 mm á hvert sæti ef sætið er í sætaröð.

3.2.5. Hæð óbæddrar setu miðað við gólf skal vera þannig að fjarlægðin frá gólfi að láréttu plani sem snertir efra yfirborð setunnar að framan sé 400 til 500 mm.

3.2.6. Rými fyrir fætur í fráteknunni sætum skal ná fram fyrir sætið frá lóðréttu plani gegnum fremri brún setunnar. Fötaráryminu skal hvergi halla um meira 8%.

- 3.2.7. Sérhvert frátekið sæti skal vera með a.m.k. 1300 mm fríhæð í ökutækjum í undirflokki I og A og 900 mm í ökutækjum í undirflokki II þegar mælt er frá hæsta punkti óbældrar setu. Fríhæðin skal ná yfir lóðréttu vörpun sætisins í heild og tilheyrandi fótarymi. Leyfilegt er að sætisbak eða annar hlutur skerði þetta rými svo fremi að framan við setuna sé autt, lóðrétt svæði sem nær 230 mm fram fyrir hana. Ef frátekið sæti er þannig staðsett að það sé andspænis skilrúmi sem er meira en 1,2 m á hæð skal bilið vera 300 mm.

3.3. Samskiptabúnaður

- 3.3.1. Samskiptabúnaði skal komið fyrir við sérhvert frátekið sæti og á sérhverju svæði fyrir hjólastóla og skal hann vera í 700 mm til 1200 mm hæð frá gólfi.
- 3.3.2. Samskiptabúnaður, sem er á svæðinu þar sem gólfíð er lágt, skal vera í 800 mm til 1500 mm hæð þar sem engin sæti eru.
- 3.3.3. Unnt skal vera að stjórna öllum innri samskiptabúnaði með því að beita lófanum og skal stjórnhnappurinn vera í andstæðum lit eða litum og litblæ.
- 3.3.4. Ef ökutækið er búið skábraut eða lyftu skal samskiptabúnaður við ökumann vera við dyrnar utan á ökutækinu, að hámarki í 1300 mm hæð frá jörðu.

3.4. Tákmyndir

- 3.4.1. Í ökutækjum, sem eru með rými fyrir hjólastóla og/eða frátekin sæti, skulu vera táknmyndir skv. mynd 23a í III. viðauka, sem sjást utan frá, bæði framan til á ökutækinu á þeirri hlið snýr að vegkantinum og við viðeigandi farþegadyr. Einnig skal setja upp viðeigandi táknmyndir inni í ökutækinu við hjólastólarýmið eða frátekna sætið.

3.5. Gólfhali

Halli gangs, dyrarýmis eða gólfrymis, milli sérhvers frátekings sætis eða hjólastólarýmis og a.m.k. eins inngangs og eins útgangs eða dyra sem eru bæði inngangs- og útgangsdyr, skal ekki vera meiri en 8%. Svæði með gólfhalla skulu vera með stömu yfirborði.

3.6. Ákvæði um rými fyrir hjólastóla

- 3.6.1. Í farþegarýminu skal vera sérstakt svæði fyrir sérhvern farþega í hjólastól, a.m.k. 750 mm á breidd og 1300 á lengd. Lengdarplan þessa sérstaka svæðis skal vera samhliða lengdarplani ökutækisins og yfirborð gólfsins á þessu sérstaka svæði skal vera stamt.

Ef um er að ræða rými sem er hannað fyrir hjólastól sem snýr fram er leyfilegt að efsti hluti sætisbaksins fyrir framan nái inn í hjólastólarýmið ef autt svæði er fyrir hendi eins og sýnt er á mynd 22 í III. viðauka.

- 3.6.2. Á ökutækinu skulu vera a.m.k. einar dyr sem hjólastólafólk getur farið um. Ef um er að ræða ökutæki í undirflokki I skulu a.m.k. einar aðgangsdyr fyrir hjólastóla vera farþegadyr. Aðgangsdyrnar fyrir hjólastóla skulu búnar inngangshjálparbúnaði og uppfylla þannig skilyrði liðar 3.11.2 (innstigs-lækkun) í þessum viðauka og jafnframt ákvæði liðar 3.11.3. (lyfta) eða 3.11.4 (skábraut) í þessum viðauka.
- 3.6.3. Hæð á dyrum fyrir aðgang hjólastóla, sem ekki eru farþegadyr, skal vera a.m.k. 1400 mm. Lágmarksbreidd allra dyra sem þar sem komast má í gegn í hjólastól skal vera 900 mm en hana má minnka um 100 mm þegar mælt er í þeirri hæð sem handföngin eru.
- 3.6.4. Unnt skal vera að komast inn í ökutækið í gegnum a.m.k. aðrar dyrnar sem ætlaðar eru fyrir hjólastól inn í sérstaka svæðið (svæðin) með dæmigerðum hjólastól af þeirri stærð sem sýnd er á mynd 21 í III. viðauka.

3.7. Sæti í hjólastólarymi

- 3.7.1. Setja má upp fellisæti í hjólastólarymi. Þessi sæti skulu þó ekki skerða hjólastólarymið þegar þau eru felld saman og ekki í notkun.
- 3.7.2. Leyfilegt er að ökutæki sé búið sætum, sem hægt er fjarlægja, í hjólastólaryminu svo fremi að ökumaður eða starfsmaður eigi auðvelt með að fjarlægja þessi sæti.
- 3.7.3. Ef fótarymi einhvers sætis eða hluti fellisætis sem er í notkun skerðir hjólastólarymi skal á þessum sætum vera skilti sem fest er á þau eða við hlið þeirra með eftirfarandi texta:

„Vinsamlegast eftirlátið þetta rými fólki í hjólastólum“.

3.8. Stöðugleiki hjólastóla

- 3.8.1. Aðhaldsbúnaður fyrir hjólastóla. Annar valkostur til að fara að kröfum liðar 3.8.1.1 til 3.8.1.2.3 er að aðhaldsbúnaður uppfylli kröfur liðar 3.8.2 til 3.8.2.11.
- 3.8.1.1. Ef um er að ræða ökutæki þar sem þess er ekki krafist að farþegasæti séu búin neins konar aðhaldsbúnaði fyrir þann sem situr í sætinu skal setja upp aðhaldsbúnað í hjólastólaryminu til að tryggja stöðugleika hjólastólsins.

Framkvæma ber kyrrstöðuprófun samkvæmt eftirfarandi kröfum:

- a) beita skal krafti á aðhaldsbúnaðinn sjálfan sem nemur $250 \text{ daN} \pm 20 \text{ daN}$ á hvern hjólastól;
- b) kraftinum skal beitt í láréttu plani ökutækisins og í stefnu að fremri hluta ökutækisins ef aðhaldsbúnaðurinn er ekki festur í gólf ökutækisins. Ef aðhaldsbúnaðurinn er festur í gólfnið skal kraftinum beitt undir horni sem er $45^\circ \pm 10^\circ$ miðað við lárétta planið og í stefnu að fremri hluta ökutækisins;
- c) kraftinum skal haldið í a.m.k. 1,5 sekúndu;
- d) aðhaldsbúnaðurinn skal geta staðist prófunina. Þó að varanleg aflögun verði, að meðtalinni rifnun eða broti að hluta í búnaðinum, skal ekki líta svo á að búnaðurinn hafi ekki staðist prófunina ef hann hefur staðist tilgreindan kraft í þann tíma sem mælt er fyrir um. Þar sem unnt er að koma því við skal vera hægt að beita læsibúnaðinum með handaflí, sem gerir það kleift að koma hjólastólnum úr ökutækinu, eftir að togkraftinum linnir.

- 3.8.1.2. Ef þess er krafist að farþegasæti séu með aðhaldsbúnaði fyrir farþegann skal hjólastólarymi búið aðhaldsbúnaði sem getur fest hjólastólinn og notandann.

Aðhaldsbúnaðurinn og festingar hans skulu hannaðar á þann hátt að búnaðurinn standist krafta sem samsvara þeim sem krafist er fyrir farþegasætin og aðhaldsbúnað fyrir farþega.

Framkvæma ber kyrrstöðuprófun samkvæmt eftirfarandi kröfum:

- a) kröftunum, sem hér er vísað til, skal beitt í stefnu fram á við, annars vegar, og hins vegar aftur á bak á aðhaldsbúnaðinn sjálfan;
- b) kraftinum skal haldið í a.m.k. 0,2 sekúndur;
- c) aðhaldsbúnaðurinn skal geta staðist prófunina. Þó að varanleg aflögun verði, að meðtalinni rifnun eða broti að hluta í búnaðinum, skal ekki líta svo á að búnaðurinn hafi ekki staðist prófunina ef hann hefur staðist tilgreindan kraft í þann tíma sem mælt er fyrir um. Þar sem unnt er að koma því við skal vera hægt að beita læsibúnaðinum með handaflí, sem gerir það kleift að koma hjólastólnum út úr ökutækinu, eftir að togkraftinum linnir.

3.8.1.2.1. *Krafturinn skal vera í stefnu fram á við ef um er að ræða sérstakan aðhaldsbúnað fyrir hjólastóla og notendur þeirra.*

3.8.1.2.1.1. Að því er varðar flokk M₂:

- a) 1110 daN ± 20 daN ef um er að ræða mjaðmabelti. Kraftinum skal beitt á aðhaldsbúnaðinn fyrir notanda hjólastólsins í láréttu plani ökutækisins og í stefnu að fremri hluta ökutækisins ef aðhaldsbúnaðurinn er ekki festur við gólf ökutækisins. Ef aðhaldsbúnaðurinn er festur í gólfíð skal kraftinum beitt í 45° halla, ± 10°, í láréttu plani ökutækisins og í stefnu að fremri hluta ökutækisins;
- b) 675 daN ± 20 daN í láréttu plani ökutækisins og í stefnu að fremri hluta ökutækisins á þann hluta beltisins sem liggur um mjaðmir og 675 daN ± 20 daN í láréttu plani ökutækisins og í stefnu að fremri hluta þess á þann hluta beltisins sem liggur um efri hluta líkamans ef um er að ræða þriggja festu belti;
- c) 1715 daN ± 20 daN í 45° halla, ± 10°, á aðhaldsbúnað fyrir hjólastóla í láréttu plani ökutækisins og í stefnu að fremri hluta ökutækisins;
- d) kröftunum skal beitt samtímis.

3.8.1.2.1.2. Að því er varðar flokk M₃:

- a) 740 daN ± 20 daN ef um er að ræða mjaðmabelti. Kraftinum skal beitt á aðhaldsbúnaðinn fyrir notanda hjólastólsins í láréttu plani ökutækisins og í stefnu að fremri hluta ökutækisins ef aðhaldsbúnaðurinn er ekki festur í gólf ökutækisins. Ef aðhaldsbúnaðurinn er festur í gólfíð skal kraftinum beitt í 45° halla, ± 10°, á lárétt plan ökutækisins og í áttina að fremri hluta ökutækisins;
- b) 450 daN ± 20 daN í láréttu plani ökutækisins og í stefnu að fremri hluta ökutækisins á þann hluta beltisins sem liggur um mjaðmir og 450 daN ± 20 daN í láréttu plani ökutækisins og stefnu að fremri hluta þess á þann hluta beltisins sem liggur um efri hluta líkamans ef um er að ræða þriggja festu belti;
- c) 1130 daN ± 20 daN í 45° halla, ± 10°, á aðhaldsbúnað fyrir hjólastóla í láréttu plani ökutækisins og í stefnu að fremri hluta þess;
- d) kröftunum skal beitt samtímis.

3.8.1.2.2. *Krafturinn í stefnu fram á við ef um er að ræða samþættan hjólastóla- og aðhaldsbúnað fyrir notanda hjólastólsins*

3.8.1.2.2.1. Að því er varðar flokk M₂:

- a) 1110 daN ± 20 daN í 45° halla, ± 10°, á aðhaldsbúnað fyrir hjólastóla í láréttu plani ökutækisins og í stefnu að fremri hluta ökutækisins ef um er að ræða mjaðmabelti;
- b) 675 daN ± 20 daN í 45° halla, ± 10° í láréttu plani ökutækisins og í stefnu að fremri hluta ökutækisins á þann hluta beltisins sem liggur um mjaðmir og 675 daN ± 20 daN í láréttu plani ökutækisins og í stefnu að fremri hluta þess á þann hluta beltisins sem liggur um efri hluta líkamans ef um er að ræða þriggja festu belti;
- c) 1715 daN ± 20 daN í 45° halla, ± 10°, á aðhaldsbúnað fyrir hjólastóla í láréttu plani ökutækisins og í stefnu að fremri hluta þess;
- d) kröftunum skal beitt samtímis.

3.8.1.2.2.2. Að því er varðar flokk M₃:

- a) 740 daN ± 20 daN í 45° halla, ± 10°, á aðhaldsbúnað fyrir hjólastóla í láréttu plani ökutækisins og í stefnu að fremri hluta ökutækisins ef um er að ræða mjaðmabelti;
- b) 450 daN ± 20 daN í 45° halla, ± 10° í láréttu plani ökutækisins og í stefnu að fremri hluta ökutækisins á þann hluta beltisins sem liggur um mjaðmir og 450 daN ± 20 daN í láréttu plani ökutækisins og í stefnu að fremri hluta þess á þann hluta beltisins sem liggur um efri hluta líkamans ef um er að ræða þriggja festu belti;
- c) 1130 daN ± 20 daN í 45° halla, ± 10°, á aðhaldsbúnað fyrir hjólastóla í láréttu plani ökutækisins og í stefnu að fremri hluta þess;
- d) kröftunum skal beitt samtímis.

- 3.8.1.2.3. *Í stefnu aftur á bak*
- a) 810 daN \pm 20 daN í 45° halla, \pm 10°, á aðhaldsbúnað fyrir hjólastóla í láréttu plani ökutækisins og í stefnu að aftari hluta þess.
- 3.8.2. Annar aðhaldsbúnaður fyrir hjólastóla:
- 3.8.2.1. hjólastólarými skal búið aðhaldsbúnaði fyrir hjólastóla sem hentar vel til almennra nota fyrir hjólastóla og skal leyfa flutning hjólastóls og notanda hans þannig að hann snúi fram á við í ökutækinu;
- 3.8.2.2. hjólastólarými skal búið aðhaldsbúnaði fyrir hjólastóla sem er festur á a.m.k. tveimur stöðum og aðhaldsbúnaði um mjaðmir (mjaðmabelti) sem er hannaður og smíðaður úr íhlutum sem eiga að hafa samsvarandi eiginleika og þeir sem eru í sætisbeltum sem eru í samræmi við tilskipun 77/541/EBE með áorðnum breytingum;
- 3.8.2.3. sérhver aðhaldsbúnaður, sem settur er upp í hjólastólarými, skal vera auðlosanlegur í neyðartilviki.
- 3.8.2.4. sérhver aðhaldsbúnaður fyrir hjólastóla skal annaðhvort:
- 3.8.2.4.1. uppfylla aflfræðilegar prófunarkröfur sem lýst er í lið 3.8.2.8 og vera tryggilega festur við festingar ökutækisins sem uppfylla kröfur kyrrstöðuprófunarinnar í lið 3.8.2.6 eða
- 3.8.2.4.2. vera tryggilega festur við festingar ökutækisins með þeim hætti að bæði aðhaldsbúnaðurinn og festingarnar uppfylli kröfur liðar 3.8.2.8.
- 3.8.2.5. Allur aðhaldsbúnaður fyrir notanda hjólastólsins skal annaðhvort:
- 3.8.2.5.1. uppfylla kröfur hreyfiprófunarinnar sem lýst er í lið 3.8.2.9 og vera tryggilega festur við festingar í ökutækinu sem uppfylla kröfur kyrrstöðuprófunarinnar í lið 3.8.2.6 eða
- 3.8.2.5.2. vera tryggilega festur við festingar ökutækisins með þeim hætti að aðhaldsbúnaður og festingar saman uppfylli kröfur hreyfiprófunarinnar sem lýst er í lið 3.8.2.9 ef hann er festur við festingar sem eru settar upp eins og lýst er í lið 3.8.2.6.7.
- 3.8.2.6. Framkvæma skal kyrrstöðuprófun á festipunktunum bæði á aðhaldsbúnaðinum fyrir hjólastólinn og notanda hjólastólsins í samræmi við eftirfarandi kröfur:
- 3.8.2.6.1. beita skal kröftunum, sem tilgreindir eru í lið 3.8.2.7, með búnaði af sömu stærð og með sömu lögun og aðhaldsbúnaðurinn fyrir hjólastóla;
- 3.8.2.6.2. beita skal kröftunum, sem eru tilgreindir í lið 3.8.2.7.3, með búnaði af sömu stærð og sömu lögun og aðhaldsbúnaðurinn fyrir notanda hjólastólsins og með togbúnaði sem tilgreindur er í lið 5.3.4 í I. viðauka við tilskipun 76/115/EBE;
- 3.8.2.6.3. beita skal samtímis kröftunum í lið 3.8.2.6.1 og lið 3.8.2.6.2 í stefnu fram og í 10° halla \pm 5° yfir láréttu plani;
- 3.8.2.6.4. beita skal kröftunum í lið 3.8.2.6.1 í stefnu aftur á bak og í 10° halla \pm 5° yfir láréttu plani;
- 3.8.2.6.5. kröftunum skal beitt eins fljótt og hægt er í gegnum lóðréttan miðás hjólastólarýmisins og
- 3.8.2.6.6. kraftinum skal haldið í a.m.k. 0,2 sekúndur;
- 3.8.2.6.7. prófunin skal framkvæmd á dæmigerðum hluta yfirbyggingar ökutækisins ásamt sérhverjum útbúnaði í ökutækinu sem líklegt er að stuðli að styrk eða stífleika yfirbyggingar.
- 3.8.2.7. Kraftarnir, sem tilgreindir eru í lið 3.8.6.2, eru:
- 3.8.2.7.1. ef um er að ræða festingar, sem kveðið er á um fyrir aðhaldsbúnað fyrir hjólastóla, sem settar eru upp í ökutæki í flokki M₂:

- 3.8.2.7.1.1. 1110 daN er beitt í lengdarplani ökutækisins í stefnu að fremri hluta ökutækisins í a.m.k. 200 mm hæð og ekki yfir 300 mm þegar mælt er lóðrétt frá gólfinu í hjólastólarýminu og
- 3.8.2.7.1.2. 550 daN er beitt í lengdarplani ökutækisins í stefnu að aftari hluta ökutækisins í a.m.k. 200 mm hæð og ekki yfir 300 mm þegar mælt er lóðrétt frá gólfinu í hjólastólarýminu og
- 3.8.2.7.2. ef um er að ræða festingar sem kveðið er á um fyrir aðhaldsbúnað fyrir hjólastóla sem settar eru upp í ökutæki í flokki M₃:
- 3.8.2.7.2.1. 740 daN er beitt í lengdarplani ökutækisins í stefnu að fremri hluta ökutækisins í a.m.k. 200 mm hæð og ekki yfir 300 mm þegar mælt er lóðrétt frá gólfinu í hjólastólarýminu og
- 3.8.2.7.2.2. 370 daN er beitt í lengdarplani ökutækisins í stefnu að aftari hluta ökutækisins í a.m.k. 200 mm hæð og ekki yfir 300 mm þegar mælt er lóðrétt frá gólfinu í hjólastólarýminu og
- 3.8.2.7.3. ef um er að ræða festingar fyrir aðhaldsbúnað fyrir notanda hjólastólsins skulu kraftarnir vera samkvæmt kröfum liðar 5.4 í I. viðauka við tilskipun 76/115/EBE.
- 3.8.2.8. Aðhaldsbúnað fyrir hjólastóla ber að prófa með kyrrstöðuprófun samkvæmt eftirfarandi kröfum:
- 3.8.2.8.1. dæmigerður prófunarvagn fyrir hjólastól með massann 85 kg, skal verða fyrir hraðaminnkandi, tímastilltu átaki úr hraða sem nemur 48 km/klst. til 50 km/klst. þar til hann stöðvast:
- 3.8.2.8.1.1. yfir 20 g í stefnu fram á við í uppsafnaðan tíma sem er a.m.k. 0,015 sekúndur;
- 3.8.2.8.1.2. yfir 15 g í stefnu fram á við í uppsafnaðan tíma sem er a.m.k. 0,04 sekúndur;
- 3.8.2.8.1.3. lengur en sem nemur en 0,075 sekúndum;
- 3.8.2.8.1.4. ekki yfir 28 g og ekki lengur en í 0,08 sekúndur;
- 3.8.2.8.1.5. ekki lengur en sem nemur en 0,12 sekúndum og
- 3.8.2.8.2. dæmigerður prófunarvagn fyrir hjólastól, með massann 85 kg, skal verða fyrir hraðaminnkandi, tímastilltu átaki úr hraða sem nemur 48 km/klst. til 50 km/klst. þar til hann stöðvast:
- 3.8.2.8.2.1. yfir 5 g í stefnu aftur á bak í uppsafnaðan tíma sem er a.m.k. 0,015 sekúndur;
- 3.8.2.8.2.2. ekki yfir 8 g í stefnu aftur á bak og ekki lengur en í 0,02 sekúndur;
- 3.8.2.8.3. prófunin í lið 3.8.2.8.2 skal ekki gilda ef sömu festingar eru notaðar í stefnu fram á við og aftur á bak ef jafngild prófun hefur verið framkvæmd;
- 3.8.2.8.4. í framangreindri prófun skal aðhaldsbúnaður hjólastólsins annaðhvort vera festur við:
- 3.8.2.8.4.1. festingar á prófunarbúnaði sem líkir eftir lögum og stærð festinganna í ökutæki sem aðhaldsbúnaðurinn er ætlaður fyrir eða
- 3.8.2.8.4.2. festingar sem eru hluti af dæmigerðum hluta ökutækisins sem aðhaldsbúnaðurinn er ætlaður fyrir og settar eru upp eins og lýst er í lið 3.8.2.6.7.
- 3.8.2.9. Aðhaldsbúnaður fyrir notanda hjólastóls skal uppfylla prófunarkröfur sem tilgreindar eru í lið 2.7.8.4. í I. viðauka við tilskipun 77/541/EBE eða prófun sem er sambærileg við hraðaminnkandi, tímastillta átakið lið 3.8.2.8.1. Litið skal svo á að öryggisbelti sem viðurkennt er samkvæmt tilskipun 77/541/EBE og merkt í samræmi við það uppfylli kröfurnar.
- 3.8.2.10. Telja skal að prófunin í lið 3.8.2.6., 3.8.2.8 eða 3.8.2.9 hafi mistekist nema eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:
- 3.8.2.10.1. enginn hluti kerfisins skal hafa bilað eða losnað frá festingunni eða ökutækinu meðan á prófuninni stendur;

- 3.8.2.10.2. unnt skal vera að losa búnaðinn til að losa hjólastólinn og notanda hans eftir að prófuninni lýkur;
- 3.8.2.10.3. í prófuninni í lið 3.8.2.8 skal hjólastóllinn ekki hreyfast meira en 200 mm í lengdarplani ökutækisins meðan á prófuninni stendur;
- 3.8.2.10.4. enginn hluti kerfisins skal aflagast svo mikið eftir að prófun lýkur að hann geti valdið meiðslum vegna hvassra brúna eða annarra útstandandi hluta.
- 3.8.2.11. Leiðbeiningar um notkun búnaðarins skulu sýndar á greinilegan hátt við hlið hans.
- 3.8.3. Annar kostur en ákvæðin í lið 3.8.1.1 er að hjólastólarýmið sé hannað þannig að notandi hjólastólsins geti ferðast ófestur, hjólastóllinn snúi aftur og hann hvíli upp við stoð eða sætisbak samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:
- a) önnur langhliðin í hjólastólarýminu skal hvíla upp við hlið ökutækisins;
 - b) í fremri hluta hjólastólarýmisins skal vera stoð eða sætisbak sem er hornrétt á lengdarás ökutækisins;
 - c) stoðin eða sætisbakið skal vera hannað á þann hátt að hjólin eða bak hjólastólsins hvíli við stoðina eða sætisbakið til að varna því að hjólastóllinn velti;
 - d) stoðin eða sætisbakið í sætaröðinni fyrir framan skal geta staðist kraft sem nemur $250 \text{ daN} \pm 20 \text{ daN}$ á hvern hjólastól. Kraftinum skal beitt í láréttu plani ökutækisins og í stefnu að fremri hluta þess í miðju stoðarinnar eða sætisbaksins. Kraftinum skal haldið í a.m.k. 1,5 sekúndu;
 - e) handslár eða handföng skulu fest á hlið ökutækisins þannig að notandi hjólastólsins eigi auðvelt með að ná taki á þeim;
 - f) inndræg handslá eða sambærilegur búnaður skal festur á hliðina andspænis hjólastólarýminu til þess að varna því að hjólastóllinn renni til hliðar og þannig að notandi hjólastólsins geti auðveldlega náð taki á honum;
 - g) gólfíð á sérstaka svæðinu skal vera stamt;
 - h) við hlið hjólastólarýmisins skal fest skilti með eftirfarandi texta:

„Þetta rými er frátekið fyrir hjólastól. Hjólastóllinn skal staðsettur þannig að hann snúi aftur og hvíli við stoð eða sætisbak og sé með hemlana á.“

3.9. Stjórnæki fyrir dyr

- 3.9.1. Hvers kyns stjórnæki til að opna dyr með sem getið er um í lið 3.6, hvort heldur það er utan á eða inni í ökutækinu, skal að hámarki vera í 1300 mm hæð frá jörðu eða gólfi.

3.10. Lýsing

- 3.10.1. Fullnægjandi lýsing skal vera til staðar til að lýsa upp rýmið inni í ökutækinu og alveg næst því úti til að gera hreyfihömluðu fólki kleift að fara inn í ökutækið og út úr því með öryggi. Ekki má nota lýsingu sem líklegt er að hafi áhrif á sjón ökumannsins nema þegar ökutækið er kyrrstætt.

3.11. Ákvæði um hjálparbúnað til inngöngu

3.11.1. Almennar kröfur

- 3.11.1.1. Stjórnæki, sem koma í gang inngangshjálparbúnaði, skulu vera greinilega merkt sem slík. Gefa skal ökumanninum til kynna með gaumljósi ef inngangshjálparbúnaðurinn er útdreginn eða í lækkaðri stöðu.

- 3.11.1.2. Ef öryggisbúnaður bílar skal ekki unnt að nota lyftur, skábrautir og innstigslækkun nema hægt sé að stjórna þeim handvirkt á öruggan hátt. Gerð og staðsetning neyðarstjórnubúnaðar skal greinilega merkt. Ef til afskorts kemur verður að vera unnt að stjórna lyftum og skábrautum handvirkt.
- 3.11.1.3. Aðgangur að einum farþega- eða neyðardyrum á ökutækinu má vera tepptur ef það er vegna inngangshjálparbúnaðar og ef eftirfarandi tvö skilyrði eru uppfyllt bæði inni í ökutækinu og utan þess:
- inngangshjálparbúnaðurinn hindri ekki að hægt sé að komast að handfanginu eða öðrum búnaði sem opnar dyrnar,
 - auðvelt sé að færa inngangshjálparbúnaðinn til að rýma dyrnar ef upp kemur neyðartilfalli.
- 3.11.2. *Innstigslækkun*
- 3.11.2.1. Rofi skal vera í ökutækinu svo að stjórna megi innstigslækkuninni.
- 3.11.2.2. Sérhver stjórnhnappur, sem setur í gang lækkun eða hækkun á einhverjum hluta yfirbyggingarinnar eða á henni allri miðað við yfirborð vegar, verður að vera greinilega auðkenndur og undir beinni stjórn ökumannsins.
- 3.11.2.3. Unnt skal að stöðva lækkun eða hækkun og snúa henni strax við með stjórnhnappi sem er innan seilingar ökumanns ef hann situr í stýrishúsinu og einnig við hlið sérhverra annarra stjórnhnappa sem innstigslækkuninni er stjórnað með.
- 3.11.2.4. Ef einhvers konar innstigslækkun er sett upp í ökutæki skal ekki vera unnt að:
- aka ökutækinu á meira en 5 km hraða á klst. þegar ökutækið er lægra en í venjulegri aksturshæð eða
 - hækka eða lækka ökutækið ef farþegadyrnar opnast ekki eða lokast af einhverjum ástæðum.
- 3.11.3. *Lyfta*
- 3.11.3.1. Almenn ákvæði
- 3.11.3.1.1. Einungis skal unnt að gangsetja lyftur þegar ökutækið er kyrrstætt. Við hækkun pallsins og áður en lækkun er gangsett skal búnaður fara sjálfvirkt í gang sem varnar því að hjólastóllinn renni af.
- 3.11.3.1.2. Lyftupallurinn skal vera a.m.k. 800 mm breiður og 1200 mm langur og skal geta lyft a.m.k. 300 kg byrði.
- 3.11.3.2. Tæknilegar viðbótarkröfur fyrir fjarstýrðar lyftur
- 3.11.3.2.1. Stjórnubúnaðurinn skal hannaður þannig að hann hverfi sjálfkrafa aftur í óvirka stöðu sé hann losaður. Um leið og hann gerir það skal lyftan stöðvast strax og unnt skal að setja af hana af stað þannig að hún færast á annan hvorn veginn.
- 3.11.3.2.2. Öryggisbúnaður (t.d. bakfærslubúnaður) skal vera til verndar fyrir svæði sem notandinn sér ekki og þar sem hreyfing lyftunnar kann að festa eða klemma hluti.
- 3.11.3.2.3. Ef eitt þessara öryggistækja fer í gang skal lyftan stöðvast þegar í stað og byrja að færast í gagnstæða stefnu.
- 3.11.3.3. Stjórnun fjarstýrðra lyftna
- 3.11.3.3.1. Ef lyftan er við farþegadyr sem eru í beinu sjónmáli ökumanns ökutækisins er leyfilegt að ökumaðurinn stjórni lyftunni úr sæti sínu.

- 3.11.3.3.2. Í öllum öðrum tilvikum skulu stjórn tækin vera við hlið lyftunnar. Ökumaðurinn einn skal geta gangsett þau eða tekið þau úr gangi þar sem hann situr í sæti sínu.
- 3.11.3.4. Handstýrð lyfta
- 3.11.3.4.1. Lyftan skal hönnuð á þann hátt að unnt sé að stýra henni með stjórn tækjum við hlið hennar.
- 3.11.3.4.2. Lyftan skal hönnuð þannig að ekki þurfi að beita miklu afli við notkun hennar.
- 3.11.4. *Skábraut*
- 3.11.4.1. Almenn ákvæði
- 3.11.4.1.1. Einungis skal unnt að gangsetja skábrautir þegar ökutækið er kyrrstætt.
- 3.11.4.1.2. Brúnirnar að utanverðu skulu vera rúnnaðar með 2,5 mm lágmarksradíus. Hornin að utanverðu skulu vera rúnnað með 5 mm lágmarksradíus.
- 3.11.4.1.3. Skábrautin skal vera a.m.k. 800 mm á breidd. Hallinn á skábrautinni skal ekki vera meiri en 12% þegar hún er útdregin eða lögð út á 150 mm háa gangstéttarbrún. Nota má innstigslækkun við þessa prófun.
- 3.11.4.1.4. Ef skábraut er lengri en 1200 mm þegar hún er tilbúin til notkunar skal hún vera með búnaði sem varnar því að hjólastóllinn renni út af hliðunum.
- 3.11.4.1.5. Sérhver skábraut skal vera örugg í notkun þó að á henni sé 300 kg byrði
- 3.11.4.2. Vinnumáti
- 3.11.4.2.1. Skábrautina má draga út og inn annaðhvort handvirkt eða sjálfvirkt.
- 3.11.4.3. Tæknilegar viðbótarkröfur fyrir sjálfvirkar skábrautir.
- 3.11.4.3.1. Gul, blikkandi ljós og hljóðmerki skulu gefa til kynna þegar skábrautin er dregin út eða inn. Skábrautirnar skulu þekkjast á greinilegum, auðsjáanlegum rauðum og hvítum viðvörðunarmerkjum með endurskini sem eru á brúnunum utanverðum.
- 3.11.4.3.2. Þegar skábrautin er dregin út lárétt skal hún varin með öryggisbúnaði.
- 3.11.4.3.3. Ef eitt þessara öryggistækja fer í gang skal þegar í stað stöðva hreyfingu skábrautarinnar.
- 3.11.4.3.4. Stöðva skal lárétta hreyfingu skábrautarinnar þegar hún er með 15 kg byrði.
- 3.11.4.4. Stjórnun sjálfvirkra skábrauta.
- 3.11.4.4.1. Ef skábrautin er við farþegadýr sem eru í beinu sjónmáli frá ökumanni ökutækisins er leyfilegt að ökumaðurinn stjórni skábrautinni úr sæti sínu.
- 3.11.4.4.2. Í öllum öðrum tilvikum skulu stjórn tækin vera við hlið skábrautarinnar. Ökumaðurinn einn skal geta gangsett þau eða slökkt á þeim þar sem hann situr í sæti sínu.
- 3.11.4.5. Notkun skábrauta sem stjórnað er handvirkt.
- 3.11.4.5.1. Skábrautin skal hönnuð þannig að ekki þurfi að beita miklu afli við notkun hennar.

VIII. VIÐAUKI

SÉRKRÖFUR FYRIR TVEGGJA HÆÐA ÖKUTÆKI

Í þessum viðauka eru þær kröfur um tveggja hæða ökutæki sem eru ekki samhljóða grunnkröfunum í I. viðauka. Þeir liðir eða undirliðir, sem fara hér á eftir, skulu koma í stað þeirra liða eða undirliða í I. viðauka sem bera sömu númer. Allar aðrar kröfur í I. viðauka skulu gilda um tveggja hæða ökutæki nema annað sé tekið fram hér á eftir. Númeraröð liða hér á eftir er hin sama og í I. viðauka.

7.4.2.1. Þyngd, sem jafngildir Q, (eins og skilgreint er í lið 7.4.3.3.1 í I. viðauka við tilskipun 97/27/EB), skal komið fyrir í hverju farþegasæti á efri hæð. Ef fyrirhugað er að nota ökutækið ásamt starfsmanni sem er ekki í sæti skal koma fyrir, í ganginum á efri hæðinni í 875 mm hæð, þyngdarmiðju 75 kg massa sem svarar til starfsmannsins. Enginn farangur skal vera í farangursrými.

7.5.5. Slökkvitæki og skyndihjálparbúnaður

7.5.5.1. Gera skal ráð fyrir rými til að setja upp tvö slökkvitæki, skal annað þeirra vera nálægt ökumannssætinu og hitt á efri hæðinni. Rýmið skal vera a.m.k. 15 dm³.

7.6. Útgangar

7.6.1. Fjöldi útganga

7.6.1.1. Sérhvert tveggja hæða ökutæki skal vera með tvennar dyr á neðri hæðinni (sjá einnig lið 7.6.2.2). Lágmarksfjöldi farþegadyra, sem krafist er, er sem hér segir:

Fjöldi farþega	Fjöldi farþegadyra á tveggja hæða ökutækjum		
	Undirflokkur I og A	Undirflokkur II	Undirflokkur III og B
9–45	1	1	1
46–70	2	1	1
71–100	3	2	1
> 100	4	3	1

7.6.1.4. Lágmarksfjöldi neyðarútganga skal vera þannig að heildarfjöldi útganga sé sem hér fer á eftir, fjöldi útganga fyrir hvora hæð og hvert og eitt rými er ákveðið sérstaklega. Snyrtirými eða eldhús eru ekki talin vera aðskilin rými þegar skilgreina skal fjölda neyðarútganga. Neyðarlúgur má aðeins telja sem einn af framangreindum neyðarútgöngum.

Fjöldi farþega og starfslíðs sem koma skal fyrir í hverju rými eða á hvorri hæð	Lágmarksheildarfjöldi neyðarútganga
1–8	2
9–16	3
17–30	4
31–45	5
46–60	6
61–75	7
76–90	8
91–110	9
111–130	10
> 130	11

- 7.6.1.11. Neyðarlúgur, sem koma til viðbótar við neyðardyr og glugga, skulu vera í þaki á efri hæð ökutækja í undirflokki II og III. Þær má einnig setja í ökutæki í undirflokki I. Í þessum tilvikum skal lágmarksfjöldi lúgna vera:

Heildarfjöldi farþega á efri hæð (A_e)	Fjöldi lúgna
50 eða færri	1
fleiri en 50	2

- 7.6.1.12. Sérhvert tengistigi skal teljast útgangur frá efri hæðinni.
- 7.6.1.13. Ef neyðarástand verður er brýnt að allir, sem eru á neðri hæðinni, komist út úr ökutækinu án þess að þeir þurfi að fara upp á efri hæðina.
- 7.6.1.14. Gangur á efri hæð skal tengdur við einn eða fleiri tengistiga sem liggja að inngangsrýminu við farþegadyr eða að gangi á neðri hæð í innan við 3 m fjarlægð frá farþegadyrum;
- tveir, eða a.m.k. einn og einn hálfur stigi, skulu vera í ökutækjum í undirflokki I og undirflokki II ef 50 farþegar eða fleiri eru á efri hæð;
 - tveir, eða a.m.k. einn og einn hálfur stigi, skulu vera í ökutækjum í undirflokki III ef 30 farþegar eða fleiri eru á efri hæð.
- 7.6.2. Staðsetning útganga
- 7.6.2.2. Tvennar dyranna, sem getið er um í lið 7.6.1.1, skulu vera hvor á sínum staðnum þannig að fjarlægðin milli lóðréttu þverplananna sem liggur gegnum miðpunkta þeirra sé annaðhvort a.m.k. 25% af heildarlengd ökutækisins eða 40% af heildarlengd farþegarýmrisins á neðri hæð. Þetta á ekki við ef dymnar tvær eru hvorar á sinni hlið ökutækisins. Ef aðrar dyranna eru hluti af tvöföldum dyrum skal þessi fjarlægð mæld milli þeirra tvennra dyra sem lengst eru hvorar frá annarri.
- 7.6.2.3. Útgangur á hvorri hæð skulu staðsettir þannig að fjöldi þeirra á hvorri hlið ökutækisins fyrir sig sé nokkurn veginn sá sami.
- 7.6.2.4. Á efri hæð skal vera a.m.k. einn neyðarútgangur annaðhvort aftan á eða framan á ökutækinu.
- 7.6.4. Tæknilegar kröfur fyrir allar farþegadyr
- 7.6.4.6. Ef bein yfirsýn er ekki fullnægjandi skal setja upp sjóntæki eða annan búnað til að ökumaðurinn geti séð úr sæti sínu farþega, utan við ökutækið, sem eru næst öllum farþegadyrum sem ekki eru sjálfstýrðar farþegadyr. Þegar um er að ræða ökutæki í undirflokki I á þessi krafa einnig við um svæðið innan við allar farþegadyr og svæðið næst sérhverjum tengistiga upp á efri hæð.
- 7.6.7. Tæknilegar kröfur fyrir neyðardyr
- 7.6.7.3. Öll stjórnæki og búnaður til að opna dyr á neðri hæð utan frá skulu vera í 1000 til 1500 mm hæð frá jörðu og ekki vera lengra en 500 mm frá dyrunum. Á ökutækjum í undirflokki I, II og III skulu öll stjórnæki og búnaður til að opna dyr innan frá vera í 1000 til 1500 mm hæð frá efra yfirborði gólfins eða þröpsins sem næst er stjórnækinu og ekki vera lengra en 500 mm frá dyrunum. Þetta gildir ekki um stjórnæki sem eru í ökumannsrýminu.

7.7.5. Gangar (sjá mynd 1)

- 7.7.5.1. Gangar í ökutæki skulu vera hannaðir og byggðir þannig að eftir þeim komist mælíbúnaður sem gerður er úr tveimur samása sívalningum með öfugum keilustúf sem settur er á milli þeirra og málsetning mælíbúnaðarins skal vera eftirfarandi (í mm):

(í mm)

	Undirflokkur I (*)		Undirflokkur II (*)		Undirflokkur III (*)	
	EH	NH	EH	NH	EH	NH
Þvermál neðri sívalnings	450	450	350	350	300	300
Hæð neðri sívalnings	900	1 020 (900/990)	900	1 020 (900/990)	900	1 020 (900/990)
Þvermál efri sívalnings	550	550	550	550	450	450
Hæð efri sívalnings	500	500	500	500	500	500
Hæð samtals	1680	1 800 (1 680/1 770)	1 680	1 800 (1 680/1 770)	1 680	1 800 (1 680/1 770)

(*) Stærðir í svigum eiga eingöngu við um meginhluta svæðisins aftast á neðri hæð og nærri framásnum (sjá lið 7.7.5.10)

Mælíbúnaðurinn má komast í snertingu við hanka úr ólum fyrir standandi farþega, ef um þá er að ræða, og færa þá til eftir því sem hann hreyfist. Þvermál efri sívalningsins má minnka efst niður í 300 mm með því að sníða af og mynda skáa sem myndar ekki stærra en 30 gráðu horn við lárétta flötinn (mynd 1).

- 7.7.5.3. Í liðskiptum hópþreifðum eða langferðabifreiðum skal mælíbúnaðurinn, sem skilgreindur er í lið 7.7.5.1, komast óhindraður í gegnum liðskipta hlutann á hvorri hæðinni sem er þar sem farþegar geta komist í gegn. Enginn hluti mjúku hlífarinnar í þeim hluta skal skaga út í ganginn, ekki heldur belghlutar.

- 7.7.5.10. Minnka má heildarhæð mælíbúnaðarins í lið 7.7.5.1:

- sem nemur 1800 mm til 1680 mm hvar sem er í ganginum á neðri hæðinni aftan við lóðrétt þverplan sem er 1500 mm framan við miðju afturássins (fremsta afturássins ef um er að ræða ökutæki með fleiri en einum afturási) og
- sem nemur 1800 mm til 1770 mm ef um er að ræða farþegadyr sem eru fyrir framan framás hvar sem er í ganginum milli tveggja lóðréttra þverplana sem eru 800 mm framan og aftan við miðlínu framássins.

7.7.7. Þrep

- 7.7.7.1. Hámark 850 mm ef um er að ræða neyðardyr á neðri hæð og hámark 1500 mm ef um er að ræða neyðardyr á efri hæð.

7.7.8.6. Fríhæð fyrir ofan sæti

- 7.7.8.6.1. Yfir sérhverju sæti skal vera fríhæð sem nemur a.m.k. 900 mm þegar mælt er frá hæsta punkti óbældrar setu. Fríhæðin skal ná yfir alla lóðrétta vörpun svæðisins þar sem sætið er og tilheyrandi fótarmí. Á efri hæð nægir að þessi fríhæð sé 850 mm.

7.7.12. Tengistigi (sjá mynd 1 í III. viðauka)

- 7.7.12.1. Lágmarksbreidd sérhvers tengistiga skal vera þannig að aðgangsmátið fyrir einfaldar dyr, eins og skilgreint er á mynd 1 í III. viðauka, komist þar auðveldlega í gegn. Byrja skal í ganginum á neðri hæð og færa plötuna að síðasta þrepinu í þá stefnu sem líklegt er að sá sem notar stígann muni fara.


- 7.7.12.2. Tengistigar skulu hannaðir með þeim hætti að engin hætta sé á að farþegar kastist niður tröppurnar ef snarhemað er meðan ökutækið er á ferð.
Þessi krafa telst vera uppfyllt ef a.m.k. einu af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
- 7.7.12.2.1. engum hluta stigans hallar fram;
- 7.7.12.2.2. hlífar eða svipaður búnaður er við stigan;
- 7.7.12.2.3. sjálfvirkur búnaður er í efri hluta stigans sem hindrar að stigin sé notaður þegar ökutækið er á hreyfingu. Þennan búnað skal vera auðvelt að nota í neyðartilfalli.
- 7.7.12.3. Sannreynt skal, með því að nota sívalninginn í lið 7.7.5.1, að aðgengi úr ganginum (efri og neðri) og að stiganum sé fullnægjandi.
- 7.11. *Handslár og handföng*
- 7.11.5. Handslár og handföng fyrir tengistiga
- 7.11.5.1. Setja skal heppilegar handslár og handföng báðum megin við alla tengistiga. Þau skulu vera 800 til 1100 mm yfir brúninni á hverju þrepi.
- 7.11.5.2. Handslár og/eða handföng, sem setja skal á farþegadyr, skulu þannig úr garði gerð að sá, sem stendur annaðhvort á neðri eða efri hæð næst tengiþrepunum í einhverri tröppunni, geti ávallt gripið í þau á tilteknum stað. Þessir grippunktur skulu vera 800 til 1100 mm lóðrétt yfir neðri hæðinni eða hver og einn yfir hverju þrepanna og
- 7.11.5.2.1. ekki yfir 400 mm innan við ytri brún fyrsta þrepsins fyrir þá stöðu sem er heppilegust fyrir farþegann sem stendur á neðri hæð og
- 7.11.5.2.2. ekki yfir 600 mm innan við sömu brún og ekki utar en ytri brún viðkomandi þreps fyrir þá stöðu sem er hentugust í tilteknu þrepi.
- 7.14. *Hlífar við stigaganga og óvarin sæti*
- 7.14.2. Við tengistigaganginn á efri hæð í ökutæki á tveimur hæðum skal vera varnargrind sem lokar af og er a.m.k. 800 mm á hæð þegar mælt er frá gólfi. Neðri brún grindarinnar skal ekki vera meira en sem nemur 100 mm frá gólfi.
- 7.14.3. Yfir framrúðunni sem er fyrir framan farþega sem eru í framsætunum á efri hæð skal vera bólstruð grind. Efri brún þessarar grindar skal vera staðsett lóðrétt á bilinu 800 mm til 900 mm yfir gólfinu þar sem farþegar hafa fætur sína.
- 7.14.4. Uppstig sérhvers þreps í stiganum skal vera lokað.
-

Viðbætur

Mynd 1

Gangar

(sjá lið 7.7.5 í VIII. viðauka)



	B (mm)	C (mm)	D (mm)	E (mm) ⁽¹⁾	F (mm) ⁽¹⁾
Undirflokkur I	550	450	500	1 800 (1 680/1 770)	1 020 (900/990)
Undirflokkur II	550	350	500	1 800 (1 680/1770)	1 020 (900/990)
Undirflokkur III	450	300 (220 ef um er að ræða sæti sem hægt er að færa til hliðar)	500	1 800 (1 680/1 770)	1 020 (900/990)

⁽¹⁾ Mál í svigum eiga eingöngu við um efri hæð og/eða eingöngu aftasta hluta neðri hæðar og/eða eingöngu neðri hæð nærri framásnum (sjá lið 7.7.5.10).

*IX. VIÐAUKI***EB-GERÐARVIÐURKENNING FYRIR ADSKILDA TÆKNIEININGU OG EB-GERÐARVIÐURKENNING ÖKUTÆKIS MEÐ YFIRBYGGINGU SEM ÞEGAR HEFUR VERIÐ VIÐURKENND SEM ADSKILIN TÆKNIEINING**

1. **Gerðarviðurkenning aðskilinnar tæknieiningar**
 - 1.1. Til að fá veitta gerðarviðurkenningu, samkvæmt þessari tilskipun, fyrir aðskilda tæknieiningu fyrir yfirbyggingu ökutækis skal framleiðandinn sýna viðurkenningaryfirvaldinu fram á það á fullnægjandi hátt að hann uppfylli þau skilyrði sem hann hefur gefið upp. Önnur skilyrði í þessari tilskipun skulu uppfyllt og sannreynt að svo sé skv. 2. lið.
 - 1.2. Veita má viðurkenningu sem er háð því að fullbúið ökutæki uppfylli tiltekin skilyrði (t.d. varðandi eiginleika undirvagns sem við á, takmarkanir á notkun eða uppsetningu) og skulu þessi skilyrði tilgreind á viðurkenningarvottorði.
 - 1.3. Tilkynna skal kaupanda yfirbyggingar ökutækisins um slík skilyrði á viðeigandi hátt eða þeim sem tekur við á næsta byggingarstigi ökutækisins.
 2. **EB-gerðarviðurkenning fyrir ökutæki með yfirbyggingu sem þegar hefur verið viðurkennd sem aðskilin tæknieining**
 - 2.1. Til þess að fá veitta EB-gerðarviðurkenningu samkvæmt þessari tilskipun fyrir ökutæki sem er með yfirbyggingu sem þegar hefur fengið viðurkenningu sem aðskilin tæknieining skal framleiðandinn sýna viðurkenningaryfirvaldinu fram á með fullnægjandi hætti að uppfylltar séu kröfur þessarar tilskipunar sem höfðu ekki þegar verið uppfylltar skv. 1. lið og líta skal svo á að fyrri gerðarviðurkenningar séu gerðarviðurkenningar fyrir ófullbúin ökutæki.
 - 2.2. Hver sú krafa, sem sett er fram skv. lið 1.2, skal uppfyllt.
-